

skoðun 22

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Farsíma & Internetþjónusta




## Skór með sögu
*Hátt í tvö hundruð skópör úr ýmsum áttum verða til sýnis í Borgarnesi um helgina.*
**allt 3**




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
17. mars 2011
63. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**STUÐLABERG Í AUSTURSTRÆTI** Uppbygging á brunareitnum svokallaða við Lækjartorg gengur vel, en áætlað er að framkvæmdum ljúki í maí. Stigahús sem tengir byggingarnar hefur verið klætt með íslensku stuðlabergi. Fremst á myndinni er Austurstræti 22 sem var byggt 1802, en á baklóðinni er verið að endurbyggja Nýja bíó, sem var byggt árið 1920, í Jugend-stíl, en brann árið 1998.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



### Samstaða skiptir máli
*Hulda Bjarnadóttir er nýr framkvæmdastjóri FKA.*
**tímamót 30**

### Í miklum metum
*Arnaldur Indriðason þykir einn af tíu bestu spennusagnahöfundum Evrópu í dag.*
**fólk 54**



### Fjörið byrjar í kvöld
*Úrslitakeppninnar í körfuboltanum er beðið með mikilli eftirvæntingu.*
**sport 48**

### veðrið í dag




**ÉLJAGANGUR** Suðvestan 5-10 m/s í dag með éljum S- og V- til en úrkomulítið NA-lands. Frost 0-8 stig.

**VEÐUR 4**

# Stuðlað að nýliðun með leigukvótaþingi

**Auðvelda á nýliðun og styrkja byggðir með breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Kvótaleigumarkaður verður settur á laggirnar. Kvótahafar munu áfram fá hlutdeild í heildarafla. Aukin skattheimta á útgerðina er ekki á döfinni.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Notast verður við blandaða leið aflahlutdeildarkerfis og svokallaðs pottakerfis við stjórn fiskveiða, samkvæmt áformum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Í pottum verður tiltekið hlutfall heildaraflamarksins og þeir tengdir byggðarlögum. Í gegnum þá er ætlunin að koma á fót virkum kvótaleigumarkaði sem á að stuðla að nýliðun í sjávarútvegi.

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að frumvarpi til breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Sex þingmenn stjórnarflokkanna hafa komið að verkinu. Stefnt var að því að frumvarpið yrði tilbúið fyrir síðustu mánaðamót en vinnan hefur dregist. Útlínur liggja fyrir en enn á eftir að ganga frá nokkrum þáttum.

Við upphaf kerfisbreytinga verður heildaraflamarki skipt á milli núverandi kvótahafa og potta. Hlutdeild potta í heildaraflamarkinu á svo að vaxa í þrepum á tilteknum árafjölda á kostnað hlutdeildar kvótahafa. Hlutdeildir og árafjöldi hafa ekki verið ákveðin en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru helstar líkur á að upphafshlutdeild potta verði á bilinu átta til tíu prósent og vaxi í fimmtán prósent á tíu til fimmtán árum.

Með þessu er vonast til að hægt verði að sætta sjónarmið kvótahafa og þeirra sem vilja innkalla allar aflaheimildir.

Um átta prósent heildaraflans standa nú þegar utan aflamarkskerfisins. Er þar um að ræða byggðakvóta, ívilnanir, strandveiðar og fleira.

Breytingar á kerfinu taka nú aðeins til botnfisks en ekki uppsjávartegunda.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður framsal aflaheimilda takmarkað mjög frá því sem nú er. Ætlunin er að það fari fram með gagnsæjum hætti með opinberri umsjón. Gildandi kerfi hefur lengi verið þyrnir í augum margra og hafa útgerðarmenn lýst sig reiðubúna til viðræðna um breytingar.

Ekki eru uppi áform um að hækka auðlindagjald á útgerðina enda talið að aukin skattheimta dragi úr svigrúmi greinarinnar til fjárfestinga.

**- bþs**

### Farið að tillögum

Við frumvarpsgerðina hefur mjög verið horft til meginsjónarmiða meirihluta átján manna starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.

Íþróttaálfurinn á kínversku:

## Latibær í fyrsta sinn til Kína

**FÓLK** Latibær undirritar á næstunni samning við kínversku sjónvarpsstöðina CCTV sem ætlar að sýna þættina á barnastöð sinni.

„Það verður gaman að sjá íþróttaálfinn á kínversku,“ segir Magnús Scheving, höfundur Latabæjar. Sjaldgæft er að erlent barnaefni fái aðgang að kínversku sjónvarpi og er þetta því mikill heiður fyrir Latabæ. Tækifærið kom eftir að Latibær tók þátt í heimssýningunni í Sjanghæ í fyrra.

**- fb /** **sjá síðu 54**


Vorsprengja
25% AFSLÁTTUR
af öllum vörum
NEMA 15% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM
Gildir til sunnudags
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

MEIRA MAGN BETRA VERÐ
500g
www.ostahusid.is
PEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta HÚSIÐ STOFNAÐ 1992
Pizza toppur
Rífandi góður á:
Pizzuna
Ofnréttinn
Pastaréttinn






## SPURNING DAGSINS



*Haraldur, er Angist kynblendingur?*

Nei, við erum algjörlega hreinræktuð.

Haraldur Ingi Shoshan er bassaleikari dauðarokksveitarinnar Angistar, en af fjórum meðlimum eru tvær stúlkur.

Fjölþjóðleg rannsókn á kynferðisofbeldi gegn börnum leiddi til handtöku hér á landi:

# Íslendingur kærður fyrir vörslu barnaníðs

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur karlmaður um þrítugt hefur verið ákærður fyrir vörslu á myndefni með kynferðisofbeldi gagnvart börnum. Upp komst um manninn í fjölþjóðlegri lögreglurannsókn sem Europol greindi frá í gær.

Alls voru 184 handteknir og 230 börnum var bjargað í þriggja ára aðgerð þar sem lögregla í 13 löndum tók þátt. 670 einstaklingar eru grunaðir um aðild að málinu.

Rannsóknin gekk undir nafninu Operation Rescue og er ein sú umsvifamesta af þessari gerð sem gerð hefur verið. Aldrei hefur jafn mörgum börnum verið komið til bjargar í slíkri aðgerð og þeim gæti enn fjölgað á næstunni.

Íslendingurinn var handtekinn í sumar eftir að kynferðisbrotadeild lögreglu bárust gögn um málið.

Rannsóknin beindist að hollenskri spjallsíðu sem hafði allt að 70.000 notendur, en IP-tala mannsins var rekin hingað til lands.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að umræddur maður, sem hlaut dóm árið 2006 fyrir vörslu myndefnis með barnaníði, hafi játað að hafa tekið þátt í umræðum á spjallsíðunni, en neitað að eiga myndefni með barnaníði. Í framhaldinu fundust þó fimm myndskeið með barnaníði í tölvugögnum mannsins.

Rannsókn hér á landi er lokið og er málið til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara.

Fjölmörg tengd mál eru enn til rannsóknar víða um heim og margir bíða réttarhalda, að því er segir á vef Europol. - þj



**NÍÐINGAR Á NETINU** Fjölþjóðleg rannsókn á barnaníði leiddi til þess að 184 voru handteknir, þar af einn á Íslandi. MYND/EUROPOL

Sýslumenn hafa nóg að gera:

## 140 hafa kosið utan kjörfundar

**ICESAVE Síðdegis í gær höfðu 140 manns greitt atkvæði utan kjörfundar um Icesave-málið á sýsluskrifstofum landsins. Af þeim voru 73 í Reykjavík. Utankjörfundur hófst í gærmorgun.**

**Í utankjörfundaratkvæðagreiðslu um Icesave-málið fyrir ári kusu ellefu í Reykjavík á fyrsta degi. Tölurnar eru hins vegar illsambærilegar því þá hófst utankjörfundur mun fyrr, eða fimm vikum fyrir kjördag.**

**Í fyrra, á miðvikudeginum jafnlöngu fyrir kosningar og í gær, greiddu 112 atkvæði utan kjörfundar í Reykjavík, og höfðu í lok þess dags alls 296 greitt þar atkvæði. - sh**

Breiðavíkurdrengir fá bréf:

## Þolendum sent sáttaboð í dag

**SAMFÉLAGSMÁL** Sýslumaðurinn á Siglufirði mun í dag senda sjötíu fyrrverandi vistmönnum Breiðavíkur tilboð um að málum þeirra verði lokið með greiðslu bóta. Verður þeim tilkynnt hve háum bótum þeir eru taldir eiga rétt á.

Matinu mun vera skipt upp í punkta, þar sem hver punktur táknar 60 þúsund krónur. Mest getur ofbeldið sem menn urðu fyrir verið metið til 100 punkta, sem svara þá til sex milljóna. Matið byggir á framburði þeirra fyrir nefndinni sem rannsakaði ofbeldið. Bæturnar verða greiddar út þann 1. apríl. Þó geta vistmenn hafnað boðinu og leitað réttar síns séu þeir óánægðir. - vg

## SKIPULAGSMÁL

**Vilja flugvöll á Langanesi**

Á aðalskipulagi sem sveitarstjórn Langanesbyggðar hyggst samþykkja á morgun er gert ráð fyrir alþjóðaflugvelli á Langanesi, sem yrði sá næststærsti á Íslandi. Þetta yrði gert í tengslum við mögulega stórskipahöfn.

# Undirbjó Japansferð í tvö ár en kemst hvergi

**Alþjóðasamtökin AFS hafa frestað öllum skiptinemaferðum til Japans næsta hálfa árið. Tveir Íslendingar voru á leið til landsins í árslangt skiptinám í næstu viku. Allt gert til að tryggja öryggi nemenda, segir framkvæmdastjóri AFS.**

**FÓLK** „Mig langar mjög mikið að fara núna. Ég hef verið að búa mig undir þessa ferð í tæplega tvö ár,“ segir Stefán Þór Þorgeirsson, nemi við Menntaskólann í Reykjavík. „Ég er að læra japanska stafrófið og ætlaði að læra tungumálið úti. Svo er ég búinn að lesa mér mikið til um siði og venjur í Japan og hvernig á að haga sér í þessari menningu.“

Forsvarsmenn alþjóðlegu skiptinemasamtakanna AFS hafa tekið fyrir allar skiptinemaferðir til Japan næsta hálfa árið vegna ástandsins í landinu. Stefán Þór á pantað flug til Tókýó á þriðjudaginn næstkomandi, ásamt öðrum íslenskum pilti sem einnig átti að fara í skiptinám til landsins í ellefu mánuði. Dvöl þeirra verður því líklega stytt niður í eina önn. Stefán fer á fund AFS á Íslandi í dag til þess að ræða framhaldið.

Upphaflega átti Stefán að læra japönsku í menntaskóla í borginni Sapporo á Hokkaido-eyju, sem liggur norðan við hamfarasvæðið. Hann segist vera staðráðinn í því að reyna að komast til Japan.

„Ég mun skoða alla möguleika á því að vera í heilt ár, jafnvel þó að ég þurfi að fresta förinni út,“ segir hann. Gangi það ekki eftir, í ljósi ákvörðunar AFS, segist Stefán frekar munu leita til annarra landa í skiptinám og vera þar alla ellefu mánuðina, í stað þess að stytta dvölina erlendis um hálft ár.

Snorri Gissurarson, framkvæmdastjóri AFS á Íslandi, segir ákvörðunina hafa verið tekna í kjölfar áhættugreiningar sem var gerð í New York vegna hamfaranna í Japan.



**STEFÁN ÞÓR ÞORGEIRSSON** Stefán hefur undirbúið Japansför sína í tæp tvö ár, en nú hefur AFS tekið fyrir allar skiptinemaferðir til landsins næsta hálfa árið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég er að læra japanska stafrófið og ætlaði að læra tungumálið úti. Svo er ég búinn lesa mér mikið til um siði og venjur í Japan og hvernig á að haga sér í þessari menningu.
>
> **STEFÁN ÞÓR ÞORGEIRSSON**
> NEMI VIÐ MENNTASKÓLANN Í REYKJAVÍK

„Það er allur forgangur á öryggi nemendanna. Samtökin eru mjög meðvituð um að við erum að sjá um fólk en ekki vörur,“ segir Snorri. „Ákvörðunin er nemendanna, hvort þeir vilja halda sig við Japan eða fá eitthvað annað land.“

Þeir skiptinemar sem áttu að fara til Japans munu fá allan þann kostnað endurgreiddan, óski þeir eftir því að hætta við skiptidvöl alfarið. Hins vegar er líklegt að flestir muni heimsækja önnur lönd í staðinn.

27 nemendur frá AFS voru í Japan þegar jarðskjálftinn reið yfir. Allir nemendur, fósturforeldrar og foreldrar Japana sem voru úti í heimi sluppu heilir frá hörmungunum. Snorri segir að innan tveggja sólarhringa hafi náðst samband við alla.

sunna@frettabladid.is

HÍ útbúi hlutlausa kynningu:

## Icesave-bækling á hvert heimili

**ALÞINGI** Þingmenn allra flokka vilja að útbúið verði hlutlaust og aðgengilegt kynningarefni um Icesave-samningana fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna 9. apríl og það sent öllum heimilum.

Formenn þingflokka standa að þingsályktunartillögu þess efnis.Í henni er lagt fyrir innanríkisráðherra að fela Lagastofnun Háskóla Íslands að útbúa kynningarefnið.

Sá háttur var hafður á fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna í fyrra. - bþs

Ung kona fannst í bíl:

## Fannst slösuð og rænulaus

**LÖGREGLUMÁL Ung kona fannst meðvitundarlaus og með alvarlega höfuðáverka í bíl við Einholt 27. febrúar síðastliðinn. Konan man ekki hvað gerðist og er talið að höfuðáverkarnir hafi valdið minnisleysinu.**

**Fram kom í fréttum RÚV í gær að konan hafi farið úr samkvæmi í Nóatúni um þrjúleytið nóttina áður og ætlað að ganga niður í miðbæ. Þangað hafi hún aldrei komist heldur fundist alblóðug og meðvitundarlaus í aftursæti bíls þegar eigandinn kom út snemma morguns. Hann hafði skilið bíl sinn eftir ólæstan.**

**Konan var flutt á slysadeild með sprungur í höfuðkúpu, brotna augnbotna og heilablæðingu. - sh**

## HAFNARFJÖRÐUR

**Tónlistarnám hækkar 20%**

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa samþykkt að gjaldskrá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hækki um 20 prósent. Sem dæmi þá hækkar vetrargjald fyrir grunnnám á eitt hljóðfæri úr 70.000 í 84.000 krónur.






Sex efstir og jafnir þegar MP Reykjavíkurskákmóti lauk í gær:

# Yuriy Kuzubov fékk flest stig

**SKÁK** Sex skákmenn voru efstir og jafnir með sjö vinninga úr níu umferðum þegar MP Reykjavíkurskákmótinu lauk í gærkvöldi. Það voru þeir Yuriy Kuzubov, Ilya Nyzhnik og Vladmir Baklan frá Úkraínu, Pólverjinn Kamil Miton, Bosníumaðurinn Ivan Sokolov og Norðmaðurinn Jan Ludvig Hammer.

Kuzobov varð stigahæstur keppenda á mótinu, Hammer varð Norðurlandameistari karla í skák og hin sænska Christin Andersson varð Norðurlandameistari kvenna.

Efstur Íslendinga á mótinu varð Hannes Hlífar Stefánsson, sem lenti í 7. til 17. sæti, hálfum vinningi á eftir efstu mönnum, en hann hefur sigrað á þessu móti síðustu þrjú ár.

Bragi Þorfinnsson og Guðmundur Gíslason voru báðir með sex vinninga. - þj




**SKÁKMEISTARAR** Yuriy Kuzubov, Jan Ludvig Hammer, og Christin Andersson ásamt Degi B. Eggertssyni, formanni borgarráðs, og Gunnari Björnssyni, forseta Skáksambands Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# 6

**Nr. 6: Ráða sérstakan umboðsmann fyrirtækja**

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

# Umboðsmaður fyrirtækja hefur tekið til starfa



*Hlutverk umboðsmanns fyrirtækja er að skoða ágreiningsmál viðskiptavina bankans af hlutleysi.*

*Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

**Landsbankinn hefur ráðið** umboðsmann fyrirtækja sem heyrir beint undir skrifstofu bankastjóra og mun starfa náið með umboðsmanni viðskiptavina. Hann mun gegna sama hlutverki gagnvart fyrirtækjum og umboðsmaður viðskiptavina gagnvart einstaklingum sem eru í viðskiptum við Landsbankann.

## Fulltrúi viðskiptavina

Landsbankinn leggur áherslu á að sinna vel þeim viðskiptavinum sem telja á sig hallað í viðskiptum við bankann. Viðskiptavinir sem telja sig ekki hafa fengið sanngjarna úrlausn sinna mála, geta leitað til umboðsmanna bankans og hlutverk þeirra er að skoða mál sem þeim berast af hlutleysi og leita úrlausna af sanngirni.



*Eggert Ágúst Sverrisson umboðsmaður viðskiptavina og Hildur Friðleifsdóttir umboðsmaður fyrirtækja.*

## Sjötta loforðið

Við kynntum nýverið þær aðgerðir sem við ætlum að ráðast í á fyrstu sex mánuðum ársins til samræmis við stefnu bankans og framtíðarsýn. Ráðning umboðsmanns fyrirtækja var eitt af þeim atriðum sem sett voru fram á aðgerðalista bankans og með ráðningunni höfum við efnt sjötta loforðið á þeim lista.

**370**
**mál hjá umboðsmanni viðskiptavina 2010**

Við ætlum að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og gott siðferði. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

## GENGIÐ 16.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,49 | 116,05 |
| Sterlingspund | 185,53 | 186,43 |
| Evra | 160,87 | 161,77 |
| Dönsk króna | 21,565 | 21,691 |
| Norsk króna | 20,332 | 20,452 |
| Sænsk króna | 17,929 | 18,035 |
| Japanskt jen | 1,4308 | 1,4392 |
| SDR | 182,11 | 183,19 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,1298

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarstarfsmenn of fljótir á sér að setja upp skilti með breyttum hámarkshraða:

# Plast breitt yfir ótímabær hraðaskilti

**UMFERÐARMÁL** Skilti um hámarkshraða sem sett voru upp fyrr í vetur við nokkrar götur eru enn hulin með plasti. Að sögn Stefáns Finnssonar, yfirverkfræðings hjá umhverfis- og samgöngusviði, er ástæðan sú að formleg skilyrði fyrir breyttum hámarkshraða hafa ekki verið uppfyllt.

Verið er að lækka hámarkshraðann í viðkomandi safngötum í íbúðarhverfum úr 50 kílómetrum á klukkustund í 30 kílómetra líkt og þróunin hefur verið í borginni síðustu tíu árin. Breitt hefur verið plast yfir skiltin því formlegu auglýsingaferli í samráði við lögreglu er ekki lokið.

„Þetta hefur nú venjulega verið þannig að skiltin hafa verið sett upp þegar búið er að auglýsa en nú gerðu menn þetta þannig að setja upp skiltin og breiða yfir þau. Það hefur vakið svolitla athygli,“ segir Stefán, sem kveðst ekki vita hvenær áðurnefndu ferli ljúki svo hægt verði að afhjúpa skiltin. „Vonandi verður það fljótlega,“ segir hann. - gar



**SKILTI Í BIÐSTÖÐU** Merki um að ekki gildi lengur 30 kílómetra hámarkshraði hefur verið sett upp á mótum Óslands og Bústaðavegar en hámarkshraðinn í Óslandi er þó enn 50 kílómetrar á klukkustund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUNNAR I. BIRGISSON** Ekki erlendis á vegum einkaaðila.

Sagði fyrirspurn fljótsvarað:

## Þáði engar utanlandsferðir

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þessari fyrirspurn er fljótsvarað,“ segir í svari Gunnars I. Birgissonar. bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks í Kópavogi, við fyrirspurn Guðnýjar Dóru Gestsdóttur, bæjarfulltrúa VG.

Guðný spurði um hve margar ferðir Gunnar hefði farið til útlanda í boði einstaklinga eða fyrirtækja þegar hann var formaður bæjarráðs og bæjarstjóri.

„Gunnar Ingi Birgisson þáði engar ferðir erlendis á þeim tíma, sem spurt var um, hvorki viðskipta-, fótbolta- né sumarleyfisferðir,“ svaraði Gunnar. - gar

Ný verðkönnun ASÍ:

## Bónus áfram með lægsta verð

**NEYTENDUR** Bónus var oftast með lægsta verðið þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í fjórum lágvöruverðsverslunum og fjórum stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu. Hæsta verðið var oftast að finna í Samkaupum-Úrvali. Könnunin var gerð á mánudaginn síðastliðinn.

Af þeim 78 vörutegundum sem skoðaðar voru var Samkaup-Úrval með hæsta verðið í 38 tilvikum, Nóatún í 26 tilvikum og Hagkaup í 18 tilvikum. Hjá Bónus var verðið lægst á 31 vörutegund af þeim 78 sem skoðaðar voru. Kostur var með lægsta verðið í 20 tilvikum. - sv

# Fékk þriggja ára dóm fyrir árás í Laugardal

**Maður fundinn sekur um að misþyrma unglingsstúlku í Laugardal um miðjan dag. Játaði en dró játninguna síðan til baka. Einn dómari skilaði sératkvæði.**

**DÓMSMÁL** Óðinn Freyr Valgeirsson, 23 ára, var í gær dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir hrottafengna árás á unga stúlku í Laugardalnum í október síðastliðnum.

Stúlkan var fimmtán ára þegar ráðist var á hana um miðjan dag á göngustíg í Laugardalnum. Hún bar að maður hefði slegið sig í hnakkann með barefli, gengið áfram í skrokk á sér og tekið sig hálstaki svo hún missti nánast meðvitund.

Óðinn Freyr var handtekinn mánuði síðar grunaður um aðild að málinu. Fyrir lágu skýrslur systur Óðins og kærasta hennar þess efnis að Óðinn hefði viðurkennt fyrir þeim verknaðinn.

Í fyrstu neitaði hann alfarið sök en nokkru síðar bað hann um áheyrn lögreglumanna og vildi játa. Hann kvaðst lítið muna eftir atvikinu sökum neyslu en vissi þó að hann hefði ráðist á stúlkuna.

Játningin var í ýmsum atriðum á skjön við framburð stúlkunnar, til dæmis stemmdi hárlitur Óðins ekki við þann hárlit sem stúlkan þóttist sjá á árásarmanninum, staðsetning árásarinnar var mjög á reiki, Óðinn taldi árásina hafa átt sér stað um kvöld og sagðist auk þess halda að hann hefði komið framan að henni, þegar reyndin er sú að stúlkan var lamin aftan frá. Á hinn bóginn mátu lögreglumenn það svo að hann hefði getað greint frá ýmsu sem ekki hefði verið á almannavitorði.

Daginn eftir kvaðst Óðinn síðan vilja draga játninguna til baka. Hann hefði einungis játað til að freista þess að komast heim fyrir afmælisdaginn sinn. Það litla sem hann vissi um málsatvik hefði hann fengið vitneskju um í fjölmiðlum og þegar lögreglumenn kynntu honum málið.



**ÚR LAUGARDAL** Maðurinn öskraði á stúlkuna „Þú skuldar! Þú skuldar!“ í barsmíðunum miðjum. Hún segist aldrei hafa skuldað neinum neitt að ráði. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Niðurstaða dómsins er sú að þótt Óðni og stúlkunni beri ekki saman um allt geti framburður hennar ekki talist nákvæmur, enda hafi verið komið aftan að henni og hún síðan nánast misst meðvitund. Hins vegar geti framburður Óðins um hæð stúlkunnar, hárlit og -sídd varla geta stafað af öðru en að hann hafi sannarlega verið á vettvangi.

Óðinn, sem á nokkurn sakaferil að baki, er því dæmdur í þriggja ára fangelsi og til að greiða stúlkunni eina milljón í bætur. Hún hefur átt erfitt með að ná sér eftir árásina, getur illa sofið eða einbeitt sér, forðast félagslíf og læsir herbergi sínu með keðju. Eftir dómsuppkvaðninguna

Einn dómaranna þriggja, Arngrímur Ísberg, skilaði sératkvæði og vildi sýkna Óðin. Í ljósi þess sem að framan segir taldi hann verulegan vafa leika á að játningin hefði verið rétt. stigur@frettabladid.is

### Lögregla klúðraði skýrslutöku

Ekki reyndist unnt að byggja niðurstöðu dómsins að neinu leyti á framburði systur Óðins, sem í skýrslutöku hjá lögreglu sagði að Óðinn hefði játað fyrir sér verknaðinn. Í síðari skýrslutökunni fórst fyrir að segja systurinni að henni bæri ekki skylda til að tjá sig um málefni skyldmennis síns, og í fyrri skýrslutökunni var það ekki gert með fullnægjandi hætti.

Bakarí fær ofanígjöf:

## Þjófamynd birt án lagastoðar

**LÖGREGLUMÁL** Persónuvernd segir að Bæjarbakarí Hafnarfjarðar hafa brotið lög með því að birta á Youtube myndband úr öryggismyndavél sem sýndi meintan þjófnað tíu ára drengs á farsíma.

Á myndbandinu sást hvernig faðir drengsins virðist fá hann til að taka símann af borði í bakaríinu. Í skýringum Bæjarbakarísins kom fram að rekstrarstjóri þess setti myndbandið á netið í þeirri von að hafa upp á símaþjófinum. Rekstrarstjórinn hafi ekki vitað að það væri ekki heimilt og fjarlægt myndbandið tveimur klukkustundum síðar eftir ábendingu frá umboðsmanni barna. - gar



**ROBERT OG VINCENT TCHENGUIZ**

Kaupþing tapar í London:

## Tchenguizar fá að sækja áfram

**DÓMSMÁL** Dómstóll í Bretlandi fellst ekki á frávísunarkröfu þrotabús Kaupþings í máli sem Tchenguiz-bræður hafa höfðað gegn því. Úrskurður þar að lútandi var kveðinn upp í gær og heldur málareksturinn því áfram.

Sjóður í eigu Tchenguiz-bræðra gerði kröfu í þrotabú bankans í London sem var hafnað og höfðaði vegna þess mál. Kaupþing fór fram á frávísun, meðal annars vegna þess að málarekstur vegna sambærilegra krafna stæði þegar yfir fyrir íslenskum dómstólum og þar ætti málið heima. - sh


SIEMENS

Tækifæri

Kæli- og frystiskápar



KG 24VV00

Tækifærisverð:

99.900 kr. stgr.

H x b x d = 156 x 55 x 60 sm.

KD 24VN00

Tækifærisverð:

89.900 kr. stgr.

H x b x d = 141 x 55 x 60 sm.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is

ATARNA


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**FREMUR RÓLEGT**

veður í dag og á morgun, suðvestan- eða vestanátt með éljum í allflestum landshlutum en úrkomulítið norðaustan til í dag og suðaustanlands á morgun. Kalt í veðri en útlit fyrir hlýnandi veður á laugardag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 14° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 17° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | -2° |
| París | 11° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*




## 20% AFSLÁTTUR AF CHANEL DAGANA 17. - 23. MARS

Verið velkomin í Hagkaup Garðabæ, Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni og Smáralind þar sem sérfræðingar Chanel taka vel á móti ykkur og veita faglega ráðgjöf.

Kynntu þér meðal annars:

- **Rouge Coco varalitinn** þægilegur og rakagefandi í allt að 8 klukkustundir. Með Rouge Coco halda varirnar mýkt sinni og þéttleika allan daginn.
- **Maskarann Inimitable Intense** sem inniheldur einstaka formúlu sem gefur augnahárunum næringu og glansandi áferð. Hann þéttir, lengir og brettir augnahárin.
- **Hydramax+ Active kremlínuna** sem hjálpar þér að fríska upp og viðhalda heilbrigði húðarinnar. Hydramax gefur húðinni allt frá 70% - 100% aukinn raka og ver hana gagnvart eiturefnum í umhverfinu.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Teflir þú?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 32,1% |
| NEI | 67,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú búin/búinn að skila skattframtalinu þínu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Hreyfing þarf að komast á mál eigi samningar að nást í næstu viku:

# Vilja að ríkisstjórnin skuldbindi sig

**VINNUMARKAÐUR** Forystumenn Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins áttu fund með sjö ráðherrum, þar á meðal forsætis- og fjármálaráðherra, í gærmorgun. Þar var farið yfir atriði sem snúa að stjórnvöldum í kjaraviðræðum.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir á vef sambandsins að mörg þeirra mála sem að ríkinu snúi séu í góðum farvegi, deilt sé um útfærslur og fjármögnun. Stóri ásteytingarsteinninn sé grundvöllur efnahagsstefnunnar, bæði forsendur gengisþróunar, hagvöxtur og atvinnumál. ASÍ vill að ríkisstjórnin skuldbindi sig til að standa fyrir ákveðinni innspýtingu í hagkerfið á næstu þremur árum. Gylfi segir að áhersla hafi verið lögð á það á fundinum í gærmorgun að tíminn yrði brátt á þrotum, ætti að klára samninga fyrir næstu útborgun launa. „Málin verða að komast fyrir alvöru á hreyfingu þannig að þau klárist í næstu viku.“

Í pistli Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra SA, á þriðjudag segir hann ljóst að niðurstöður fáist ekki í viðræðum SA og ASÍ um launabreytingar í væntanlegum samningum fyrr en skýrist hvað ríkisstjórnin sé tilbúin til að leggja af mörkum til að skapa þær aðstæður að hægt verði að gera kjarasamninga til þriggja ára. - óká



**AÐ FUNDI LOKNUM** Vilhjálmur Egilsson, Vilmundur Jósefsson og Grímur Sæmundsen, koma af fundi með ráðherrum í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Yfirlýsing Kortaþjónustunnar:

# Gögnin komu ekki frá FME

**SAMKEPPNISMÁL** Gögnum sem birt hafa verið í fjölmiðlum um samráð á greiðslukortamarkaði var ekki lekið frá Fjármálaeftirlitinu ólíkt því sem Ragnar Önundarson, fyrrverandi forstjóri Eurocard, hefur ítrekað haldið fram.

Kortaþjónustan, sem samráðið beindist gegn, greinir frá því í yfirlýsingu að fyrirtækið hefði fengið gögnin í hendur sem brotaþoli og ákveðið að birta þau. Þá segist fyrirtækið undirbúa skaðabótamál á hendur þeim sem stóðu í samráðinu. - sh


FASTUS

Ansell

Einnota nítril og latex hanskar

Hringdu og við aðstoðum þig við að velja réttu hanskana.



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is


# Óvissa um hvað er á seyði í kjarnaofnum

**Japönsk stjórnvöld eru spör á upplýsingar um atburði í kjarnorkuverinu í Fukushima. Yfirmaður Kjarnorkustofnunar Sameinuðu þjóðanna heldur til Japans að kynna sér ástandið af eigin raun. Japanskeisari ávarpaði þjóð sína.**

**JAPAN, AP** Akihito Japanskeisari ávarpaði þjóð sína í gær og hvatti fólk til að gefast ekki upp, þrátt fyrir erfiðleika í kjölfar náttúruhamfaranna. Þetta er í fyrsta sinn sem keisarinn kemur fram opinberlega með ávarp sem fyrir fram er hugsað til útsendingar í sjónvarpi.

„Ég hef miklar áhyggjur af kjarnorkuástandinu vegna þess að það er óútreiknanlegt,“ sagði hann hátíðlegri röddu. „Með hjálp þeirra sem hlut eiga að máli vona ég að ástandið versni ekki.“

Hver ótíðindin á fætur öðrum hafa komið frá kjarnorkuverinu í Fukushima, þar sem sprengingar hafa orðið í þremur af sex kjarnaofnum og eldsvoði í þeim fjórða auk þess sem geislavirk efni hafa sloppið út í andrúmsloftið.

Starfsmönnum versins var í gær skipað að forða sér þegar styrkur geislamengunar jókst skyndilega. Þar með þurfti tímabundið að hætta öllum tilraunum til að kæla niður kjarnaofna versins, sem hafa ofhitnað eftir að kælikerfin brugðust.

Starfsmenn fengu að snúa aftur til vinnu síðar um daginn, en á meðan þeir voru fjarverandi glataðist dýrmætur tími í baráttu þeirra við að koma í veg fyrir kjarnabráðnun, sem hefði í för með sér alvarlega geislamengun í Japan og jafnvel víðar.

Alls hafa um sjötíu verkamenn unnið að því að kæla niður ofnana, en þeir skiptust á að fara í verið til að minnka hættuna á að verða fyrir geislamengun.

Hvorki stjórnvöld né yfirmenn í verinu hafa látið mikið uppi um hvað hefur farið úrskeiðis í verinu. Ástandið virtist þó hafa versnað. Hvít gufa steig upp af einum kjarnaofninum og eldur braust út í öðrum, annan daginn í röð.

Greinileg óvissa ríkti um það til hvaða ráða ætti að grípa til að kæla verið niður. Reynt hefur verið að nota sjó til að kæla ofnana. Ýmislegt bendir einnig til að vatn hafi verið tekið úr ofni 2, sem ekki var í notkun, til að kæla niður annan ofn, með þeim afleiðingum að eldur braust út í ofni 2.

Í eitt skipti voru þyrlur sendar á loft og leit út fyrir að nota ætti þær til að varpa vatni niður á einn eða fleiri ofna. Hætt var við það vegna geislamengunarinnar, sem hefði getað valdið flugmönnum þyrlunnar alvarlegu heilsutjóni.

Yukiya Amano, yfirmaður Kjarnorkustofnunar Sameinuðu þjóðanna, sagðist í gær ætla að halda hið fyrsta til Japans til að kynna sér af eigin raun hvað væri á seyði í verinu og til þess að bæta upplýsingaflæðið frá japönskum stjórnvöldum.

gudsteinn@frettabladid.is





VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á!

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM

TILBOÐ



16.900 m/vsk

Fullt verð 22.900

IBTGCAI9402

TOPPLYKLA OG BITASETT 94 HLUTA

1/4" og 1/2" toppar og bitar | Stærðir 4 - 32 mm

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði


Forseti Alþingis segir kosningu til landskjörstjórnar ekki háða jafnréttislögum:

# Vísar jafnréttiskvörtun til flokkanna

**ALÞINGI** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, vísar kvörtun Jafnréttisráðs um kynjahlutfall í landskjörstjórn til flokkanna.

Jafnréttisráð lýsti nýlega yfir undrun á því að jafnréttisjónarmið hefðu ekki verið höfð að sjónarmiði þegar fjórir karlar og og ein kona voru kosin í landskjörstjórn. Ráðið undrast á því að Alþingi gangi með þessu gegn anda jafnréttislaga og vill að kosningin verði endurtekin. Þá er skorað á þingforseta að sjá til þess að slíkt endurtaki sig ekki.

Ásta Ragnheiður segir, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins, að landskjörstjórn sé kosin á Alþingi, en ekki skipuð. Á því sé grundvallarmunur. Stjórnmálaflokkarnir bjóði fram fulltrúa sína á framboðslistum og Alþingi kjósi stjórnina.

Ásta bætir því við að þó sé gott að Jafnréttisráð sé á vaktinni.

„En það hlýtur að sjálfsögðu að vita að um kosningar gilda ekki ákvæði laga um skipan í nefndir, stjórnir og ráð hins opinbera.“

Ásta segir að lokum að ekki standi á forseta Alþingis að hvetja til jafnréttis á öllum vígstöðvum.

„En hann getur ekki stjórnað því hverja flokkarnir bjóða fram á framboðslistum sínum í kosningum, þó að hann geti hvatt til að kynjaskipting á framboðslistum sé sem jöfnust.“ - þj



**FORSETI ALÞINGIS** Ásta Ragnheiður hefur vísað kvörtun Jafnréttisráðs til flokkanna.


Auglýsingasími

512 50 50



Allt sem þú þarft...




NÝJAR ENDURÚTGÁFUR

# Arfur Thors

Kjarval – rómuð bók Thors um listmálarann óviðjafnanlega.
Fljótt fljótt sagði fuglinn – tímamótaverkið sem kom fyrst út 1968.
Hús andanna – þýðing Thors á skáldsögu Isabel Allende.

Þrjú meistaraverk úr arfleifð stórskáldsins.
**Tryggðu þér eintak í næstu verslun Eymundsson!**

SPILUM SAMAN

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

ENNEMM / SIA / NM45865

**Gæða dúnsængur frá Skálanesi í Seyðisfirði eru nú fáanlegar.**

Milliliðalaus viðskipti beint við bónda og upprunamerkti gæðavöru

Tilvalin gjöf fyrir t.d. stórafmæli, fermingar, giftingar og skírnir.

Hægt er að panta í nokkrum stærðum með lágmarks bið.

Sængurnar eru merktar jörðinni og eru með þvottamiða.

Frekari upplýsingar í skalanes@skalanes.com eða síma 861-7008"

SKALANES
Náttúru- og Menningarsetur

**Ný frímerki**

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 17. mars gefur Íslandspóstur út tvær frímerkjaraðir og tvö hefti. Myndefnin eru vitar og Evrópufrímerkin 2011 (Alþjóðlegt ár skóga). Myndefni frímerkjaheftanna eru akstursíþróttir á Íslandi.



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN

Frá
Reykjavík
Til
Brottför
08.08.11
Til Baka
15.08.11
Leita

**NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR**

Hvernig væri að fljúga út í heim og skoða framandi staði og töfrandi heimsborgir?

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

**Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.**



dohop
vísir
Meiri Vísir.

**FRÉTTASKÝRING:** Laun forsetans og handhafa forsetavaldsins



**FORSETINN OG EINN HANDHAFA** Jóhanna Sigurðardóttir sækir ekki bara stjórnarmyndunarumboð til forseta, heldur gegnir sem forsætisráðherra starfi handhafa forsetavalds ásamt forseta Alþingis og forseta Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ekki gengið að breyta launum handhafa

**Þó að laun forsetans hafi lækkað í ársbyrjun 2009 hafa laun handhafa forsetavalds haldist óbreytt fram að þessu. Sjaldgæft er að handhafarnir þurfi að sinna því starfi en þeir deila þó með sér forsetalaunum í fjarveru forseta. Þingmenn hafa tvívegis á nokkrum árum reynt að breyta þessu en ekki haft erindi sem erfiði.**

Í stjórnarskrá Íslands er kveðið á um að forfallist forsetinn sökum veikinda eða „vegna dvalar erlendis“ skuli þrír einstaklingar fara með forsetavald þar til forsetinn er kominn til starfa á ný.

Handhafar forsetavalds eru forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar. Í stjórnarskránni segir einnig að ákveða skuli með lögum greiðslur til forseta og þeirra sem fari með forsetavald þegar hann forfallist.

Vegna þessa skipta þremenningarnir með sér jafngildi launa forsetans í hvert skipti sem hann fer af landi brott. Eins og Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um undanfarið eru ferðadagarnir ófáir og laun handhafanna því veruleg.

### Fengu 1,6 milljónir í fyrra

Á síðasta ári fengu forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar um 1,6 milljónir króna hver í launauppbót sem handhafar forsetavalds. Fyrir hvern dag sem forsetinn dvelur erlendis hafa þremenningarnir fengið 20 þúsund krónur.

Þó að handhafarnir fari með forsetavald þegar forsetinn er ekki á landinu er ekki hægt að segja að sá starfi auki mikið álagið á þessa önnum köfnu embættismenn. Þeir sinna ekki móttökum eða öðrum hefðbundnum störfum forsetans, og aðeins í undantekningartilvikum taka þeir að sér að undirrita lög. Yfirleitt er forsetinn á landinu þegar ný lög berast eða lögin látin bíða þar til forsetinn hefur snúið aftur, enda eru ferðirnar flestar styttri í dag en þegar sigla þurfti utan.

Kjararáð ákveður laun forseta Íslands, og samkvæmt stjórnarskrá má ekki lækka launin á miðju kjörtímabili. Samkvæmt nýjustu ákvörðun kjararáðs eru laun forseta Íslands um 1,8 milljónir króna og eru þau skattlögð eins og laun annarra, ólíkt því sem áður var.

Eftir hrun var ákveðið að lækka laun þingmanna, ráðherra og embættismanna. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, óskaði í lok árs 2008 eftir því að laun hans lækkuðu um fimmtán prósent, um sama hlutfall og laun forsætisráðherra.

Kjararáð taldi óheimilt að lækka launin, með vísan í stjórnarskrá. Forsetinn óskaði því eftir því að útborguð laun yrðu lækkuð, og fékk í gegn lækkun launa í 1,5 milljónir króna í byrjun árs 2009.

Þrátt fyrir þessa launalækkun héldust laun handhafa forsetavalds óbreytt. Þrátt fyrir að mikið væri fjallað um ákvörðun forseta óskuðu handhafarnir ekki eftir því að sama gilti um þeirra laun. Af bréfaskriftum sem farið hafa milli embættis forsetans og Fjársýslu ríkisins, sem sér um að borga bæði forseta og handhöfunum, má ráða að bæði embætti forseta og handhafarnir hafi litið svo á að laun þeirra ættu að miðast við útborguð laun forseta.

### Jóhanna óskaði eftir lækkun

Þessu eru sérfræðingar Fjársýslunnar og fjármálaráðuneytisins ósammála. Þar er litið svo á að laun handhafa miðist við laun forseta samkvæmt úrskurði kjararáðs og óheimilt sé að skerða þau laun nema handhafarnir óski eftir því með sama hætti og forsetinn gerði.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur eftir umfjöllun Fréttablaðsins óskað eftir slíkri launalækkun. Hún fær því hér eftir 17 þúsund krónur fyrir hvern ferðadag forseta, ekki 20 þúsund eins og áður.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki náðst í Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, eða Ingibjörgu Benediktsdóttur, forseta Hæstaréttar, til að kanna hvort þær hyggist fara fram á sambærilega lækkun á greiðslum.

Þessar greiðslur hafa verið þingmönnum og jafnvel ráðherrum þyrnir í augum. Þannig sagði Jóhanna Sigurðardóttir á blaðamannafundi í júní 2009, skömmu eftir að hún varð forsætisráðherra, að greiðslurnar væru mjög „2007“.

Í kjölfarið lögðu þingmenn úr efnahags- og skattanefnd fram frumvarp þar sem lagt var til að greiðslur til handhafa forsetavalds yrðu lækkaðar um 80 prósent. Hefði það frumvarp orðið að lögum hefðu handhafarnir deilt með sér fimmtungi af launum forseta í hans fjarveru.

En frumvarpið náði ekki fram að ganga. Það fór í gegnum fyrstu umræðu og aftur til efnahags- og skattanefndar. Þar dagaði það uppi. Á þingi voru raunar efasemdir um að lækka mætti laun handhafa forsetavalds.

Í 9. grein stjórnarskrárinnar segir: „Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“ Það túlkuðu einhverjir þannig að óheimilt væri að lækka laun forseta og handhafa forsetavalds.

### Vildu afnema greiðslurnar

Þetta var ekki eina tilraunin til að lækka þessar greiðslur til embættismannanna þriggja. Árið 2007 lögðu þrír þingmenn Samfylkingarinnar, þau Ellert B. Schram, Katrín Júlíusdóttir og Gunnar Svavarsson, fram frumvarp þar sem lagt var til að orðalagi stjórnarskrár um handhafa forsetavalds yrði breytt.

Þingmennirnir vildu nema úr stjórnarskrá ákvæði um að handhafarnir eigi að gegna störfum forseta þegar hann er erlendis. Hefði það orðið að lögum hefðu handhafarnir aðeins þurft að vera til taks forfallaðist forsetinn sökum sjúkleika.

Í greinargerð með tillögunni sagði meðal annars: „Það fyrirkomulag að þrír aðrir einstaklingar gegni starfi forseta Íslands þótt hann bregði sér „á milli bæja“ er óþarfi. Og raunar einsdæmi. Það er þar að auki barn síns tíma. Forsetinn er áfram forseti þótt hann sé erlendis.“

Sú tillaga þingmannanna hlaut ekki náð fyrir augum þingsins, þótt fáir yrðu til þess að andmæla tillögunni efnislega. Í umræðum á Alþingi sögðu sumir þingmenn, til dæmis Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, að skoða þyrfti fleiri atriði varðandi embætti forseta í stjórnarskrá en eingöngu hlutverk handhafanna. Tillögunni var því vísað til stjórnarskrárnefndar, þar sem hún dagaði uppi.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



markhonnun.is

# netto
*Ódýrt fyrir heimilið!*



## APPELSÍNUR
Í LAUSU

55% afsláttur

99 kr/kg
áður 219 kr/kg

# NOTALEGT Í NETTÓ



**ALIFUGLAHAKK**
FROSIÐ 600 G

40% afsláttur

299 kr/pk.
áður 498 kr/pk.



**FOLALDAHRYGGVÖÐVI (FILE)**
KRYDDAÐUR FERSKUR

25% afsláttur

2.495 kr/kg
áður 2.998 kr/kg



**LAMBAHRYGGVÖÐVI (FILE)**
FERSKUR M/FITU

2.798 kr/kg
áður 3.498 kr/kg

The co-operative The co-operative



**ÓLÍFUOLÍA**
EXTRA VIRGIN
500 ML

24% afsláttur

349 kr/stk.
áður 459 kr/stk.




**KORNFLÖGUR**
500 G

25% afsláttur

179 kr/pk.
áður 239 kr/pk.



**BAKAÐAR BAUNIR**
420 G

79 kr/stk.
áður 99 kr/stk.

The co-operative The co-operative




**CAPRI**
SÚKKULAÐIBITAR
200 G

28% afsláttur

179 kr/pk.
áður 249 kr/pk.




**KLETTA**
GOS COLA
2 L

**KLETTA**
VATN
SÍTR.& LIME 2 L

179 kr/stk.
Íslensk framleiðsla



**LAXAFLÖK**
BEINLAUS M/ROÐI

1.890 kr/kg
áður 2.198 kr/kg

Ópal Sjávarfang

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 17. - 20. mars**
eða meðan birgðir endast



**OBAMA Í GERVI MJALLHVÍTAR** Í Valencia á Spáni er ár hvert kveikt í skopstyttum af ýmsum helstu leiðtogum Spánar og heimsins. Þarna má sjá Bandaríkjaforseta í gervi teiknimyndafígúru. NORDICPHOTOS/AFP

Vegamálastjóri og framkvæmdastjóri FÍB kallaðir á fund hjá samgöngunefnd Alþingis:

# Vilja svör um hagkvæmni Vaðlaheiðarganga

**STJÓRNMÁL** Formaður samgöngunefndar Alþingis, Björn Valur Gíslason úr Vinstri grænum, hefur fallist á beiðni Marðar Árnasonar úr Samfylkingunni um sérstakan fund um fyrirhuguð Vaðlaheiðargöng.

Vegagerðin og félag heimamanna norðan heiða, Greið leið, hafa stofnað nýtt hlutafélag um göngin. Þeir áætla að göngin kosti 10,4 milljarða króna, sem fáist inn með veggjöldum í framtíðinni. Félag íslenskra bifreiðaeigenda dregur útreikningana í efa og kveðst óttast að skattgreiðendur borgi hluta kostnaðarins og missi í staðinn af samgönguframkvæmdum sem félagið telur brýnni.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, og Sigmundur Ernir Rúnarsson, alþingismaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, ræddu í gær Vaðlaheiðargöngin í útvarpsþættinum Bítinu á Bylgjunni. Sagði Runólfur Sigmund þar vera „kjördæmapotara“ vegna stuðnings við málið. Sigmundur sagði málflutning Runólfs fáránlegan.

Boða á Runólf og Hrein Haraldsson, vegamálastjóra og fulltrúa frá Vaðlaheiðargöngum, á áðurnefndan fund samgöngunefndar, að því er Mörður Árnason upplýsir á bloggsíðu sinni. „Það verður fróðlegt að heyra í þessum mönnum svara spurningum um hagkvæmni og forgangsröð – og auðvitað mikilvægast að svo sé gengið frá að ekki verði farin hin klassíska íslenska leið og skattborgararnir látnir borga allt saman eftir að hver áætlunin af annarri hefur beðið skipbrot,“ skrifar Mörður, sem kveðst munu verða „jákvæður þangað til ástæða reynist til annars“. - gar



**MÖRÐUR ÁRNASON** Mikilvægt er að skattborgararnir borgi ekki allt saman eftir að áætlanir bíða skipbrot, segir Mörður Árnason um Vaðlaheiðargöng. FRÉTTABLAÐIÐ/

Lyf til aftöku gert upptækt:

## Engar dauðarefsingar í bili

**ATLANTA, AP** Yfirvöld í Georgíu í Bandaríkjunum hafa hætt við allar dauðarefsingar í ríkinu eftir að lyf sem notað er til að taka fanga af lífi var gert upptækt.

Stutt er síðan hætt var að framleiða lyfið í Bandaríkjunum og segir talsmaður bandaríska lyfjaeftirlitsins (FDA) grun leika á því að lyfið sem nú er notað sé ólöglegt. Engar dauðarefsingar verða í ríkinu fyrr en lausn hefur fengist á málinu. - eeh

**AKRANES**

### Gripahús með íbúðaskatt

Bæjarráð Akranes hefur, að beiðni Hestamannafélagsins Dreyra, samþykkt að fasteignagjöld á hesthús félagsmanna verði ekki áfram lögð á eins og um iðnaðar- og atvinnuhúsnæði sé að ræða heldur verði álagningin eins og á íbúðarhúsnæði. Þetta á að gilda um allt gripahúsnæði í eigu einstaklinga.

Sjávarútvegsráðuneyti sendir frá sér yfirlýsingu:

# Rangt að ESB-reglugerð nýtist í aðildarviðræðum



**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Sjávarútvegsráðuneytið segir að ákvæði í nýrri reglugerð ESB þar sem einstökum aðildarríkjum er heimilað að ákveða leyfilegt aflahámark fiskistofna feli í sér takmarkaða undanþágu frá meginreglum ESB.

Ráðuneytið mótmælir fréttum af því að þessi ESB-reglugerð styðji við samningskröfur Íslands í aðildarviðræðum við ESB eins og fram kom í fréttum Fréttablaðsins í síðustu viku.

Í yfirlýsingu ráðuneytisins af þessu tilefni segir að reglugerðarheimildin sé meðal annars háð því að í hlut eigi óverulegir hagsmunir. Það eigi ekki við um botnfiskafla við Ísland, hvort sem litið sé til íslenskra hagsmuna eða heildarhagsmuna sjávarútvegs í Evrópu. Þá hafi ESB aðeins heimilað beitingu þessa ákvæðis í sex tilvikum þar sem heildarveiði úr hverjum stofni sé innan við 5.000 tonn á ári. Eins sé beiting heimildarinnar háð því að ekki hafi legið fyrir vísindaleg ráðgjöf um nýtingu stofnsins, sem ekki eigi við um veiði í íslenskri lögsögu.

Heimildin hafi verið innleidd í tilraunaskyni og sé háð því að farið sé að lögum og reglum ESB að öðru leyti. Eins nefnir ráðuneytið að umsókn Íslands um aðild að ESB sé bundin því skilyrði að Ísland haldi fullveldisrétti í 200 mílna lögsögu. - pg



**FISKVEIÐAR** Norsk skattayfirvöld hafa flett ofan af stórfelldum efnahagsbrotum sjávarútvegsfyrirtækja þar í landi. Myndin er úr safni og tengist ekki efni fréttarinnar beint. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

# Milljarða skattsvik norskra útvegsmanna

**Rannsókn norskra skattayfirvalda leiðir í ljós undanskot og skattsvik. Upphæðin rúmlega 60 milljarðar á síðasta ári. Rannsakandi segir brotin skipulögð. Ekki vísbendingar um jafn almenn brot hér á landi.**

**NOREGUR** Norsk sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið staðin að stórfelldum efnahagsbrotum sem nema um þremur milljörðum norskra króna á síðasta ári. Sú upphæð jafngildir rúmum sextíu milljörðum íslenskra króna.

Norska blaðið Dagens Næringsliv greindi frá þessu fyrir nokkru, en brotin, sem voru framin á síðasta ári, komu í ljós við yfirgripsmikla rannsókn skattayfirvalda, lögreglu og tollgæslunnar.

Brotin felast meðal annars í löndun framhjá vigt, tryggingasvindli og undanskotum frá skatti við kvótaviðskipti. Brotum hefur fjölgað verulega milli ára, þar sem upphæð undanskota árið 2009 nam um 1,5 milljörðum norskra króna.

Sølvi Åmo Albrigtsen, sem stjórnaði rannsókninni fyrir hönd skattayfirvalda, sagði í samtali við Dagens Næringsliv að sala fisks á svörtum markaði væri löngu kunn staðreynd.

„Á margan hátt eru slík brot þó ástæða þess að við herðum eftirlitið,“ segir hún en bætir við að það komi henni þó á óvart hversu mikið skipulag virðist liggja á bak við brotin. Þau eigi sér stað bæði í veiðum og við sölu fisks.

„Við höfum séð ákveðna tilhneigingu í þá átt að samband er milli aðila milli landa þar sem takmarkið er að fela gróða eða eignarhald, eða að einhver geri öðrum greiða þannig að fjármunir eru hvítþvegnir. Þess vegna verðum við að vera í reglulegu sambandi við stjórnvöld í öðrum löndum.“

Hún bætir því við að sífellt færist í vöxt að sjávarútvegsfyrirtæki komi fjármunum fyrir í skattaskjólum.

Alvarlegri málin sem komu í ljós í rannsókninni verða send lögreglu en minniháttar mál verða afgreidd sem skattamál.

Reidar Nilsen, formaður norsku sjómannasamtakanna, sem einnig eru fagsamtök sjávarútvegsfyrirtækja, segir í viðtali við Dagens Næringsliv að skattayfirvöld kasti með þessu rýrð á allan iðnaðinn.

Aðalritari samtakanna, Jan Skjærvø, tekur undir það í pistli á vef samtakanna og segir að umfjöllun fjölmiðla sé ósanngjörn þar sem flest það sem fyrirtækin séu sökuð um snúist um túlkunaratriði á skattalöggjöf.

Svipuð mál hafa komið upp hér á landi að sögn Bryndísar Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra, sem segir að á annan tug mála sem tengjast sjávarútvegi séu til rannsóknar hjá embættinu.

„Við höfum verið að rannsaka mál og varðar hluti þeirra ætluð undanskot á leigutekjum vegna aflaheimilda, en það er ekki hægt að segja að það sé eitthvað sambærilegt [við niðurstöðurnar í Noregi] eða almennt hér á landi.“

thorgils@frettabladid.is


## Innri endurskoðunardagur 2011

Turninn, Smáratorgi, 20. hæð.
Föstudaginn 25. mars kl. 8.30–12.00

| | |
|---|---|
| | *Ráðstefnustjóri Lilja Steinþórsdóttir, forstöðumaður innri endurskoðunar Arion banka* |
| 8.00–8.30 | **Skráning og afhending gagna** |
| 8.30–8.40 | **Ráðstefnan sett**<br>*Nanna Huld Aradóttir, formaður Félags um innri endurskoðun* |
| 8.40–9.10 | **Vinnubrögð atvinnulífs - hvar stöndum við og hvert er ferð heitið?**<br>*Dr. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands* |
| 9.10–9.40 | **Samkeppni og efling atvinnulífs**<br>*Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins* |
| 9.40–10.10 | **Lærum af reynslunni – öfgar og skynsemi í stjórnarháttum**<br>*Dr. Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Auðar Capital* |
| 10.10–10.30 | **Kaffi** |
| 10.30–11.00 | **Viðbrögð í kjölfar fjármálakreppunnar er snúa að endurskoðendum**<br>*Sigurður Þórðarson, formaður nefndar um málefni endurskoðenda og fv. ríkisendurskoðandi* |
| 11.00–11.30 | **Stjórnarhættir og áherslur við eftirlitsskylda fjármálastarfsemi**<br>*Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu* |
| 11.30–12.00 | **Ytri gagnrýni og innri viðbrögð – rannsókn á gagnrýni á fjármálastöðugleika**<br>*Þröstur Olaf Sigurjónsson, lektor hjá viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík* |
| 12.00 | **Ráðstefnuslit** |

Ráðstefnugjald: 12.500 kr.
Námsmat: Ráðstefnan gefur 4 endurmenntunareiningar hjá FIE, IIA og FLE.

Ráðstefnan er opin félagsmönnum FIE, FLE og öðrum þeim sem áhuga hafa. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til **fie@fie.is** eigi síðar en **fyrir hádegi fimmtudaginn 24. mars.**

IIA
Félag um innri endurskoðun

Fyrirlestramaraþon í HR:

# 42 fyrirlestrar á fjórum tímum

**HÁSKÓLAR Háskólinn í Reykjavík (HR) heldur sitt árlega fyrirlestramaraþon í dag á milli klukkan 12.30 og 16.30.**

**Vísinda- og fræðimenn HR flytja 42 fyrirlestra og verður hver þeirra um tíu mínútur að lengd. Á meðal þess sem fjallað verður um eru lagalegar afleiðingar synjunar Icesave-laga, vandamálið við að finna ástina og hvernig hagfræðin getur hjálpað þar, sjálfbærar samgöngur og jarðskjálftinn í Japan. Fyrirlestrarnir eru öllum opnir.** - þj

Fjarstæða að líkja saman aðstæðum á Íslandi nú og í Þýskalandi þá:

# Engu breytir að skipta um nafn á krónunni

**EFNAHAGSMÁL** Engu breytir þótt breytt sé um nafn á krónunni. Þetta kom fram í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á blaðamannafundi að lokinni kynningu á stýrivaxtaákvörðun bankans í gær.

„Trúverðugleiki myntarinnar ræðst af stöðu efnhagslífsins, trúverðugleika efnahagsstjórnarinnar og svo framvegis. Það er mun mikilvægara að huga að því en einhverjum patentlausnum,“ segir Már. Hann kvaðst þó ekki hafa kynnt sér sérstaklega hugmyndir sem Lilja Mósesdóttir, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, hefur viðrað um vænleika þess að skipta um nafn á krónunni og taka þar með upp nýja íslenska mynt.

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, segir jafnframt varhugavert að vísa í þessu samhengi til reynslu Þjóðverja af breytingum á heiti myntar þeirra.

„Menn ættu aðeins að skoða efnahagssögu Þýskalands,“ segir hann og bendir á að þegar nafni ríkismarksins var breytt árið 1945 hafi breytingin átt sér stað í landi sem var í rúst eftir seinni heimsstyrjöldina, auk þess sem þjóðin hafi verið að skilja við nasismann. „Þýski seðlabankinn sem þá var hafði verið bakhjarl hans.“

Á millistríðsárunum, árið 1928, segir Þórarinn jafnframt hafa verið algjöran efnahagslegan glundroða í Þýskalandi þegar þá var skipt um mynt. „Hann birtist meðal annars í 13 þúsund milljóna prósenta verðbólgu. Að líkja því við það sem við höfum verið að fara í gegnum er eiginlega hálfgerð fjarstæða.“ - óká



**Í SEÐLABANKANUM** Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Berlusconi segist haga sér:

# Of gamall fyrir allt þetta kynlíf

**RÓM, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, segist vera of gamall fyrir alla þá ástarfundi sem hann er sakaður um að hafa átt.



SILVIO BERLUSCONI

Berlusconi stendur nú í málaferlum vegna ákæru sem hann fékk eftir að hafa keypt kynlíf af ungri marokkóskri stúlku.

Í dómskjölum koma fram upplýsingar um þrjátíu og þrjár konur sem eiga að hafa tekið þátt í veislum Berlusconis en hann vísar þeim á bug.

Silvio Berlusconi, sem verður sjötíu og fimm ára gamall í september, sagði blaðamanni ítalska dagblaðsins La Repubblica að þótt hann væri óþekkur væru þrjátíu og þrjár stelpur á tveimur mánuðum meira að segja of mikið fyrir þrítugan mann. - eeh


Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178

AFSLÁTTAR DAGAR
Miðvikudag - mánudags
-20%
KAST AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM MATAR & KAFFISTELLUM
HNÍFAPÖRUM
SÖFNUNARGLÖSUM
IITTALA VÖRUM
RÚMTEPPUM
RÚMFÖTUM
RCR KRISTAL
HITAFÖTUM
O.FL. O.FL.

Erum flutt að Laugavegi 178
(næsta húsi við frægustu bensínstöð landsins)

Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178
Sími: 568 9955 - www.tk.is
Opið: mánud-föstud. 12-18
laugard.12-16 sunnud. LOKAÐ



FYRIRLESTRAMARAÞON HR
42 FYRIRLESARAR 42 VIÐFANGSEFNI
FIMMTUDAGINN **17. MARS**, KL. 12:30 – 16:30

ALLIR VELKOMNIR!

| | ANTARES | BETELGÁS |
|---|---|---|
| 12:30 | • **Fundarstjóri:** Heiðdís B. Valdimarsdóttir<br>• **Eðlisfræði – í leik og starfi**<br>Haraldur Auðunsson, handhafi Kennsluverðlauna HR 2011 | • **Fundarstjóri:** Luca Aceto<br>• **Research in the Engineering Optimization & Modeling Center at Reykjavik University**<br>Slawomir Koziel, handhafi Rannsóknarverðlauna HR 2011 |
| 13:00 | • **Lögvarðir hagsmunir**<br>Sigurður Tómas Magnússon<br>• **Tifandi tímasprengja í fjárhag ríkissjóðs?**<br>Ólafur Ísleifsson<br>• **Heimildir ríkja til aðgerða vegna efnahagskreppa**<br>Ragnhildur Helgadóttir | • **Spin Currents in Quantum Rings**<br>Andrei Manolescu<br>• **Dynamical Systems and Dissipative Functionals**<br>Sigurður Freyr Hafstein<br>• **Supply Chain Design under Uncertainty**<br>Amir Azaron |
| 13:30 | • **Icesave – lagalegar afleiðingar synjunar**<br>Margrét Einarsdóttir<br>• **Icesave – frá sjónarhóli leikjafræðinnar**<br>Henning Arnór Úlfarsson<br>• **Icesave – hvað hefur áhrif á ánægju/óánægju með samninginn frá sjónarhóli samningatækni**<br>Aðalsteinn Leifsson | • **Things People Do**<br>Hannes Högni Vilhjálmsson<br>• **Gamification of Life, the Universe and Everything**<br>Ólafur Andri Ragnarsson<br>• **A.I. of the Future: A Sure Way to Destroy the Human Race?**<br>Kristinn R. Þórisson |
| 14:00 | • **Ísland og Norðurlönd – samanburður á undanfara kreppu**<br>Þröstur Olaf Sigurjónsson<br>• **Aðskilnaður í rekstri banka**<br>Már Wolfgang Mixa<br>• **Er hægt að eiga kökuna og éta hana líka? Samningar um nýtingu náttúruauðlinda**<br>Friðrik Már Baldursson | • **Engineering for Expectant Mothers**<br>Brynjar Karlsson<br>• **Nýja rottan er fiskur**<br>Karl Ægir Karlsson<br>• **Röðun erfðamengis**<br>Bjarni Vilhjálmur Halldórsson |
| 14:30 | • **Um eignarrétt að vatni – hver á hvað?**<br>Kristín Haraldsdóttir<br>• **Jafnrétti og áhættuútreikningar**<br>Guðmundur Sigurðsson<br>• **Makamarkaðir. Vandamálið við að finna ástina og hvernig hagfræðin getur aðstoðað**<br>Guðrún Johnsen | • **Áhrif dempunar í gervifæti á göngulag**<br>Pétur Sigurðsson<br>• **Personal Photo Browsing: Breaking Out of the Shoebox**<br>Björn Þór Jónsson<br>• **Capacity of Wireless Networks**<br>Magnús Már Halldórsson |
| 15:00 | • **Karlar og konur í kreppu**<br>Katrín Ólafsdóttir<br>• **Mannaflatengdar samdráttaraðgerðir á Íslandi í kjölfar fjármálahrunsins**<br>Arney Einarsdóttir<br>• **Er gagnsæi alltaf til góðs? Þrjú dæmi um óvænt áhrif aukins gagnsæis**<br>Jón Þór Sturluson | • **Leikjafræðileg reiknirit fyrir samskipti í þráðlausum netum**<br>Eyjólfur Ingi Ásgeirsson<br>• **Sjálfvirk verkniðurröðun í framleiðslu**<br>Hlynur Stefánsson<br>• **Sjálfbærar samgöngur**<br>Ásdís Hlökk Theodórsdóttir |
| 15:30 | • **Þjónustusamningar og reglur stjórnsýsluréttar**<br>Margrét Vala Kristjánsdóttir<br>• **European Court of Justice and its Partners in European Integration**<br>Milosz Marek Hodun<br>• **Smíði spænsku orðabókarinnar**<br>Margrét Jónsdóttir | • **Sustainable Transportation: Lessons from Mars**<br>Ari Kristinn Jónsson<br>• **Is It Easy to Use?**<br>Marta K. Lárusdóttir<br>• **Stærðin skiptir máli – rafeindageislar í örsmæðarkerfum**<br>Ágúst Valfells |
| 16:00 | • **Samspil hreyfingar og streitu**<br>Bryndís Björk Ásgeirsdóttir<br>• **Nokkrar leiðir til að verja fé í markaðsmál**<br>Friðrik Larsen | • **Stóri skjálftinn í Japan**<br>Ólafur Guðmundsson<br>• **Vöktun Hálslóns**<br>Fjóla Guðrún Sigtryggsdóttir |

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

Sjá nánar á **www.hr.is**

**FRÉTTASKÝRING: Atvinnuleysi á Íslandi** 2. hluti

# Hætt við að vandinn skjóti rótum

**Svipaður fjöldi fólks hefur verið án atvinnu í á þriðja ár og var á atvinnuleysisskrá sumarið 2008. Tæplega fimmtán þúsund manns voru atvinnulausir í lok febrúar og rúmur helmingur þeirra hafði verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur. Meirihlutinn er ungt fólk.**

Hópur langtímaatvinnulausra hefur talið yfir sjö þúsund manns allt frá því í júlí árið 2009 og hefur mest farið upp í tæplega níu þúsund í apríl 2010. Aldrei hafa fleiri einstaklingar verið án atvinnu í meira en eitt ár en í byrjun þessa árs.

### Tvö ár og lengur

Góð greining á ástandinu var sett fram í Morgunkorni Íslandsbanka nú í febrúar, þar sem segir að þegar rýnt sé í tölur um atvinnuleysi sé fjöldi þeirra sem hafa verið án atvinnu í á þriðja ár einna mest sláandi. Í janúar síðastliðnum voru þeir 1.623 talsins, eða um ellefu prósent atvinnulausra. Eru þetta nánast jafn margir og voru á atvinnuleysisskrá í heildina litið fyrir réttum þremur árum. Þá voru þeir sem höfðu verið atvinnulausir í sex mánuði og lengur 438 talsins. Þeir eru núna 7.662, eða 52 prósent allra atvinnulausra. Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að þeim fjölgi í allt að 8.500 til loka apríl en fari þá fækkandi.

### Margbreytilegur vandi

Halldór S. Guðmundsson, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, hefur um árabil rannsakað langtíma atvinnuleysi. Hann segir að erfiðleika sem skapist þurfi að skoða frá þremur sjónarhornum; hvernig þeir snerti einstaklinginn, fjölskylduna og nánasta umhverfi, og svo samfélagið í heild.

Um afleiðingar atvinnuleysis segir Halldór að samfélagslegt og einstaklingsbundið gildi atvinnunnar sé viðurkennt. Það komi meðal annars fram í lagasetningu um vinnuumhverfi og vinnuvernd og ýmsum réttindum og skyldum einstaklinga og fyrirtækja í atvinnustarfsemi. „Menntunin og síðar starfið mótar daglegt líf fólks umfram flest annað og er hluti af sjálfsmynd okkar,“ segir Halldór.

Rannsóknir Halldórs og annarra fræðimanna hér og erlendis sýna að missir atvinnu er áfall hverjum einstaklingi og hefur í för með sér skerðingu á lífsgæðum hans. Atvinnuleysi er talið vera samfélagsleg vá enda er atvinna grundvöllur framfærslu, skapar sjálfstraust, veitir félagsskap og virðingu, virkjar athafnaþörf og gefur lífinu gildi hjá meirihluta fólks.

Halldór segir mikilvægt að þegar horft sé til afleiðinga atvinnuleysis sé haft í huga hve lengi atvinnuleysi hafi varað hjá hverjum og einum, hver stuðningur nærsamfélagsins sé, hvort um karl eða konu sé að ræða, yngri eða eldri einstakling; einnig skiptir persónuleiki og fyrri reynsla máli, sem og hvernig viðkomandi missir vinnuna. Félagsleg og heilsufarsleg áhrif atvinnuleysis geti verið margvísleg.

### Samstarf um lausnir

Geðrænir sjúkdómar, lyfjanotkun og aukin neysla áfengis geta fylgt í kjölfar atvinnuleysis og sýnt hefur verið fram á tengsl á milli aukningar í nýskráningum öryrkja hér á landi og sveiflna á vinnumarkaði. „Tengsl atvinnuleysis og örorku gefa fullt tilefni til að lögð sé mikil áhersla á þjónustu og úrræði við langtíma atvinnulausa,“ segir Halldór og bætir við að skort hafi á samstarf á milli stofnana sem hafi afskipti af einstaklingnum í hvert og eitt sinn. Hann segir að svo virðist sem meiri hefð sé utan höfuðborgarsvæðisins fyrir samstarfi heilbrigðisstofnana, geðdeilda, félagsþjónustu, Vinnumálastofnunar, símenntunarstöðva og framhaldsskólanna. Á höfuðborgarsvæðinu sé hins vegar vandinn mestur og þar reyni nú enn meira á samvinnuna.

„Innan velferðarþjónustunnar er engin einn aðili sem heldur um alla þræði, nema einstaklingurinn sjálfur. Þess vegna er samvinnan svo mikilvæg, því sá sem stendur uppi atvinnulaus hefur þörf fyrir félagslega ráðgjöf og leiðbeiningu til að finna réttar leiðir og mögulegar lausnir innan velferðarþjónustunnar. Heildarmyndina vantar. Stundum er sagt að það sé full atvinna að vera atvinnulaus og er þá vísað til píslargöngunnar á milli kontóra.“

> Neikvæðar félagslegar afleiðingar birtast í fjárhagslegri skerðingu, minnkandi samskiptum, versnandi líðan og álagi, hrakandi sjálfsvirðingu og jafnvel breytingum á fjölskyldulífinu. Heilsufarslegar afleiðingar geta verið andleg og líkamleg streita sem til lengri tíma hefur veruleg áhrif á heilsu fólks
>
> **HALLDÓR S. GUÐMUNDSSON**
> LEKTOR VIÐ FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

### Vinnumarkaðsúrræði

Þeir sem hafa verið atvinnulausir í hálft ár eða lengur eru skilgreindir sem langtíma atvinnulausir og starfsemi Vinnumálastofnunar lýtur ekki síst að þessum hópi. Markmið allra vinnumarkaðsúrræða er að viðhalda hæfni, endurmennta og endurhæfa fólk og viðhalda félagslegri virkni.

Við alla tölfræði um atvinnuleysi verður að slá þann varnagla að þær segja frekar einsleita sögu. Gissur Pétursson, forstjóri VMST, bendir á að auðvelt sé að skilja heildartölur um atvinnulausa svo að lítið sé að gerast og næsta vonlítið sé að fá vinnu. „Það er þrátt fyrir allt mikil hreyfing á fólki. Á síðasta ári greiddum við yfir þrjátíu þúsund kennitölum bætur. Það eru tíu prósent af þjóðinni; ekki bara vinnuaflinu.“

Hins vegar sitja margir eftir og frá því um mitt ár 2009 hefur um helmingur fólks á atvinnuleysisskrá verið án atvinnu í hálft ár eða lengur. Eftir stendur líka sú staðreynd að tugir einstaklinga hafa lokið atvinnuleysisbótatímabili sínu án þess að fá vinnu. Þar með missa þeir rétt til atvinnuleysisbóta og þurfa jafnvel að leita til félagsþjónustu sveitarfélagsins eftir fjárhagsaðstoð.

### Ungt fólk til athafna

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að ungt fólk er sérstaklega viðkvæmt fyrir afleiðingum langtíma atvinnuleysis og að hefja starfsferilinn í atvinnuleysi getur haft áhrif starfsævina á enda.

Með átakinu Ungt fólk til athafna, sem unnið er á vegum Vinnumálastofnunar, er atvinnuleitendum á aldrinum 16 til 29 ára gefinn möguleiki á að koma sér af stað í námi, öðlast starfsréttindi eða kynnast nýjum starfsvettvangi sér að kostnaðarlausu. Staðan í byrjun árs var að allir ungir atvinnuleitendur á höfuðborgarsvæðinu höfðu fengið ráðgjöf og kynningu innan þriggja mánaða frá atvinnumissi. Fjöldi keyptra námsúrræða var í lok árs 3.360, auk starfstengdra úrræða eins og starfsþjálfunar, reynsluráðninga og vinnustaðanáms. Í lok árs 2010 höfðu rúmlega 40 prósent þeirra sem voru á atvinnuleysisskrá við upphaf átaksins afskráðst og þá flestir vegna vinnu eða náms.

### ÞOR

Í ágúst 2010 hleypti Vinnumálastofnun af stað átaki gegn afleiðingum langtíma atvinnuleysis undir yfirskriftinni ÞOR – þekking og reynsla – og beinist það að hópnum 30 ára og eldri. Á sex mánuðum hefur þriðjungur þeirra þrjú þúsund einstaklinga sem átakið náði til í upphafi farið af atvinnuleysisskrá. Tilgangur verkefnisins er að koma í veg fyrir langtíma atvinnuleysi; undirbúa atvinnuleitendur fyrir vinnumarkaðinn og koma í veg fyrir ótímabæra örorku vegna langtíma atvinnuleysis.

Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að þeir sem hafi hvað lengst verið án atvinnu fái oft vinnu seinna en aðrir þegar atvinnuleysi fari minnkandi. Þróun í þessa átt geti leitt til þess að enn erfiðara verði að vinda ofan af atvinnuleysinu og langtíma atvinnuleysi geti fest í sessi hér á landi. Þessi varnaðarorð eru í tíma töluð.




**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is


**Annar hluti af níu**
Á morgun: Nýsköpunarmiðstöð Íslands

## Lengd atvinnuleysis
janúar 2011




## Fjöldi langtíma atvinnulausra eftir aldri í janúar 2011




## Menntun langtíma atvinnulausra




## Vinnumarkaðsúrræði í hverjum mánuði 2010 meðaltal




VINNUMÁLA STOFNUN

## Símenntunarmiðstöðvar á landinu

1. Símenntunarmiðst. á Vesturlandi
2. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
3. Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra,
4. Símenntunarmiðst. Eyjafjarðar
5. Þekkingarsetur Þingeyinga
6. Þekkingarnet Austurlands
7. Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja,
8. Fræðslunet Suðurlands
9. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
10. Mímir-símenntun
11. Iðan, fræðslusetur
12. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins




### Tengsl Vinnumálastofnunar og símenntunarmiðstöðva

- Símenntunarmiðstöðvar heyra undir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og fá rekstrarframlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til fastrar starfsemi.
- Símenntunarmiðstöðvarnar eru flestar svæðisbundnar og að þeim standa sveitarfélög, stéttarfélög, fyrirtæki, framhaldsskólar og háskólar.




**Menntunar- og virkniúrræði**
Lykilatriði í baráttunni gegn neikvæðum afleiðingum atvinnuleysis er heildstætt ferli þar sem viðtöl ráðgjafa leiða til virkni atvinnulausra, náms og helst til atvinnuþátttöku þeirra. Leið einstaklinga í slíku ferli er mismunandi. Virkni getur falist í þátttöku í vinnustofum, sjálfboðastarfi, starfsþjálfun og fleiru sem síðan getur leitt til þátttöku í námskeiðahaldi, formlegu námi og að lokum háskólanámi og/eða atvinnuþátttöku.


Öndvegi
Nýkomin sending af Boknäs bókahillunum
30%
afsláttur
af þessum vörum!
Gildir út mánudaginn 21. mars
Uppselt í hvítu!
KAK 601 - Leður svart og brúnt
3+1+1: 569.500,- nú 398.650,-
3+2: 498.000,- nú 348.600,-
KAK 1052 - Leður svart, hvítt og brúnt
Hornsófi: 557.000,- nú 389.900,-
HTL Relax 136 - Leður svart og brúnt
265.500,- nú 185.850,-
HEIMA
HÚSIÐ
heima Öndvegi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
25% afsláttur af öllum öðrum vörum!
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# HEIMILIS DAGAR

## Aðeins fimmtudag til sunnudags!



25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HILLUREKKUM

Frábært í geymsluna og bílskúrinn

tilboð

**5.995,-**

~~7.995,-~~

**Hillurekki**
Raxa Power.
180x90x45.
Hver hilla
ber 175 kg.
5803665



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FLÍSUM*

AÐEINS FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS!



AUTO GLYM
Bílavörur í miklu úrvali

**999,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Tjöruhreinsir**
1 ltr.
5022425

NILFISK



**14.995,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Háþrýstidæla**
NILFISK, 100 Bar.
5254240



Eikar plastparket

**1.190kr/m²**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Eik 3ja stafa**
6 mm Plastparket
frá Egger Austurríki,
fæst líka í Hnotu
146956

EGGER



EMMEVI

**14.690,-**

**Blöndunartæki**
Eden
7900023

EMMEVI



**4.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Handlaugartæki**
GIGLIO.
7900011

REGINOX



**9.980,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Eldhúsvaskur**
86x43,5 cm.
8032530

SPILUM SAMAN

**Húsasmiðjan tekur þátt í átakinu**
„Dagar verslunar og þjónustu"

Opið til 21:00
í Skútuvogi alla daga
sjá afgreiðslutíma um land allt
á www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

1.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*






# ódýrt að mála!

**Barnaherbergi**
10 m² loft og veggir verð frá **5.990.-**

**Svefnherbergi**
16 m² loft og veggir verð frá **8.990.-**

**Stofa**
22 m² loft og veggir verð frá **11.990.-**

**Innimálning**
Hvítt, gljástig 10, 3 ltr.
7119960



**Kælir/frystir FK312BPX**
177 cm,
Kælirými 155 ltr.
frystirými 80 ltr.
1808307

tilboð
**87.900,-**
~~109.900,-~~

Þú sparar 22.000,-

5 ÁRA ÁBYRGÐ!

Amica



9.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Örbylgjuofn**
United, 20 ltr. 800W.
1840909



2.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Samlokujárn**
BOMANN, CB520.
1840844



**Ofn og helluborð**
sett hvítt
1850495

Amica

5 ÁRA ÁBYRGÐ!

OFN OG HELLUBORÐ

tilboð
**99.900,-**
~~119.900,-~~

Þú sparar 20.000,-



# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM*

AÐEINS FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS!



**Hvítt 31 cm. Loftljós Discos**
**6003250**

1.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Látum verkin tala!

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

## *LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Tilboð gilda ekki af vörum
merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

HÚSASMIÐJAN

# neytendur
hagur heimilanna

**64%** *Verð á Cheerios morgunkorni hefur hækkað um 64 prósent á tveimur árum. Í ágúst árið 2008 var kílóverð á Cheerios 637 krónur en fór upp í 1.003 krónur í nóvember í fyrra.*

Heimild: Hagstofa Íslands

Svanurinn bætir ímyndina:

## Þekktasta umhverfismerkið

Norræna umhverfismerkið Svanurinn er langþekktasta umhverfismerkið á Íslandi. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunnar Capacent Gallup sem gerð var í desember á síðasta ári.

Þátttakendur í könnuninni voru beðnir um að nefna eitt umhverfismerki sem þeir könnuðust við. Um 45 prósent nefndu Svaninn en innan við 6 prósent nefndu önnur merki. Merkið virðist hafa bætt ímynd sína á milli ára, því árið 2009 var gerð sambærileg könnun og þá nefndu 28 prósent aðspurðra Svaninn.

Hér á landi er hægt að fá Svaninn fyrir um 70 mismunandi flokka vöru og þjónustu. Yfir 6.000 vörutegundir og þjónustur bera merki Svansins og 14 fyrirtæki. - SV

### Svansvottun

Hér á landi eru 14 aðilar sem bera umhverfisvottun Svansins: Prentsmiðjurnar Guðjón Ó, Oddi, Svansprent, Ísafold og Háskólaprent, Ræstingarþjónusturnar Sólarræsting, ISS, Hreint, Nostra og AÞ-þrif, iðnaðarhreinsiefni frá Undra og Farfuglaheimilið í Laugardal og á Vesturgötu. Kaffihús Kaffitárs bera einnig Svansvottun.

*Nánar má lesa um Svaninn á heimasíðunni www.svanurinn.is*



**COSTA DEL SOL Á SPÁNI** Af þeim sólarlöndum sem ferðaskrifstofur bjóða upp á í sumar eru ódýrustu flugfargjöldin til Spánar.

MYND/ÚRVAL ÚTSÝN

### Heimsferðir

**Tímabil:** 14. til 25. júní (10 dagar)
**Land:** Spánn
**Svæði:** Costa del Sol, Malaga
**Hótel:** Aparthotel Aquamarina, Torremolinos ***
**Verð á farþega:** 114.740 krónur
**Heildarverð:** 458.960 krónur

### Vita

**Tímabil:** 16. til 30. júní (2 vikur)
**Land:** Spánn
**Svæði:** Alicante, Benidorm
**Hótel:** Albir Confort Nuevo Golf Apartments **
**Verð á farþega:** 110.300 krónur
**Heildarverð:** 441.200 krónur

### ÚÚ / Plúsferðir

**Tímabil:** 16. til 30. júní (2 vikur)
**Land:** Spánn
**Svæði:** Alicante, Benidorm
**Hótel:** Paraiso Centro **
**Verð á farþega:** 113.395 krónur
**Heildarverð:** 453.580 krónur

# Ódýrast að fara til Spánar í sólina

**Ekki virðist vera hægt að fá svokallaðar „pakkaferðir" erlendis á minna en 100 þúsund krónur á manninn, sé miðað við fjögurra manna fjölskyldu í tveggja vikna ferð. Ekki er mikill verðmunur á milli ferðaskrifstofa. Spánn virðist í öllum tilvikum vera ódýrasta landið til þess að sækja heim ef fólk er að leita sér að sól, strönd, sundlaug og sólhlífakokkteilum.**

Fréttablaðið gerði lauslega verðkönnun á ódýrustu pakkaferðum ferðaskrifstofanna Heimsferða, Úrvals Útsýnar / Plúsferða og Vita, sem bjóða upp á svokallaðar „pakkaferðir". Í ljós kom að ódýrast er að fljúga til Spánar og er gisting þar einnig með því ódýrasta sem gerist í sunnanverðri Evrópu.

Í könnuninni var gert ráð fyrir fjögurra manna fjölskyldu, tveimur fullorðnum einstaklingum með tvö börn. Flogið er frá Keflavík og gist á hóteli í þær nætur sem tilgreint er, sem er um það bil tvær vikur. Ekkert fæði er innifalið í verðinu. Ódýrustu hótelin sem ferðaskrifstofurnar bjóða upp á eru valin. Tímabilin eru allt frá tíu daga dvöl til tveggja vikna, allt frá því sem er í boði. Í öllum tilvikum er flogið út um miðjan júní næstkomandi.

Ekki er tiltækur munur á ódýrustu pakkaferðum ferðaskrifstofanna. Vita er með lægsta verðið, þar sem tveggja vikna ferð til Benidorm kostar um 110 þúsund krónur á manninn, sé miðað við fjögurra manna fjölskyldu á tveggja stjörnu hóteli. Ferð til sama staðar með Úrvali Útsýn á sama tímabili, þar sem einnig er gist á tveggja stjörnu hóteli, kostar um 113 þúsund krónur á mann. Sé farið með Heimsferðum, þar sem ódýrustu ferðirnar eru til Costa del Sol, kostar ferðin á manninn um 115 þúsund krónur. Þar er þó um að ræða gistingu á þriggja stjörnu hóteli.

Fólk er hvatt til þess að skoða heimasíður fyrirtækjanna í tíma til þess að ná sem ódýrustum bókunum. Nú er ferðamannatíminn að ganga í garð og fer því hver að verða síðastur að ná ferðum á góðu verði.

sunna@frettabladid.is




# Siðareglur í íslensku vísindasamfélagi

Málþing föstudaginn 18. mars kl. 14-16 á Hótel Sögu

**Rannís efnir til málþings um siðareglur í íslensku vísindasamfélagi. Hver er staða þessara mála á Íslandi? Hvernig er að starfa sem vísindamaður við núverandi aðstæður? Hverju viljum við breyta í íslensku vísindasamfélagi og hvaða leiðir eru færar til þess?**

**Frummælendur:**

- Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís setur þingið
- Dr. Sigurður Kristinsson heimspekingur, forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri
- Dr. Rannveig Traustadóttir félagsfræðingur, prófessor og forstöðumaður Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands
- Dr. Kári Stefánsson læknir, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

**Fundarstjóri:** Dr. Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

**Vinsamlega tilkynnið þátttöku á rannis@rannis.is í síðasta lagi 17. mars**

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


**NEYTANDINN:** ANDRI FREYR VIÐARSSON ÚTVARPSMAÐUR

## *Notar enn fimmtán ára og 300 króna Tollgeymslujakka*

„Mín verstu kaup eru sennilega árskort sem ég keypti einu sinni í World Class. Það var lítið notað," segir Andri Freyr Viðarsson, útvarpsmaður á Rás 2. „Maður notaði það aðeins fyrst en þetta hefði sjálfsagt átt að vera bara svona vikupassi. Þetta fór eiginlega ekki lengra en það. Þetta er rosa leiðinlegt. Það er ferlegt að koma sér í svona sjálfskaparvíti – mála sjálfan sig svona gjörsamlega út í horn," segir hann.

Spurður um bestu kaup sem hann hefur gert stendur ekki á svari frá Andra, enda er erfitt að ímynda sér að hægt sé að gera mikið betri kaup. „Það er jakki sem ég keypti í Kolaportinu árið 1996, þegar ég var í tíunda bekk, merktur Tollvörugeymslu Reykjavíkur. Hann kostaði 300 kall og ég nota hann enn í dag – og það rosalega mikið." Andri sparar ekki hrósið í garð jakkans. „Þetta er léttur sumarjakki, svokallaður „navy-blue". Hann er bara yndislegur. Það hæla mér alltaf allir fyrir þennan jakka. Hann er mjög mikið „high fashion"."



SuperPump tekið af markaði:

## Inniheldur ólögleg efni

Fæðubótarefnið SuperPump 250 hefur verið tekið af markaði. Fæðubótarefnið fellur undir ákvæði lyfjalaga.

Fitness Sport hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla vöruna, þar sem hún inniheldur ákveðin efni sem geta valdið neytendum heilsutjóni. Kemur þetta fram í tilkynningu frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

SuperPump 250 inniheldur indole-3-carbinol og „ajuga turkesterones" og hefur Lyfjastofnun ákveðið að varan félli undir lyfjalög vegna framangreindra innihaldsefna. Þeir sem eiga SuperPump 250 eru hvattir til að hætta notkun þess nú þegar. Vörunni skal fargað eða henni skilað til Fitness Sport. - SV

# GÁÐU HANDAN VIÐ HORNIÐ

Bíldshöfði 8

Brimborg lofar að einbeita sér að því að aðstoða þig við að kaupa vöru, þjónustu og hugarfar Brimborgar

**Kafaðu dýpra** þegar þú kaupir notaðan bíl. Gerðu ríkar kröfur. Gáðu hvað er handan við kaupverðið. Hafðu í huga að þú kaupir miklu meira en bara bílinn. Brimborg lofar að einbeita sér að því að hjálpa þér að kaupa. Þannig færðu meira en bara bíl. Þú færð alla þá þjónustu og öryggi sem þú krefst. Þú velur ábyggilega öruggan stað að vera á. Bíldshöfði 8 er því sannkallað sæluhús. Og mundu, handan við hornið eru tvö önnur sæluhús, Ford og Volvo, Bíldshöfða 6 og Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.

## Gerðu kröfur til okkar
## Komdu í Brimborg í dag

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Mazda 3 Touring Plus (VE799)**
1,6i bensín 105 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 12/2006. Ek. 73.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 183 g/km
**Gáðu: 1.690.000 kr.**



**Mazda 6 Advance (VKM13)**
2,0i bensín 147 hö
Station sjálfskiptur
Skrd. 07/2008. Ek. 47.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 185 g/km
**Gáðu: 3.140.000 kr.**



**Mazda 6 Advance (DPL42)**
2,0i bensín 147 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 36.0000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 182 g/km
**Gáðu: 3.120.000 kr.**

mazda



**Mazda 5 Advance (ZTY32)**
2,0i bensín 146 hö 7 sæta.
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 38.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 198 g/km
**Gáðu: 2.590.000 kr.**



**Mazda 3 Touring (SZ391)**
1,6i bensín 105 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 04/2007. Ek. 68.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 162 g/km
**Gáðu: 1.610.000 kr.**

**Spurðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar** Bíll er ekki bara bíll. Bíllinn þinn er miklu meira en vélknúið ökutæki. Bíllinn er staður tómstunda, ævintýra eða jafnvel vinnu. Þú reiðir þig á að bíllinn sé í lagi. Bíll er ekki bara bíll. Bíll þarf umhirðu, viðhald, þjónustu, bílastæði og margt fleira. Brimborg er hinsvegar með þér alla leið. Þú færð bílinn, þjónustuna, þrifin, dekkin, viðgerðir og ráðgjöf um hvað hentar þér. Þú færð... tækifæri til að sinna þínu lífi. Við sinnum bílnum. Fyrir þig.

**Með þér alla leið**

CITROËN



**Citroën C4 Saloon Comfort (TM223)**
1,6i bensín 110 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 04/2006. Ek. 76000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 169 g/km
**Gáðu: 1.140.000 kr.**



**Citroën Berlingo MSP (KVN67)**
1,6i bensín 110 hö
5 dyra beinskiptur
Skrd. 11/2007. Ek. 74.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 177 g/km
**Gáðu: 1.460.000 kr.**



**Citroën C5 SX (RD530)**
2,0i bensín 143 hö
Station sjálfskiptur
Skrd. 11/2007. Ek. 57.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 206 g/km
**Gáðu: 2.290.000 kr.**



**Citroën C3 SX (SO553)**
1,4i bensín 75 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 11/2006. Ek. 60000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 145 g/km
**Gáðu: 1.170.000 kr.**



**Citroën C4 Picasso (RGK11)**
2,0i bensín 143 hö
5 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, nálægðarskynjari aftan
Skrd. 06/2008. Ek. 43.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 190 g/km
**Gáðu 2.530.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is

Finndu okkur á fasbókinni

Brimborg á Facebook | Max1 á Facebook | Vélaland á Facebook | Saga bílaleiga á Facebook | Dollar bílaleiga á Facebook | Thrifty bílaleiga á Facebook

komdu í hópinn | Volvo á Íslandi | Ford á Íslandi | Citroën á Íslandi | Mazda á Íslandi | Ford Truck á Íslandi

visthæf skref með Brimborg

**Við hjálpum þér að kaupa bíl í dag. Gáðu að verði. Komdu í Brimborg.**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

**1,4 MILLJARÐAR KRÓNA** eru almenn útlán Íbúðalánsjóðs í febrúar. Þetta er jafnhá upphæð og sjóðurinn lánaði í mánuðinum á undan. Útlánin hafa verið nokkuð undir því sem almennt gerist, samkvæmt Greiningu Íslandsbanka.

400 búnir að panta iPad 2:

## Hundrað bætast við á einum degi

„Þetta er talsvert magn. Það er ekki víst hvort allir fá tölvurnar sem pöntuðu þær því við vitum ekki hvað margar koma til landsins,“ segir Bjarni Ákason, forstjóri Eplis, umboðsaðila Apple hér á landi.



BJARNI ÁKASON

Fyrirtækið byrjaði að taka við pöntunum þeirra sem vilja kaupa iPad 2-spjaldtölvuna skömmu eftir mánaðamótin og eru nú komnar yfir fjögur hundruð pantanir í hús. Bjarni segir þróunina hafa tekið risastökk í vikunni, hundrað pantanir hafi borist á þriðjudag og megi búast við að þær verði fleiri áður en yfir lýkur.

Nýjasta kynslóð iPad-tölva kom á markað í Bandaríkjunum 11. mars síðastliðinn og seldist hún upp á mörgum stöðum. Tölvan verður seld samtímis í 25 löndum á föstudag í næstu viku og er Ísland þar á meðal. Óvíst er hvort Apple ytra nái að sinna öllum pöntunum, að sögn Bjarna.

Nýju tölvurnar verða á sama verði hér og eldri gerðir. Flestar pantanir hljóða upp á 32 til 64 GB iPad-tölvu með 3G-stuðningi, sem kosta á bilinu 130 til 150 þúsund krónur. - jab

# Óvissa kallar á aðgæslu

**Nýjustu gögn um framvindu efnahagsmála gefa misvísandi leiðsögn um þörf á breyttu aðhaldi peningastefnu Seðlabankans. Í gær var kynnt ákvörðun peningastefnunefndar bankans um óbreytta stýrivexti.**

**EFNAHAGSMÁL** Nýbirtir þjóðhagsreikningar sýna að meiri slaki hefur verið í þjóðarbúskapnum en ráð var fyrir gert. Í stað 2,7 prósenta samdráttar landsframleiðslu árið 2010 sýna tölur Hagstofunnar 3,5 prósenta samdrátt.

Á kynningarfundi Seðlabankans á vaxtaákvörðun peningastefnunefndar bankans kom þó fram í máli Þórarins G. Péturssonar, aðalhagfræðings bankans, að fjárfesting kynni að vera vanmetin í tölum Hagstofunnar. Samdráttur kynni því að verða nær spá Seðlabankans.

Peningastefnunefnd Seðlabankans ákvað að halda vöxtum bankans óbreyttum. „Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana verða áfram 3,25 prósent, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,0 prósent, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,25 prósent og daglánavextir 5,25 prósent,“ segir í yfirlýsingu nefndarinnar.

Bent er á að verðbólga mælist nú 1,9 prósent og útlit fyrir að hún verði heldur meiri á næstunni en áður hefur verið spáð, þrátt fyrir vísbendingar um veikari efnahagsumsvif. „Þetta skýrist í meginatriðum af mikilli hækkun hrávöru- og olíuverðs á alþjóðamörkuðum. Horft til lengri tíma ætti þessi framvinda ekki að hafa neikvæð áhrif á verðbólguhorfur meðan langtíma verðbólguvæntingar og launaþróun verða ekki fyrir áhrifum. Skammtíma verðbólguvæntingar hafa hins vegar risið að undanförnu. Eigi að síður er sem fyrr gert ráð fyrir að verðbólga verði undir verðbólgumarkmiðinu á næstu mánuðum áður en hún tekur að nálgast það á ný,“ segir í yfirlýsingunni.

Þá kom fram í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á fundinum að í bankanum stöldruðu menn við veikara gengi krónunnar. „Ekki er hægt með óyggjandi hætti að segja til um hvort hún er tímabundin,“ sagði hann, en gengi krónunnar hefur lækkað um sem nemur einu prósenti frá fundi peningastefnunefndar í febrúar og um 5,5 prósent frá því að gengið var sterkast í nóvember.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndarinnar segir að nýjustu gögn um framvindu efnahagsmála, verðbólgu og gengisþróun gefi nokkuð misvísandi leiðsögn um þörf fyrir breytt aðhald peningastefnunnar. „Óvissa vegna fyrirhugaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninginn og sú staðreynd að áætlun um losun gjaldeyrishafta hefur enn ekki verið lokið að fullu gefur tilefni til sérstakrar aðgæslu um þessar mundir,“ segir þar.

olikr@frettabladid.is



**ÞÓRARINN G. PÉTURSSON OG MÁR GUÐMUNDSSON** Fram kom á kynningarfundi vaxtaákvörðunar peningastefnunefndar í gær að nýbirtir þjóðhagsreikningar sýndu meiri slaka í þjóðarbúskapnum en ráð hefði verið fyrir gert. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Afnám gjaldeyrishafta ekki tímasett

„Okkar mat er að þegar birt verður áætlun um afnám gjaldeyrishafta þá muni það hafa róandi áhrif á markaðina,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Á kynningarfundi í Seðlabankanum í gær kom fram í máli Más að fyrstu skrefin í afnámi haftanna yrðu þannig að ekki reyndi á gjaldeyrisforða landsins. Þá myndu þau ráða miklu um hvernig næstu skrefum í afnámi hafta yrði háttað. Ekki yrði því um tímasetta áætlun að ræða, heldur muni hraði haftaafnámsins ráðast af endurmati stöðu og hvernig gengi að ná fyrirfram skilgreindum markmiðum.

Birta átti áætlunina 11. þessa mánaðar, en henni var frestað um hálfan mánuð. Már vonast til að áætlunin verði birt á allra næstu dögum. Seinkun á birtingu skýrist að nokkru af því hversu margir koma að gerð áætlunarinnar. „Það er einmitt mjög jákvætt að þarna séu margir kokkar,“ segir Már, enda komi bestur matur úr eldhúsi þar sem er fleiri en einn kokkur. „Áætlunin verður betri fyrir bragðið.“

**Útboðsþing**

*Verklegar framkvæmdir 2011*

***Grand Hótel Reykjavík, Gullteigur A***

***Föstudagur 18. mars kl. 13:00 – 16:30***

***Setning***
- Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI

***Reykjavíkurborg***
- Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs

***Framkvæmdasýsla ríkisins***
- Dagbjartur Guðmundsson, staðgengill forstjóra

***Reginn***
- Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri

***Landsvirkjun***
- Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs

***Siglingastofnun***
- Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs

***Landsnet***
- Nils Gústavsson, deildarstjóri framkvæmda

***Orkuveita Reykjavíkur***
- Gísli Sveinsson, sviðsstjóri Veitna

***Vegagerðin***
- Rögnvaldur Gunnarsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar

***Fundarstjórar***: Orri Hauksson - Árni Jóhannsson

*Fundurinn er opinn öllum áhugamönnum um verklegar framkvæmdir*

***Skráning á www.si.is***

MANNVIRKI FÉLAG VERKTAKA

SI

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*

Náttúruhamfarir hafa mikil áhrif á hagkerfi Japans:

## Gæti leitt til skorts á varahlutum í bíla

Ró færðist yfir hlutabréfamarkaði í Asíu í fyrrinótt eftir hrun í kjölfar náttúruhamfara þar fyrir viku. Nikkei-vísitalan hækkaði um tæp 5,7 prósent í gær en hafði fallið um tæp tuttugu prósent á fjórum dögum.

Reuters-fréttastofan hefur eftir fjármálasérfræðingum að á mánudag og þriðjudag hafi 445 milljarðar jena, jafnvirði 72 þúsund milljarða króna, þurrkast út af japönskum hlutabréfamarkaði. Þetta er þó smáræði í samanburði við hliðaráhrifin, eignatjón og framleiðslutap hjá stórum tækni- og iðnfyrirtækjum á borð við Toyota. Það getur leitt til skorts á varahlutum í tæknivörur og bíla víða um heim.

Japanski seðlabankinn hefur gripið til þess ráðs að dæla 55 þúsund milljörðum inn í hagkerfið, jafnvirði áttatíu þúsund milljarða króna, til að koma því í gang á ný.

Kyohei Morita, aðalhagfræðingur breska fjármálafyrirtækisins Barclays Capital í Japan, sagði í samtali við AP-fréttastofuna í gær heildartjón Japana af völdum náttúruhamfaranna kunna að jafngilda þremur prósentum af landsframleiðslu Japana. - jab




**MARKAÐURINN Í BAKGRUNNI** Íbúar Tókýó óttast geislavirkni frá Fukushima-kjarnorkuverinu. Mörg erlend fjármálafyrirtæki hafa sent starfsmenn sína úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endurreist BM Vallá hagnaðist um 45 milljónir króna:

## Kröfuhafar gripu í taumana fyrir ári

BM Vallá hagnaðist um 45,5 milljónir króna í fyrra. Tekjur námu tæpum 1,3 milljörðum króna. Samanburðartölur frá fyrra ári eru ekki til.

BM Vallá fór í greiðslustöðvun í febrúar í fyrra. Reynt var að endurfjármagna fyrirtækið og semja við lánardrottna. Það tókst ekki og í maí var félagið tekið til gjaldþrotaskipta. Í kjölfarið skiptu kröfuhafar eignum félagsins á milli sín. Arion banki, sem var helsti lánardrottinn BM Vallár, tók stærstan hluta fyrirtækisins. Eignarhlutur bankans í endurskipulögðu félagi með sama nafn og áður heyrir nú undir Eignabjarg.

Eignir BM Vallár nema rúmum 1,5 milljörðum króna og eru skuldir 1,1 milljarður. Til samanburðar námu þær í kringum ellefu milljörðum króna áður en fyrirtækið fór í þrot í fyrra. Eiginfjárhlutfall fyrirtækisins nemur nú 29 prósentum, að því er fram kemur í uppgjöri. - jab

BK BALDONI KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

Allt að 40% afsláttur

# VANDAÐAR
## HÁGÆÐA ELDHÚSINNRÉTTINGAR



DUCALE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng



DUCALE
Ljós eik - innfelld handföng

til afgreiðslu af lager



LINE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



COUNTRY Glerhörð, kámfrí áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans



Búr - útdraganlegt

## AUKAHLUTIR í okkar eldhúsinnréttingar



Hálfmáni - útdraganlegt



Neðri skápur - útdraganlegur



Töfrahorn - hornskápur

*Gerum ykkar hugmyndir að veruleika...*

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# ÚT MARS MÁNUÐ

*enn betra verð...*



regnfatnaður kuldagallar úlpur bolir buxur peysur kjólar náttföt nærföt leggings so



24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# LÆKKUM SKATT

## á ÖLLUM barnafatnaði og barnaskóm um helming út marsmánuð*

*Lækkum VSK úr 25,5% í 12,75%. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.



okkabuxur sokkar joggingbuxur hettupeysur strigaskór stígvél kuldaskór spariskór



peysur barnabolir barnaskyrtur barnakjólar barnaíþróttagallar

nasokkabuxur barnabuxur barnapeysur barnabolir barnaskyrtur

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kynjasjónarmið láta undan þegar á hólminn er komið.

## Jafnréttissjónarmið víkja

Ísland fékk fyrir fáeinum mánuðinn þann stimpil að vera það land í heiminum þar sem minnst væri kynjabilið. Það er gott og blessað og bendir auðvitað til að á Íslandi séu möguleikar kvenna til að verða jafnsettar körlum betri en víða annars staðar.

Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, hefur hér í þessu blaði og annars staðar kallað stöðu jafnréttismála hér á landi bírókratískt jafnrétti, eða skrifræðisjafnrétti, og bent á að þótt jafnrétti ríki í lagasetningu leiði það ekki sjálfkrafa af sér raunverulegar breytingar á samfélaginu í átt til þess að auka vægi sjónarmiða kvenna og völd þeirra.


SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is


Og víst er að langt er í land, svo langt að iðulega er orðið öfgar notað um baráttumál í átt til jafnréttis, eins og það ætti að virðast vera sjálfsagt stefnumál í nútímasamfélagi að kyn sé ekki breyta sem skiptir máli þegar kemur að virðingu, völdum, launum og svo mörgum öðrum málefnum þar sem liggur fyrir að staða kynjanna er afar misjöfn.

Flokkarnir tveir sem nú skipa ríkisstjórn hafa báðir forgangsraðað jafnréttismálum í stefnu sinni, og þar með talið jafnrétti kynja. Í samræmi við það hefur ríkisstjórnin tekið á ýmsum málefnum sem til bóta teljast í jafnréttismálum kynja.

Því veldur það sérstökum vonbrigðum þegar ríkisstjórnin og meirihluti Alþingis snýr baki við þessum stefnumálum sínum hvort sem er í stórum eða léttvægari málum.

Dæmi um þetta er skipan landskjörstjórnar. Vissulega var hér um kjör að ræða þar sem hver flokkur hafði sína kandídata. Kjörið gefur engu að síður til kynna ákveðið vilja- og áhugaleysi stjórnmálaflokkanna, þar með talið þá sem skipa meirihluta þingsins, á því að vinna með kynjasjónarmið að leiðarljósi og í anda jafnréttislaga. Skilaboðin sem þingið sendir með því að kjósa í landskjörstjórn fjóra karla og eina konu eru þannig sannarlega ekki í anda jafnréttis, ekki einu sinni skrifræðisjafnréttis.

Alvarlegri eru tölur sem flogið hafa nú í vikunni og sýna að af þeim 540 stöðugildum sem hafa verið skorin niður í ríkisrekstri á síðustu tveimur árum voru 470 setin af konum en 70 af körlum. Niðurskurður í starfsmannakostnaði ríkisins kom sem sagt að 87 prósentum niður á störfum kvenna en 13 prósent á störfum karla.

Nú er unnið að uppbyggingu atvinnuúrræða sem eiga að koma til móts við atvinnuleysið sem við Íslendingar erum nú að kynnast svo að segja í fyrsta sinn. Þau störf sem stjórnvöld hyggjast leggja fé í eru að stærstum hluta innan greina þar sem karlar hafa fyrst og fremst starfað.

Á sama tíma og ríkið segir upp konum leggur það fé til þess að byggja upp störf sem eru mun líklegri til að henta menntun og reynslu karla en kvenna. Þetta er ekki síst kaldhæðið í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur kynnt til sögunnar stefnu sem kölluð hefur verið kynjuð hagstjórn, eða hagstjórn þar sem kynjasjónarmið eru meðal þeirra sem lögð eru til grundvallar. Þetta hlýtur að kalla á endurskoðun forgangsröðunar í anda kynjaðrar hagstjórnar.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Fagfélagið

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Fagfélagsins verður haldinn fimmtudaginn 24. mars næstkomandi kl. 18:00 samtímis í Reykjavík og á Akureyri.

DAGSKRÁ:
Lögboðin aðalfundarstörf *
* Sjá nánar á www.fagfelagid.is

- Stjórnin


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Forstjórar í samkeppni

Halldór: „Ég hélt að ykkur nægði að auglýsa eigið ágæti, að þið þyrftuð ekki að vera með þessar amerísku aðferðir. Úr því þið viljið hafa þetta svona þá er ég tilbúinn. Við eigum nóg af að taka og má vera að við notum eitthvað á næstunni. En þú kannast þá við hver kaus aðferðina.“

### Þið byrjuðuð

Ragnar: „Þið hafið margoft verið með „nasty“ tón í okkar garð í auglýsingum … Þið slóguð ykkur til riddara á okkar kostnað … Við skulum því ekki slá því föstu að við höfum kastað fyrsta steininum … Mér finnst þessi texti þinn hálf þunglyndislegur Halldór. Ég hélt að þú yrðir frekar hátt uppi í kjölfar afsagnar nafna þíns í flokknum. Til hamingju með það, það er gott að bæði hann og flokkurinn sjálfur eru að draga sig í hlé frá stjórnmálum.“



### Nei, þið byrjuðuð

Halldór: „ … Við notuðum eigið ágæti. Við tíndum ekki upp eitt né neitt frá ykkur til að setja í okkar auglýsingar, heldur auglýstum okkar kosti. Þetta er munurinn Ragnar ef þú sérð þetta ekki … Ég kannast ekki við að hér hafi verið notast við þessa amerísku aðferð og reyndar var búið að segja mér, eftir síðustu hrinu ykkar í þessum málum, að þið ætluðuð að hætta þessu … Skil ekki hvað pólitík kemur málinu við. Ég hef aldrei verið í þeim hópi manna sem hneigja sig ósjálfrátt þegar minnst er á nafn flokksformanns þeirra.“



### Við skulum deleta þessu

Ragnar: „Sæll, bara til að klára þetta: Með breyttu eignarhaldi kortafélaga er líklegt að svona rabb okkar á milli þurfi að vera endanlega liðin tíð. Við skulum deleta þessu úr bæði inn- og út- hólfum.“

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Stjórnlagaráð – til upprifjunar


Stjórnlagaráð



Sigurður Líndal

fv. prófessor í lögum við Háskóla Íslands


Samkvæmt lögum um stjórnlagaþing skal Hæstiréttur skera úr um gildi kosninga fulltrúa á þingið. Þetta gerði Hæstiréttur með ákvörðun 25. janúar 2011 og lýsti kosningu til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010 ógilda.

Ákvörðun Hæstaréttar verður ekki hnekkt og með lagasetningu sinni fól Alþingi æðsta handhafa dómsvaldsins endanlegt úrskurðarvald. Ákvörðun Hæstaréttar er því í reynd hæstaréttardómur eða að minnsta kosti ígildi slíks dóms.

Nú liggur fyrir þingsályktun um að skipa 25 manna stjórnlagaráð og binda skipun þeirra og varamanna við þá sem hlutu kosningu til stjórnlagaþings eða með öðrum orðum binda kjörið við hóp manna sem hlutu ógilda kosningu og eru því umboðslausir.

> Með þessu er Alþingi í reynd að fella ákvörðun Hæstaréttar úr gildi og ganga inn á svið dómsvaldsins..

Með þessu er Alþingi í reynd að fella ákvörðun Hæstaréttar úr gildi og ganga inn á svið dómsvaldsins. Jafnframt virðir Alþingi ekki þrískiptingu ríkisvaldsins og brýtur þannig gegn stjórnarskránni, eða að minnsta kosti sniðgengur hana. Um leið ómerkir þingið eigin ákvörðun um að fela Hæstarétti endanlegt ákvörðunarvald.

Ekki bætir úr þótt einhverjar málamyndabreytingar séu gerðar á hlutverki stjórnlagaráðs frá því sem ákveðið var um stjórnlagaþing.

Það má svo sem segja að þetta sé í samræmi við það sem nú tíðkast í umgengni við lög og reglur, jafnt í stjórnmálum sem atvinnulífi.

En gott væri að þeir sem hyggjast taka sæti í stjórnlagaráði hugleiddu stöðu sína og þá jafnframt hvort þetta sé gæfuleg byrjun á því að setja nýja stjórnarskrá.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Olíuspjallakenningin

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Nígería, langfjölmennasta ríki Afríku, lýsti yfir sjálfstæði 1960. Fyrsta áratuginn eftir sjálfstæðistökuna jókst landsframleiðsla á mann í Nígeríu meira en helmingi hraðar en hún gerði eftir það. Vöxturinn hægði á sér þrátt fyrir mikla aukningu útflutningstekna eftir 1970, þegar olía varð langhelzta útflutningsafurð landsins og olíuverð margfaldaðist á heimsmarkaði. Hvers vegna hægði hagvöxturinn á sér? Olían gerði okkur að letingjum, sagði fjármálaráðherra landsins í blaðaviðtali. Ráðherrann var ekki að tala um bændur, bílstjóra, sjómenn og verkamenn. Hún var að tala um herforingjana og stjórnmálamennina, sem margir hafa skarað eld að eigin köku og staðið framsókn landsins fyrir þrifum.

Nígeríu hefur ekki haldizt vel á olíuauðnum. Fólkið í landinu – 150 milljónir manns – er því litlu betur sett nú en fyrir olíufundina. Það lifir að vísu tíu árum lengur að jafnaði og hefur nú 500 Bandaríkjadali í árstekjur að jafnaði borið saman við 300 dollara 1960. Ekki getur það kallazt ríkulegur afrakstur af olíulindunum. Meðalævi fólksins í grannlöndunum Benín og Tógó hefur lengzt um 18 til 21 ár á sama tíma. Þar geta nýfædd börn nú vænzt þess að komast á sjötugsaldur, en meðalævin í Nígeríu er enn ekki nema 48 ár á móti 57 í öðru grannlandi, Gönu. Mörg önnur olíulönd hafa svipaða sögu að segja og Nígería af ófriði, spillingu og stöðnun, þar á meðal Alsír, Angóla, Gabon, Írak, Íran, Líbía, Mexíkó, Miðbaugs-Gínea, Sádi-Arabía, Súdan og Venesúela. Hvers vegna? Um það fjallar olíuspjallakenningin.

Því hefur verið haldið fram, að tekjum Nígeríu af olíulindunum þurfi að koma úr höndum spilltra stjórnvalda í traustar einkahendur. Ekki er sú lausn lokkandi í ljósi gamallar og nýrrar reynslu af ófyrirleitnu einkaframtaki í Nígeríu og víða annars staðar. Vandinn hér er sá, að einkaframtakið er ekki óskeikult frekar en almannavaldið. Hugleiðum einfalda líkingu til skýringar. Ef dómarar reynast spilltir, ráðumst við þá gegn vandanum með því að einkavæða dómskerfið? Nei, auðvitað ekki. Lausnin hlýtur að felast í að ýta spilltum dómurum til hliðar og hreinsa til í dómskerfinu innan ramma réttarríkisins til að tryggja óhlutdrægni dómstólanna.

Verði einkaframtaksleiðin eigi að síður fyrir valinu í olíubúskap Nígeríu, skiptir miklu, hverjum í einkageiranum er veittur aðgangur að olíutekjunum og á hvaða kjörum. Sé olíutekjunum líkt og í Alaska skipt jafnt á milli fólksins í landinu, réttmæts eiganda olíulindanna samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, getur sú ráðstöfun talizt réttlát, þótt ekki sé hún endilega hagkvæm. En sé aðgangur að olíulindunum skammtaður útvöldum hópi manna líkt og gert var við kvótann hér heima, er sú málsmeðferð hvorki réttlát né hagkvæm. Fiskveiðistjórnunarkerfið hér heima brýtur gegn stjórnarskránni samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 1998 og gegn sáttmála Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi samkvæmt úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna 2007. Ríkisstjórnin stendur enn gneyp frammi fyrir úrskurði mannréttindanefndarinnar og á við honum ekkert svar.

> Við Íslendingar hefðum átt að stjórna fiskveiðum okkar líkt og Norðmenn stýrðu olíulindunum.

Í hverju felast spjöllin, sem glannaleg umgengni við olíulindir hefur leitt yfir svo mörg lönd? Í fyrsta lagi hneigist uppsveifla í útflutningstekjum í kjölfar olíufunda til að hækka gengi gjaldmiðilsins og bitnar þannig á öðrum útflutningsatvinnuvegum. Þetta er hollenzka veikin í hnotskurn, en hún ætti kannski heldur að kallast íslenzka veikin í ljósi þess, hversu fá íslenzk iðnfyrirtæki hafa náð fótfestu á erlendum mörkuðum við hlið sjávarútvegsins, sem þolir mun hærra gengi krónunnar en aðrir atvinnuvegir í krafti ókeypis aðgangs að fiskimiðunum. Hátt gengi hamlar hagvexti alveg eins og lágt gengi örvar hagvöxt líkt og í Kína síðustu ár. Í annan stað stuðlar mikill olíuútflutningur að sveiflum í útflutningstekjum og í efnahagslífinu yfirleitt, og sveiflugangur bitnar á hagvexti. Í þriðja lagi laða olíulindir að stjórnmálastörfum menn, sem oftlega hafa meiri áhuga á að maka krókinn en láta gott af sér leiða. Lýðræði er sjaldgæft í olíulöndum. Farsælasta olíuríki heims er Noregur, enda stóð lýðræðisskipanin þar föstum fótum löngu áður en olían fannst. Í fjórða lagi hneigjast olíulönd til að fyllast falskri öryggiskennd og slá slöku við menntun.

Við Íslendingar hefðum átt að stjórna fiskveiðum okkar líkt og Norðmenn stýrðu olíulindunum með því að virða þjóðareignarákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála og byggja upp auðlindasjóð. Þess í stað var tekinn sá kostur að mylja undir útvegsmenn og gera þeim kleift að kaupa stjórnmálamenn í kippum líkt og Styrmir Gunnarsson fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins lýsti með þessum orðum í bók sinni Umsátrið (2009, bls. 206): „Handhafar kvótans ... höfðu líf plássanna í hendi sér. ... Það jafngilti pólitísku sjálfsmorði að rísa upp gegn handhafa kvóta á landsbyggðinni.“ Samkvæmt lýsingu Styrmis stafar lýðræðinu ógn af útvegsmönnum.

Gana býst nú til að flytja út olíu í stórum stíl. Ríkisstjórn Gönu er áfram um að sækja sér fyrirmyndir til Noregs frekar en Nígeríu. Íslendingar hefðu þurft að fara eins að. Yfirráð gönsku þjóðarinnar yfir auðlindum sínum eru tryggð í stjórnarskrá til frekari staðfestingar á alþjóðlegum mannréttindaákvæðum.

# Icesave, séð frá Bretlandi

Icesave
Sveinn Valfells
eðlisfræðingur og hagfræðingur



Hér er enginn reiður út í íslenskan almenning. En eftir því sem kreppan tekur að bíta í Bretlandi er vaxandi reiði út í breskt bankafólk og eftirlitsaðila.

Ofvaxið bankakerfi er alþjóðlegt vandamál sem nær til mikils hluta vestræns heims, Bandaríkjanna, Bretlands og evrusvæðis. Íslenska bankakerfið var bara mjög ýkt sértilfelli um spillt, ofvaxið fjármálakerfi. Það þarf að ráðast á rót vandans og endurskipuleggja fjármálakerfið líkt og gert var í áföngum í Bandaríkjunum upp úr hruninu 1929, annars verður annað hrun fljótlega aftur. Eitt lykilatriði í endurskipulagningu er að aðskilja algerlega fjárhag fjármálastofnanna frá fjármálum hins opinbera, hætta að varpa skuldum einkaaðila á almenning. Þess vegna á að segja „Nei“ við Icesave.

Ísland var með veikasta fjármálakerfið og hrundi fyrst. Ísland er um margt nokkrum skrefum á undan því sem er að gerast annars staðar. Nú er litið til þess víða um heim að ekki tókst að „bjarga“ bönkunum á Íslandi, þjóðarhagur stendur miklu betur en ef það hefði tekist. Icesave er síðasti kaflinn í því máli.

Að hafna Icesave sendir skýr skilaboð um að almenningur sættir sig ekki lengur við spillt og ofvaxin fjármálakerfi. Þorri fólks erlendis sem fylgist með þessum málum mun fagna því ef Íslendingar hafna Icesave.





Kia Sorento er glæsilegur jeppi sem á eftir að koma þér á óvart. Rúmgóður og ríkulega búinn, öflugur, með frábæra aksturseiginleika og á ótrúlegu verði.

- Ný 197 hestafla dísilvél
- Sex þrepa sjálfskipting
- Einstakir aksturseiginleikar
- Útblástur með því minnsta sem þekkist í sambærilegum bílum
- Allir nýir bílar frá Kia eru í 7 ára ábyrgð

Kia Sorento, sjálfskiptur, dísil 197 hö.
Verð frá 6.890.000 kr.

Til afgreiðslu strax!

KIA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.
ASKJA

# Heimsmynd sprettur af sjálfsmynd

Ísland og ESB

**Jón Steindór Valdimarsson**
lögfræðingur og stuðningsmaður Já Ísland



Ég er brekkubúi frá Akureyri, að norðan. Nú Reykvíkingur í Grafarvogi. Samt aðallega Íslendingur, í hópi Norðurlandabúa í Evrópu, á vesturhveli jarðar sem snýst um sólu. Þetta er svolítið eins og rússnesk trédúkka (matryoshka) þar sem hver hjúpurinn tekur við af öðrum. Ég er samt alltaf ég.

Í hverju lagi fyrir sig gegnir maður ákveðnu hlutverki og hvert lag gegnir sínu hlutverki. Nákvæmlega hið sama má segja ef horft er til þjóða heimsins og þar með Íslands. Sterk sjálfsmynd á öllum stigum gefur styrk til þess að allir í þessu flókna gangverki sinni sínu þar sem það á við en deili verkefnum og ákvörðunum með öðrum þar sem það á við ef árangur á að nást.

> Aðild snýst um sjálfsmynd okkar og sjálfsvirðingu.

Aðild Íslands að Evrópusambandinu er fullkomlega eðlilegt og rökrétt skref fyrir okkur Íslendinga. Við verðum hvorki meiri né minni við aðildina en við styrkjum okkar eigin stöðu um leið og við styrkjum stöðu ESB og Evrópu. Þannig verðum við sameiginlega betur í stakk búin til að takast á við verkefni dagsins en ekki síður framtíðarinnar, bæði sem Íslendingar og Evrópubúar.

Hvað er brýnna en að tryggja öryggi og frið í álfunni og styrkja mannréttindi? Það er grundvöllur farsældar og hagsældar. Þar hefur ótrúlegur árangur náðst í stuttri sögu Evrópusambandsins frá sex ríkja samstarfi til 27 ríkja samstarfs. Greið viðskipti og stöðugleiki er forsenda góðra lífskjara og öruggra aðdrátta og markaða fyrir útflutning. Það er besta trygging fyrir gagnkvæmu matvælaöryggi, lyfjaöryggi, orkuöryggi og svo mætti lengi telja.

Aðild að Evrópusambandinu snýst ekki nema að litlu leyti um lausn á brýnum efnahagsvanda okkar. Aðild snýst fyrst og fremst um hvort við viljum skipa okkur í sveit með öðrum Evrópuþjóðum og leggja okkar af mörkum til að skapa okkur öllum hagsæld og farsæld. Aðild snýst um sjálfsmynd okkar og sjálfsvirðingu og hvort við viljum vera þátttakendur eða áhorfendur við að skapa þá heimsmynd sem er í sífelldri endurnýjun og mótun. Heimsmynd þar sem sameiginlegum viðfangsefnum fjölgar sífellt.

Ég er sannfærður um að sjálfsmynd okkar Íslendinga er svo sterk að þegar við íhugum málin þá sjáum við fljótt að með aðild að ESB fáum við stórkostlegt tækifæri til að taka þátt í að móta framtíð Evrópu og um leið heimsins alls. Þá fáum við gullið tækifæri til þess að sýna hvað í okkur býr.

# Dýrkeyptur glannaskapur

Icesave

**Átta hæstaréttarlögmenn**
skrifa um Icesave-lögin

Þjóðaratkvæðagreiðslan 9. apríl snýst um það hvort við ljúkum Icesave-málinu með samningum eða höfnum frekari samningum og höldum deilunni gangandi næstu ár fyrir dómstólum með tilheyrandi kostnaði og áhættu. Með þeim samningum sem þverpólitísk samninganefnd náði og aukinn meirihluti Alþingis studdi er bæði áhætta Íslands og kostnaður lágmarkaður.

Gagnrýnendur samningsins benda á að endanlegur kostnaður Íslands sé háður óvissuþáttum á borð við heimtur úr þrotabúi Landsbankans, almenna efnahagsþróun og gengisþróun. Þessi atriði eiga einnig við um dómstólaleiðina. Órökrétt er að halda því fram að valið í þjóðaratkvæðagreiðslunni standi á milli þess kostnaðar sem felst í samningnum með sínum óvissuþáttum og þess að enginn kostnaður falli á Ísland. Aðeins annar kosturinn markar lok Icesave-málsins og þá með skilmálum og áhættu sem við áttum þátt í að semja um og lágmarka. Nei við þeirri leið þýðir að endanleg niðurstaða málsins er úr okkar höndum. Fórnarkostnaður atvinnulífs og samfélags af áframhaldandi ófriði er óþekktur. Kostnaðurinn við tapaða dómstólaleið verður aldrei minni en af þeim samningi sem búið er að ná, reyndar örugglega miklu meiri. Jafnvel þótt Ísland ynni málið eftir langdregin málaferli er óvíst um kostnað sem af því stafaði en alþjóðlegu matsfyrirtækin hafa metið það svo að hann yrði okkur þungbærari en fyrirliggjandi samningur.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), sem hefur það hlutverk að túlka og fylgja eftir lögum og reglum tengdum EES, hefur þegar gefið út það álit sitt að Ísland beri ábyrgð á skuldbindingum Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta þar sem eignir sjóðsins dugðu ekki til að standa undir lögbundinni lágmarkstryggingu sparifjáreigenda í útibúum Landsbankans í Hollandi og Bretlandi. Ljúki Icesave-deilunni ekki með samningum mun ESA fara með samningsbrotamál gegn Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn. ESA hefur hingað til unnið 27 af 29 málum sem farið hafa þessa leið og þarf alveg sérstaka tegund af kokhreysti til þess að viðurkenna ekki að dómstólaleiðin felur í sér alvarlega áhættu fyrir Ísland. Það er beinlínis barnalegt að láta sér detta í hug að Íslandi stæði til boða að greiða samkvæmt núverandi samningi ef EFTA-dómstóllinn kæmist að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði brotið gegn EES-samningnum að því er varðar innstæðutryggingar. Sá dómur gæti fallið sumarið 2012 og þá yrðu Íslendingar að ákveða hvort þeir sinntu niðurstöðu dómstólsins. Gerðu þeir það ekki gæti ESA neyðst til þess að höfða annað mál til þess að fá staðfest að Ísland hefði ekki virt hina fyrri niðurstöðu. Færi nú á sömu leið, það er að EFTA-dómstóllinn dæmdi með ESA, flyttist málið yfir á vettvang alþjóðastjórnmála. Afleiðingar gætu hugsanlega orðið þær að Íslandi yrði vísað af evrópska efnahagssvæðinu. Þá blasti við hætta á að lagður yrði tollur á íslenskar vörur í Evrópu sem hafa notið tollfrelsis frá 1971 og er þá hætt við að „mörgum kotbændunum muni þykja verða þröngt fyrir dyrum“ eins og Einar Þveræingur hefði orðað það, þar á meðal öllum sem lífsbjörg hafa af fiskveiðum og vinnslu, þegar 30% tollur yrði lagður á þær vörur í Evrópu.

> Væru íslensk rök og sjónarmið hin einu réttu eða viðurkenndu í þessari deilu þyrftum við ekki að hafa miklar áhyggjur.

Væru íslensk rök og sjónarmið hin einu réttu eða viðurkenndu í þessari deilu þyrftum við ekki að hafa miklar áhyggjur. Því miður er svo ekki. Við höfum engan rétt til þess að leika okkur að efnahagslegri framtíð barna okkar með því að halda áfram að þykjast ósigrandi og geta boðið hvaða aðstæðum sem er birginn. Sá hugsunarháttur hefur þegar kallað yfir okkur eitt hrun og við megum ekki við öðru.

Við undirrituð munum því segja já í væntanlegri atkvæðagreiðslu.

*Garðar Garðarsson, hrl.*
*Gestur Jónsson, hrl.*
*Guðrún Björg Birgisdóttir, hrl.*
*Gunnar Jónsson, hrl.*
*Jakob R. Möller, hrl.*
*Lára V. Júlíusdóttir, hrl.*
*Ragnar H. Hall, hrl.*
*Sigurmar K. Albertsson, hrl.*




# Kvótakerfið – markmið og afleiðing

Sjávarútvegur

**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur



Frjálsar fiskveiðar voru lagðar af 1985. Mikil ofveiði varð í kjölfar 2. og 3. ríkisstyrktu togskipavæðingar landsins. Svartar skýrslur fiskifræðinga rökstuddu þörfina á að takmarka sókn. Rekstur sjávarútvegsgreina var óhagkvæmur. Skipastóllinn var of stór. Útgerðin þurfti hærra fiskverð frá vinnslunni, sem bað um gengisfellingu á móti. Ásamt sveiflum í afla olli þetta miklum hagsveiflum, sem jafnaðar voru út með mikilli og stöðugri verðbólgu.

Hönnun nýs fiskveiðistjórnunarkerfis tók mið að þessum margþætta vanda. Kjarninn í lausninni var að gera sjávarútveginn hagkvæmari. Laga sókn að þeim afla sem óhætt var að veiða. Gera sjávarútveginn sjálfbæran. Ekki voru mjög skiptar skoðanir um það að þeir sem sótt höfðu sjóinn árin á undan fengju sambærilega aflahlutdeild í nýja kerfinu. Deilt var um hvort greiða ætti fyrir þessa opinberu úthlutun. Engar háværar raddir voru þá um uppboð aflaheimilda. Hitt atriðið sem mikið var rætt var hvort heimila ætti framsal aflaheimilda. Í upphafi voru skorður á því en 1990 var flestum hindrunum rutt úr vegi.

Rökin fyrir framsalsrétti voru annars vegar hagræðingarþörf í greininni, hins vegar hefðbundinn tilflutningur innan greinarinnar sem áður gerðist með sölu skipa. Frjálst framsal var forsenda þess að hagræðing gæti átt sér stað. Til að útgerðir gætu lifað af samdrátt úr 450 þús. þorsktonnum í 180 varð að heimila hindrunarlítil kaup og sölu aflaheimilda. Annars hefði kerfið ekki skilað okkur neinum ávinningi. Við hefðum áfram verið með óhagkvæman sjávarútveg á framfæri almennings. Sum fyrirtæki þurftu að stækka, önnur að minnka eða hverfa úr rekstri.

Það var þessi samdráttur í heildarafla sem var meginvandi sjávarbyggða. Hin rökin fyrir framsalsrétti voru hefðbundin hugsun um eignarrétt. Í frjálsri sókn voru það skipin sem mynduðu eignaverðmætið. Þau gengu kaupum og sölum. Skyndilega hafði þetta breyst. Skip án aflamarks seldust á hrakvirði, útgerðir án kvóta voru verðlausar. Verðmætið fluttist sjálfkrafa frá skipi til kvótans. Þótt okkur finnist veðsetning kvóta orka tvímælis nú, þá blasti það við að annað hvort yrði kvótinn veðbundinn við skipið, sem hefði valdið erfiðleikum við að draga saman flotann, eða fá þyrfti heimild til að veðsetja kvótann. Hagræðing kerfisins tókst. Sjávarútvegurinn varð sjálfbær. Fiskistofnunum var bjargað, þótt uppbygging þeirra tæki lengri tíma.

> Sjávarútvegurinn á að lúta sömu leikreglum og aðrar atvinnugreinar.

### Hin hlið kvótakerfisins

En kerfið hefur sínar skuggahliðar. Öll kerfi má misnota. Þetta vegur þyngst:

1. Réttur til veiða var vísvitandi takmarkaður. Í reynd gildir þar einkaleyfisréttur. Frjáls sókn samrýmist ekki markmiðum um friðun fiskistofna og sjálfbæran sjávarútveg. Hann er of mikilvægur afkomu þjóðarinnar til að búa við umgjörð sem leiðir af sér óhagkvæmni og afkomuskort.

Þjóðir þar sem sjávarútvegur skiptir litlu máli geta hins vegar leyft sér meira frjálsræði og lélegri afkomu greinarinnar. Þær líta á hana eins og óhagkvæman niðurgreiddan landbúnað. Þann munað getum við ekki leyft okkur. Menn geta að vísu keypt sig inn í greinina, en eftir því sem aflaheimildir safnast á færri hendur verður þetta æ dýrara og erfiðara. En einkaleyfi á nýtingu auðlindar veitir mikil völd. Þau takmarkast ekki við afkomu og örlög sjávarbyggða heldur ná til samfélagsins alls.

Handhafar langtíma einkaveiðileyfa hafa gríðarlega sterka efnahagslega og pólitíska stöðu. Sjávarútvegurinn á að lúta sömu leikreglum og aðrar atvinnugreinar, ef frá er talin verndun og meðhöndlun auðlindarinnar.

Oft er því flaggað að samkeppni sé öllum holl. Í EES-samningnum var sjávarútvegurinn undanskilinn fjárfestingarfrelsinu, einkum vegna þess að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þóttu fjárhagslega veikburða.

Þetta gildir ekki lengur. Íslensk fyrirtæki hafa yfirburðastöðu erlendis. Opna á fyrir fjárfestingar úr EES-ríkjum í íslenskum sjávarútvegi. Útlendingar gætu þá keypt sig inn í íslenskar útgerðir og starfað þar á grundvelli íslenskra laga eins og í öðrum atvinnugreinum, svipað og við gerum í evrópskum sjávarútvegi.

2. Lögmæti kerfisins gagnvart þjóðinni, eiganda auðlindarinnar, þarf að bæta. Lögmætið myndi aukast verulega ef veiðigjaldið yrði hækkað og það lagt á brúttó verðmæti eins og húsaleiga og allir borgi óháð afkomu. Smábátaútgerð á að halda aðskilinni frá annarri útgerð og banna flutning aflaheimilda á milli. Hér má opna fyrir nýliðun.

3. Atferli sumra útgerðarmanna hefur leitt til myndunar leiguliðastéttar meðal sjómanna, svipað og var meðal fátækra bænda fyrr á tímum. Þetta var ekki tilgangurinn með frjálsa framsalinu. Í stað þess að veiða sjálfir leggja þeir skipum sínum og leigja veiðiréttinn út. Þetta á að banna nema í undantekningartilvikum þegar brúa þarf skammtíma bil. Bjóða á þá kvóta upp sem leigðir eru út í atvinnuskyni.

Niðurstaða: Viðhalda ber framseljanlegu aflamarkskerfi. Afnema á bann við erlendum fjárfestingum í sjávarútveginum, banna leigukvóta og hækka auðlindarentuna.

SUBARU

*Confidence in Motion*

# Sá besti hingað til!




SYMMETRICAL AWD SINCE 1972

**OUTBACK**

**Subaru Outback 2.5i LUX**

Ný Lineartronic, keðjudrifin, stiglaus sjálfskipting með 6 þrepa handskiptingu í stýri.
20 cm veghæð, leðurinnrétting, handfrjáls Bluetooth símabúnaður, hleðslujöfnun, regnskynjari o.m.fl.

**Verð 5.990.000,-**

Subaru hefur aldrei verið betri og sannarlega aldrei með ríkulegri búnaði.

Nýr, vandaður **Subaru Outback** er með öfluga og sparneytna 2,5 l *boxervél* sem eyðir aðeins 8,4 l/100 km í blönduðum akstri. Hann er með fullkomnu sítengdu fjórhjóladrifi með skriðvörn (VDC) ásamt nýrri Lineartronic sjálfskiptingu með handskiptimöguleika í stýri. Leðurklæðning ásamt nýrri og glæsilegri innréttingu.

**Verið velkomin í reynsluakstur – sjón er sögu ríkari! Svona glæsilegan Subaru höfum við aldrei boðið fyrr.**

ENNEMM / SÍA / NM45775



www.subaru.is

**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Icesav – lagalegar afleiðingar synjunar

Icesave

Margrét Einarsdóttir
forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar HR og LL.M í Evrópurétti



Innan fárra vikna ganga íslenskir kjósendur til þjóðaratkvæðagreiðslu um „Icesave-lögin". Icesave-málið hefur margar hliðar, sem útilokað er að tæma í einni stuttri blaðagrein. Hér verður umfjöllunarefnið því takmarkað við hverjar séu líklegar lagalegar afleiðingar þess að íslenska þjóðin synji „Icesave-lögunum" staðfestingar í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk.

Ágætt er að byrja á því að rifja upp að Icesave-málið er nú þegar í ferli hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Hinn 26. maí 2010 sendi ESA íslenska ríkinu áminningarbréf þar sem stofnunin lýsti því yfir að íslenska ríkið hefði gerst brotlegt við tilskipun 94/19 um innistæðutryggingar og 4. gr. EES-samningsins, þar sem lagt er bann við allri mismunun á grundvelli þjóðernis. Hefur ESA lýst því yfir að ef samningar takist á milli Íslands annars vegar og Bretlands og Hollands hins vegar í Icesave-deilunni muni stofnunin ekki grípa til frekari aðgerða. Ef „Icesave-lögin" verða hins vegar felld í þjóðaratkvæðagreiðslunni má telja fullvíst að ESA haldi áfram með málið. Næsta skref í ferlinu verður þá að íslenska ríkið skili athugasemdum sínum til ESA og í framhaldinu má búast við að ESA gefi út rökstutt álit. Slíkt álit er undanfari þess að stofnunin höfði samningsbrotamál gegn íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum.

Næst er að velta fyrir sér hver væri líkleg niðurstaða EFTA-dómstólsins í slíku máli. Því miður hallast ég að því að verulegar líkur séu á því að íslenska ríkið myndi þar bíða lægri hlut. Í áminningarbréfi ESA er m.a. byggt á því að íslenska ríkið hafi brotið gegn grundvallarreglu EES-samningsins um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis. Við fall bankanna í október 2008 voru innistæður í innlendum útibúum tryggðar að fullu á meðan innistæður í erlendum útibúum nutu engrar tryggingar. Í þessu felst óbein mismunun á grundvelli þjóðernis og því að öllum líkindum um að ræða skýrt brot gegn 4. gr. EES-samningsins.

Í öðru lagi byggir ESA á því í áminningarbréfinu að íslenska ríkið hafi gerst brotlegt við tilskipun 94/19 um innistæðutryggingar þar sem íslenska ríkið hafi ekki séð til þess að hér á landi væri komið á fót innistæðutryggingakerfi sem virkaði, þ.e. sem hefði í raun og veru burði til þess að tryggja innistæðueigendum þá lágmarksupphæð, 20.000 evrur, sem kveðið er á um í tilskipuninni. Hafi íslenska ríkið því ekki uppfyllt það markmið tilskipunarinnar að tryggja innistæðueigendum raunverulega vernd. Af dómaframkvæmd EFTA- og Evrópudómstólsins er ljóst að það er ríkjandi lögskýringarsjónarmið hjá dómstólunum að túlka löggjöf í samræmi við markmið hennar. Þá er mikil áhersla lögð á að réttindi einstaklinga á grundvelli EES-samningsins og Evrópusambandsréttar njóti virkrar verndar. Í þessu ljósi hallast ég að því að líkur séu á því að niðurstaða EFTA-dómstólsins yrði sú að íslenska ríkið hefði einnig gerst brotlegt við tilskipun 94/19 um innistæðutryggingar.

> Dómur EFTA-dómstólsins þess efnis að íslenska ríkið hafi brotið gegn samningsskuldbindingum sínum á grundvelli EES-samningsins myndi setja aukinn pólitískan þrýsting á Íslendinga að greiða skuldina. Ef íslenska ríkið yrði ekki við því kynnu samningsaðilar EES-samningsins að grípa til refsiaðgerða gegn okkur á grundvelli samningsins.

Dómur EFTA-dómstólsins þess efnis að íslenska ríkið hafi brotið gegn samningsskuldbindingum sínum á grundvelli EES-samningsins myndi setja aukinn pólitískan þrýsting á Íslendinga að greiða skuldina. Ef íslenska ríkið yrði ekki við því kynnu samningsaðilar EES-samningsins að grípa til refsiaðgerða gegn okkur á grundvelli samningsins.

Í samningsbrotamáli fyrir EFTA-dómstólnum yrði þó ekki leyst úr því með beinum hætti hvort íslenska ríkið bæri skaðabótaábyrgð vegna samningsbrota sinna. Bretar og Hollendingar gætu hins vegar höfðað mál fyrir íslenskum dómstólum og krafist skaðabóta. Íslenskir dómstólar myndu í slíku dómsmáli leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins. Kæmi það því í hlut þess dómstóls að veita ráðgefandi álit á því hvort skilyrði bótaskyldu vegna brota á EES-rétti væri uppfyllt. Skilyrði bótaábyrgðar vegna brota á EES-rétti eru þau að reglan sem brotin var skapi rétt handa einstaklingum, að orsakatengsl séu á milli brotsins og tjónsins og að brotið sé nægjanlega alvarlegt. Enginn vafi leikur á því að tvö fyrrnefndu skilyrðin eru uppfyllt og myndi því fyrst og fremst reyna á það í dómsmáli af þessu tagi hvort samningsbrot íslenska ríkisins væru nægjanlega alvarleg til að varða bótaábyrgð. Í ljósi dóms Evrópudómstólsins í máli C 392/93 British Telecommunications tel ég vafa leika á því að brot íslenska ríkisins gegn tilskipun um innistæðutryggingar myndi uppfylla það skilyrði. Hins vegar má telja verulegar líkur á því að brot íslenska ríkisins gegn banni við mismunun á grundvelli þjóðernis, sem er algjör grundvallarregla EES-réttarins, yrði talið nægjanlega alvarlegt. Íslenska ríkið yrði því a.m.k. talið bótaskylt á þeim grundvelli, (sjá til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins í máli C 5/94 Hedley Lomas). Telja verður útilokað annað en að dómur íslenskra dómstóla í málinu yrði í samræmi við niðurstöðu ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins.

Þá er það áhyggjuefni að Bretar og Hollendingar gætu fyrir íslenskum dómstólum byggt á því að vegna brota á 4. gr. EES-samningsins bæri íslenska ríkið bótaábyrgð á heildarinnistæðum innistæðueiganda í Bretlandi og Hollandi en ekki einungis þeirri fjárhæð sem samsvarar innistæðutryggingu að 20.000 evrum. Skuld Íslendinga við Breta og Hollendinga yrði þá um tvöfalt hærri en hún er samkvæmt því samkomulagi sem nú hefur náðst. Þá myndi skuldin væntanlega öll falla í gjalddaga við uppkvaðningu dóms Hæstaréttar.

Á grundvelli alls framansagðs fylgir dómstólaleiðinni veruleg áhætta fyrir Íslendinga. Er annarra að leggja mat á hvort sú áhætta sé ásættanleg með hliðsjón af þeim samningi sem nú liggur fyrir.




# Uppgjöf er ekki sátt

Icesave

Reimar Pétursson
hæstaréttarlögmaður



Jakob R. Möller hæstaréttarlögmaður skrifaði grein í Fréttablaðið 11. mars sl. um Icesave undir yfirskriftinni „Skynsamir menn semja". Ég tel mér skylt að drepa niður penna til að svara.

Í greininni segir Jakob að Íslendingum sé „mjög margt betur gefið en að taka vitrænar ákvarðanir eftir skynsamlegar umræður" og segir svo að rökræður „hverfi ótrúlega oft í misskilning og tittlingaskít". Af þessu mætti draga þá ályktun að greininni væri ætlað að styðja heilbrigðar rökræður og vitræna ákvarðanatöku í Icesave-málum.

Hafi það verið markmiðið verður því miður að segjast að það næst tæpast. Greinin fjallar nefnilega í raun ekkert um Icesave-samninginn. Í henni koma fram innihaldslausir frasar á borð við þá, að „betri sé mögur sátt en feitur dómur" og „með samningi veit hvor aðili um sig hvað hann hreppir og hverju hann sleppir".

Ég, ásamt fleirum, hef gagnrýnt Icesave-samningana með eftirfarandi rökum:

(i) Niðurstaða samninganna felur í sér meiriháttar áhættu af þróun gjaldmiðla. Hér má taka frasa frá Jakobi að láni með smá breytingu: Íslenska ríkið veit ekki hvað það hreppir eða hverju það sleppir með þessum samningi.

(ii) Niðurstaða samninganna gæti að líkum reynst okkur mun verri heldur en versta mögulega niðurstaða dómsmáls. Hér má aftur taka frasa frá Jakobi að láni með smá breytingu: Íslenska ríkið undirgengst hér magrari sátt en væri magrasta mögulega niðurstaða dómsmáls.

Þessi rök hef ég ekki sett fram vegna þess að ég telji mig einhvern sérstakan „málafylgjumann" eða vegna þess að ég hafi „yndi af því að argast í dómsmálum". Þetta tel ég mig ekki gera af „smáborgaraskap", „fávisku" eða í „stórmennskukasti". Þetta eru samt þær einkunnir sem Jakob gefur þeim sem vilja hafna Icesave-samningnum. Upphrópanir Jakobs dæma sig sjálfar og mætti hugsanlega fella undir „misskilning eða tittlingaskít" svo notuð séu hans orð. Hugleiðingar hans um íslenska rökræðulist eiga þannig hugsanlega eftir allt við rök að styðjast.

Rétt er að geta þess, að Jakob telur miklar líkur á því að ESA muni vinna sigur í samningsbrotamáli fyrir EFTA-dómstólnum. Hann byggir það á því, að skoðun ESA hafi meiri vigt en skoðun virtra íslenskra lögfræðinga. Þessu er ég ósammála, einkum vegna þess að álit ESA virðist afar illa ígrundað og felur einungis í sér álit stofnunarinnar sem hún verður að geta rökstutt fyrir dómi. Það er síðan vert fyrir Jakob að hafa í huga, að því fer fjarri að það séu einungis virtir íslenskir lögfræðingar sem deila þessari skoðun með mér því fjöldi virtra erlendra fræðimanna hefur tekið undir þetta.

> Það er ljóst að einkenni góðra sátta í dómsmálum er það, að áhætta aðila er tekin af borðinu og báðir gefa eftir af kröfum sínum

Þá gefur Jakob sér þá forsendu að með áfalli dóms í samningsbroti stæðu Íslendingar uppi „sem óreiðumenn". Þetta tel ég fjarri öllu sanni. Með reglulegu millibili dæma EFTA-dómstóllinn og Evrópudómstóllinn um margvísleg samningsbrot aðildarlanda EES-svæðisins. Enginn fer af hjörunum við slíka dóma. Viðkomandi ríki skilgreina yfirleitt sínar skyldur og ef einhver telur sig hafa orðið fyrir tjóni þannig að hann eigi rétt á bótum þá höfðar hann mál fyrir dómi. Þetta er alvanalegt og ástæðulaust að hræðast að þetta geti reynst jafn afdrifaríkt í þessu tilviki og Jakob heldur fram.

Jakob telur fórnarkostnaðinn af því að fara dómstólaleiðina mikinn. Hann gerir þó enga grein fyrir því í hverju hann er fólginn, hvernig hann eigi að reiknast og með hvaða rökum. Í þeim efnum má hann ekki gleyma því að kostnaðurinn af samningunum sem nú liggja fyrir getur einnig reynst gríðarlegur.

Það er ljóst að einkenni góðra sátta í dómsmálum er það, að áhætta aðila er tekin af borðinu og báðir gefa eftir af kröfum sínum. Hér hafa Bretar og Hollendingar náð fram sínum kröfum að fullu og áhætta Íslendinga er enn á borðinu. Þetta er því slæm sátt og óásættanleg.



maritech

- tryggir þér samkeppnisforskot

# Til hamingju Hafnarfjörður



*Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri með EDI bikarinn.*

HAFNARFJARÐARBÆR

# EDI bikarinn 2011

Við óskum Hafnarfjarðarbæ til hamingju með EDI bikarinn 2011 fyrir frábæran árangur í innleiðingu á rafrænum samskiptum. Þökkum gott samstarf.

Kynntu þér lausnir Maritech - Rafræn miðlun reikninga. Hagkvæm og umhverfisvæn lausn sem tryggir þér samkeppnisforskot.
**www.maritech.is**

Kynntu þér eReikninga InExchange. Einfaldasta leiðin til að senda út reikninga!
**www.inexchange.is**

INEXCHANGE

maritech | Borgartún 26 » 105 Reykjavík | Sími: 545 3200 » Fax: 545 3201
Hafnarstræti 102 » 600 Akureyri | sala@maritech.is » **www.maritech.is**

Microsoft Dynamics

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

# Kjör öryrkja langt undir neysluviðmiðum velferðarráðuneytis

Öryrkjar

Lilja Þorgeirsdóttir
framkvæmdastjóri ÖBÍ



## Neysluviðmið og örorkubætur

| | Dæmigert viðmið | Skammtíma viðmið | Grunnviðmið* | Örorkubætur TR eftir skatt |
|---|---|---|---|---|
| Einhleyp(ur) | 291.932 | 201.132 | 214.027 | 159.642 |
| Einstætt foreldri með 1 barn | 384.401 | 273.688 | 293.654 | 202.956 |
| Einstætt foreldri með 2 börn | 464.102 | 388.891 | 364.939 | 247.379 |

* Grunnviðmið í skýrslu Velferðarráðuneytisins eru án húsnæðis- og samgangnakostnaðar en í töflunni er þeim kostnaði bætt við úr skammtímaviðmiðum.

Á blaðamannafundi 7. febrúar sl. kynntu fulltrúar velferðarráðuneytisins ný íslensk neysluviðmið. Gefin var út ítarleg skýrsla unnin af sérfræðingum úr háskólasamfélaginu m.a. með hliðsjón af gögnum Hagstofunnar um neyslu heimila á árunum 2003 til 2008. Fólk er hvatt til að koma með athugasemdir um efni skýrslunnar, sem er á vef ráðuneytisins, fyrir 20. mars nk. Tilgangur neysluviðmiða er að aðstoða fólk við að áætla eigin útgjöld en nýtast þau jafnframt við að finna út lágmarksframfærslu og upphæðir bóta.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur frá upphafi barist fyrir sjálfsögðum réttindum öryrkja til að lifa mannsæmandi lífi óháð því hvort fólk sé fatlað eða með skerta starfsorku vegna veikinda eða annarra ástæðna. Um sjálfsögð mannréttindi er að ræða enda kemur fram í 65. gr. stjórnarskrár Íslands að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda óháð efnahag. Þrátt fyrir það eru kjör öryrkja óásættanleg því bætur almannatrygginga eru langt undir neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins. Þetta á við um öll viðmiðin óháð því hvort um sé að ræða dæmigert viðmið, sem er leiðbeinandi um hóflega neyslu, grunnviðmið, er varðar lágmarksframfærslu, eða skammtímaviðmið, sem er framfærsla í hámark níu mánuði. Í töflunni hér að neðan má sjá hversu mikið ber á milli þessara viðmiða og örorkubóta sem öryrkjar fá frá Tryggingastofnun ríkisins.

Upphæðir í skammtíma- og grunnviðmiðum eru mjög lágar og ljóst að erfitt er að lifa á þeim miðað við aðstæður í þjóðfélaginu, en bætur almannatrygginga eru þó umtalsvert lægri. Það vekur einnig furðu hversu lítill munur er á framfærslu sem fólki er ætlað að lifa á annars vegar til skamms tíma og hins vegar til lengri tíma.

**Heilbrigðiskostnaður stórlega vanmetinn.**

Þegar einstakir kostnaðarliðir neysluviðmiðanna eru skoðaðir kemur í ljós að heilbrigðiskostnaður, sem snertir öryrkja og sjúklinga sérstaklega, er stórlega vanmetinn. Í rannsókn sem framkvæmd var 2006 af Rúnari Vilhjálmssyni félagsfræðingi kom fram að öryrkjar vörðu um 6% af heildartekjum heimilisins í heilbrigðismál, en í nýju neysluviðmiði velferðarráðuneytisins er hlutfallið mun lægra eða um 2,6% þrátt fyrir að kostnaðarhlutdeild sjúklinga vegna lyfja, lækniskostnaðar, þjálfunar og hjálpartækja hafi aukist umtalsvert eftir bankahrun. Almennt er talið að öryrkjar þurfi 15-30% hærri tekjur en aðrir til að njóta sömu lífskjara, þar sem heilbrigðiskostnaður er meiri hjá þeim en hjá fólki almennt séð vegna heilsubrests og kostnaðar við ýmsa aðkeypta þjónustu.

**Aðrir vanmetnir kostnaðarliðir.**

Gagnrýna má jafnframt að í neysluviðmiðunum er ekki gert ráð fyrir kostnaði við stofnun heimilis eða flutning í annað húsnæði. Þá eru greiðslur opinberra gjalda ekki meðtalin né nefskattar og ekki er gert ráð fyrir að fólk leggi fjármagn til hliðar til að geta mætt óvæntum útgjöldum. Ljóst er að ekkert má út af bera hjá fólki með lágar tekjur til að fjárhagurinn fari ekki enn frekar úr skorðum.

**Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja.**

Rannsóknin „Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja“ sem kynnt var 25. febrúar sl. sýnir að örorkubætur eru svo lágar að margir öryrkjar búa ekki við mannsæmandi kjör. Rannsóknin var unnin af Rannsóknasetri í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands í samstarfi við ÖBÍ með styrk úr sjóði sem stofnaður var í tengslum við Evrópuár 2010 sem tileinkað var baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun. Sjóðurinn var fjármagnaður af stjórnvöldum og Evrópusambandinu.

Í rannsókninni kemur fram að fjölskyldur með börn og unglinga á framfæri eru verst staddar fjárhagslega og þá sérstaklega einstæðir foreldrar. Jafnframt eru margir öryrkjar sem búa einir illa staddir. Í þessum hópum er fólk sem á ekki fyrir brýnustu nauðsynjum seinni hluta mánaðarins og allt of margir verða að leita til hjálparstofnana eftir matargjöfum og annarri aðstoð. Fólk sem býr við slíkar aðstæður upplifir mikla streitu, kvíða og áhyggjur af afkomu sinni. Þá telur fólk bótakerfið flókið og tekjutengingar hamla breytingum á fjárhagslegri stöðu þeirra sem eru einungis með bætur almannatrygginga eða lágar lífeyrissjóðsgreiðslur.

Velferðarráðherra á hrós skilið fyrir að birta niðurstöður neysluviðmiðs en hingað til hefur hvílt yfir þessum málum ákveðin leynd. Nú blasir raunveruleikinn við sem hagsmunasamtök, einstaklingar og sérfræðingar hafa ítrekað bent á. Langtímafátækt er staðreynd í okkar samfélagi. Beðið er með óþreyju eftir aðgerðum stjórnvalda sem verða að bæta kjör öryrkja í anda velferðarsamfélags sem hefur mannréttindi að leiðarljósi.

# Frístundaheimili í hættu

Frístundaheimili

Haraldur Sigurðsson
forstöðumaður Kringlumýrar

Sigríður Rut Hilmarsdóttir
ráðgjafaþroskaþjálfi Kringlumýrar





Frístundaheimili ÍTR (Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkur) hafa verið starfrækt við alla skóla borgarinnar sl. níu ár. Starfið hefur þróast mikið frá því að ÍTR tók við því frá skólunum og hefur verið kappkostað að marka heildstæða stefnu og skýra sýn á hvernig frítímastarfinu skuli háttað.

Leiðarljós frístundaheimilanna er að börnum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og jafnræði. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem eiga undir högg að sækja vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Skemmtileg frístund er meginþemað þar sem kjörinn vettvangur er til að takast á við þroskandi og krefjandi verkefni tengd frítímastarfi sem börn fá oft ekki tækifæri til að gera heima eða í skólunum.

Hvert frístundaheimili hefur eigin áherslur, markmið og gildi. Innra starfið tekur mið af gildunum en jafnframt er unnið eftir barnalýðræði á frístundaheimilunum. Mikið er lagt upp úr að hver einstaklingur fái notið sín. Öllum er boðið upp á aldurstengd viðfangsefni og einblínt er á styrkleika hvers barns. Þannig er stuðlað að sjálfseflingu í þeim tilgangi að efla félagsþroska og styrkja sjálfsmynd barnanna sem fræðimenn hafa bent á að skili sér margfalt í bóknámi barnanna. Börn sem þess þurfa, njóta stuðnings á frístundaheimilunum og er það metið út frá þörfum hvers og eins.

Frístundaheimilin hafa þróast úr því að vera hópmiðuð þar sem hópum voru sköffuð verkefni í að vera einstaklingsmiðuð þar sem hver einstaklingur fær að velja sín viðfangsefni á hverjum degi eftir eigin geðþótta, áhugasviði og skoðunum. Í dag skipuleggja börnin starfið í samráði við starfsfólk en á árum áður var allt starfið skipulagt af starfsfólkinu og börnin höfðu lítil áhrif og nánast ekkert val um dagleg viðfangsefni.

Margt hefur áunnist síðan ÍTR tók við frístundaheimilunum. Innra starf hefur eflst og ímynd þess breyst úr því að vera gæslustarf í faglegt frítímastarf. Starfsmenn frítímastarfs hafa í auknum mæli lagt stund á tómstundafræði og sífellt fleiri líta nú á starf sitt sem framtíðarstarf í stað þess að vera tímabundin uppfyllingarvinna eins og áður fyrr. Út frá ofantöldu er ekki að undra að starfsfólk frístundaheimila sé uggandi yfir fyrirhuguðum breytingum, þ.e. ef þau verða færð frá ÍTR til menntasviðs.

> Jafnframt er ákveðin hætta fólgin í því að störf frístundaheimilanna verði ekki lengur skipuð fólki sem áhuga hefur á frítímastarfi heldur verði þau notuð til uppfyllingar fyrir starfsmenn skólanna.

Áhyggjur okkar sem starfa á vettvangi frítímans beinast að því að faglegt frítímastarf með börnum sem í dag er byggt á lýðræði, jafnræði, reynslunámi og þátttöku glati gildi sínu innan um lögbundna þjónustu skólanna. Jafnframt er ákveðin hætta fólgin í því að störf frístundaheimilanna verði ekki lengur skipuð fólki sem áhuga hefur á frítímastarfi heldur verði þau notuð til uppfyllingar fyrir starfsmenn skólanna.

Berum hag reykvískra barna fyrir brjósti og tryggjum að þau hafi áfram kost á að vera virkir þátttakendur í metnaðarfullu og uppbyggilegu frítímastarfi skipulögðu af fólki sem hefur lagt metnað sinn í að gera það jafn flott og faglegt og það er í dag.





**Handtöskur** eru að minnka á ný eftir langt tímabil þar sem þær stóru hafa haft yfirhöndina. Nú þegar allar nauðsynjar eru komnar í farsímann (sími, spegill, myndavél, dagbók og fleira) þykja þær helst til rúmar. Nú passa þær margar hverjar í lófann eða undir arminn.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





Misty – fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

teg. MARE - push up fyrir stærri stelpurnar í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Eirberg

**Rafknúnir hægindastólar**
sem auðvelda
þér að setjast
og standa upp

*Fjölbreytt úrval*

Opið virka daga kl. 9 - 18
og á laugardögum kl. 11 - 16



Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Glæsilegur sparifatnaður fyrir fermingarmömmur og ömmur

Stærðir 36-52

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is


**Marteinn Sindri Jónsson, stigavörður í spurningaþættinum Gettu betur, vekur athygli fyrir fágaðan stíl:**

# *Stigavörður í nýjum vaxjakka*



Þetta er enskur vaxjakki sem ég er nýbúinn að kaupa mér. Ég þarf sjálfur að bera á hann vax, sem er svolítil stemning; að þurfa að halda honum við," segir Marteinn Sindri Jónsson, stigavörður í Gettu betur og heimspekinemi í Háskóla Íslands. Marteinn segist vera svolítill stemningsmaður, fílar enskan herrafatnað frá fyrri tímum, ullarjakkaföt og bindi, en kýs jafnframt klæðnað sem endist og heldur á honum hita. „Skórnir sem ég er í duga til dæmis til allra minna ferða."

„Ég hef smekk fyrir notagildi, getum við sagt. Ég er svo heppinn að eftirlætisverslunin mín, Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, er sú verslun sem sér um að klæða mig og Örn Úlfar spurningahöfund og dómara upp fyrir þættina," segir Marteinn og bætir við að eins konar sjóliðatíska sé þar að koma sterk inn.

*juliam@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum



SAGA
Stærð 120x200 | Verð áður 131.880 kr. | Verð nú 109.900 kr.



IQ-CARE
Stærð 120x200 | Verð 164.900 kr.

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Litli svarti kjóllinn** er fyrirbæri sem hefur ekki farið úr tísku frá því Coco Chanel hannaði hann árið 1916. Hann hlaut alþjóðlega útbreiðslu eftir að hafa birst í Vogue árið 1926.



















Ingunn Brynjólfsdóttir klæðskeri og Bóas Kristjánsson að störfum í nýju vinnustofunni í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Leggur lokahönd á nýja línu

**Fatahönnuðurinn Bóas Kristjánsson hefur í nógu að snúast um þessar mundir. Hann hefur komið sér upp vinnustofu í stóru iðnaðarhúsnæði í Kópavogi og er þar að ljúka við nýja fatalínu fyrir vorið 2012.**

„Ég hugsaði fötin fyrir herra, en sneið klæðin þó þannig að bæði kyn gætu klæðst þeim," segir fatahönnuðurinn Bóas Kristjánsson, sem er nú að leggja lokahönd á nýja fatalínu. Hún samanstendur af prjónafatnaði, sem hann hefur mestmegnis unnið með, jökkum, buxum og skyrtum og er því fyrsta heildstæða línan sem hann sendir frá sér.

Bóas og hans fólk vinnur nú að henni í nýrri vinnustofu sem hann hefur komið sér upp í Kópavogi. Sú gamla, við Bankastræti, rúmaði ekki lengur alla starfsemina. „Nei, mig vantaði tilfinnanlega stærra rými fyrir vinnsluna og starfsfólkið. Þegar mér bauðst þetta 240 fermetra húsnæði hoppaði ég á það og er nú kominn með allt undir eitt þak, sem er mikil hagræðing," segir hann og bætir við að hönnunin og hluti saumaskaparins fari þar fram en framleiðslan að miklu leyti ytra.

Bóas er með ýmislegt fleira í pípunum. Á næsta leiti er tískusýning í Austurbæjarskóla. „Hana ber upp á sama tíma og Reykjavík Fashion Festival, er svona viðburður utan dagskrár," segir hann og kveðst lengi hafa dreymt um að sýna í húsnæðinu. „Aðkoman og aðstaðan er fullkomin því þarna er meðal annars 60 metra langur gangur sem hentar mjög vel til að sýna föt."

En hvað á að sýna? „Ég mun gefa smá sýnishorn af nýju vorlínunni fyrir 2012 í bland við vöru sem ég vinn sérstaklega fyrir heimamarkað," segir hann og bætir við að það sé gjöfult að geta unnið að sérverkefnum fyrir íslenskan markað meðfram því að þróa heila línu. Fram undan sé svo mikil vinna við að koma henni á framfæri erlendis en þegar hafi verið unnin töluverð forvinna sem eigi eftir að skila sér.

*roald@frettabladid.is*




# Hver skór geymir sína sögu

**Vel á tvö hundruð skópör af öllum stærðum og gerðum verða til sýnis í gamla Mjólkursamlaginu í Borgarnesi um helgina. Þá verður opnuð sérstök skósýning en að henni stendur hópur hressra kvenna.**



Skvísuskór og sandalar eru á meðal þess sem verður á skósýningunni.
MYND/ÞORKELL ÞORKELSSON



Hátískuskór frá KronKron og Sruli Recht.

Óhætt er að segja að ýmissa grasa kenni á sýningu sem verður opnuð í gamla Mjólkursamlaginu í Borgarnesi á morgun og stendur fram á sunnudag. Þar verður í aðalhlutverki hvers kyns skófatnaður, allt frá rándýrum Buffalo-skóm yfir í skó sem hafa gegnt pólitísku hlutverki.

Hópur hressra kvenna í Borgarnesi skipuleggur sýninguna og hafa þær fengið fleiri góða aðila til liðs við sig. Unnur Halldórsdóttir, húsfreyja á Hótel Hamri, er ein þeirra.

„Allir skór geyma einhverjar minningar og á þessari sýningu erum við að rifja þær upp, sækjum fanga í Borgarfirði og víðar,“ segir hún og tekur sem dæmi smábrot af skósafni ungrar konu, ein 25 pör sem hún gat séð af um helgina, og einnig reiðstígvél sem Axel Hallgrímsson klæddist í kappreiðum á Alþingishátíðinni á Þingvöllum árið 1930. Stígvélin eru jafnframt elsti skófatnaðurinn á sýningunni en hátískuskór úr smiðju Sruli Recht og KronKron meðal þeirra yngstu.

„Þarna verða meira að segja táfýluskór í poka sem gestum gefst færi á að lykta af,“ bætir Unnur við og hlær.

En hvernig kom hugmyndin til? „Nokkrar þeirra sem að sýningunni standa lentu í uppsögnum í bankakerfinu og opinbera geiranum, sem er veruleiki margra kvenna úti á landi. Það varð til þess að við ákváðum að upphugsa eitthvað skemmtilegt og fróðlegt til að gera saman. Þá minntist einhver á stóru skóna hans Donna á Hofsstöðum, sem margir Borgnesingar muna eftir, og í kjölfarið datt okkur hug í setja upp skósýningu, enda eiga skór auðvitað erindi við okkur vel flest.“ Vel á tvö hundruð skópör verða á sýningunni og segir Unnur vel hafa gengið að safna þeim saman. „Nú erum við bara að fara í gegnum allt saman og grisja aðeins,“ segir hún kímin og bætir við að fleira spennandi verði hægt að upplifa í Borgarfirði um helgina, svo sem danshátíð í menntaskólanum auk þess sem ýmis tilboði verði á kaffihúsum í grenndinni. Aðgangur að sýningunni er ókeypis.

*roald@frettabladid.is*





DAY

BIRGER ET MIKKELSEN

ATHUGAÐU VERÐIÐ ÍSLAND / DANMÖRK

DAY Kringlunni s: 517 3190




NÝ SKÓSENDING

Í GYLLTA KETTININUM










SKÓR FRÁ 10.800 -12.800

Stærðir 36–41

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005







Leikkonan Emma Watson sem Íslendingar þekkja hvað best fyrir leik hennar í myndunum um Harry Potter hefur verið valin sem nýtt andlit Lancôme-snyrtivaranna.



**Heimild: www.vogue.co.uk**




## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



# Tískuhönnuðir í hælisvist

Þrátt fyrir áhugaverðar tískusýningar á tískuviku í París fór mikið fyrir rótgrónum hönnuðum (eða þeim sem ég kalla endurvinnsluhönnuði) að þessu sinni, það er þeim sem vinna upp úr gömlum teikningum hönnuða. Þannig er það hjá Ninu Ricci, Balenciaga eða Pierre Balmain. Þetta þýðir ekki að þeir séu hæfileikalausir en þó eru þeir mjög misjafnlega lagnir við að setja mark sitt á hönnunina. Nicolas Gesquière er dæmi um hönnuð sem tekst að virða arfleifð fyrirrennara síns en um leið að skapa eitthvað nýtt. Netefni líkt og í netabol er stækkað þúsund sinnum og verður risanet úr gervileðri á kjól. Hnappar á jökkum eru á stærð við höldur á kommóðuskúffu og fleira mætti nefna. Agað form í anda arkitektúrs líkt og í eina tíð hjá stofnandanum, Christobal Balenciaga.

En það var Dior sem hélt athygli flestra á tískuvikunni. Ekki fyrir áhugaverða kventísku heldur vegna hneykslanlegra ummæla listræns stjórnanda tískuhússins, Johns Galliano. Sjálfsagt áttu fáir von á því að sýningin á föstudag yrði sú síðasta sem Galliano yrði skrifaður fyrir og að hann yrði ekki einu sinni viðstaddur, (sagan segir að hann sé í meðferð á frægri stofnun í Arizona þar sem að Kate Moss var í meðferð). Andgyðings- og kynþáttahatursleg ummæli Gallianos, ekki síst í myndbandi sem hefur farið eins og eldur í sinu um internetið, urðu til þess að hraða brottrekstri hans frá Dior, þrátt fyrir að ekkert sé sannað í kæru parsins sem átti í deilum við hann á hinum vinsæla bar La Perle. Fram á síðustu stundu var ekki vitað hvort sýningin yrði haldin en á endanum varð það úr og hófst hún með lestri yfirlýsingar forstjóra Dior sem fordæmdi orð Gallianos.



Tískusýningin, sem enginn hafði meira en svo áhuga á, var auðvitað í anda Diors með gegnsæjum mússulínskjólum í fölum litum í bland við sterkgrænan lit. Það vakti hins vegar athygli að fyrirsæturnar voru málaðar í léttum litum en ekki stríðsmálaðar í þungum litum að hætti Gallianos. Tónlistin var sömuleiðis mun rólegri og ekki nærri eins hávær og venja hefur verið.

Það er því óhætt að segja að John Galliano hafi sett allt á annan endann á tískuvikunni með orðum sínum. Galliano er sagður hafa verið í miklu þunglyndi um nokkurt skeið og sást ekki á vinnustofunni síðustu vikur. En hann er ekki sá eini. Christophe Decarnin var ekki viðstaddur sýningu Bailmains og er sagður hafa verið á stofnun fyrir andlega veila síðasta mánuð. Tískan er því mörgum þung í skauti.

*bergb75@fre.fr*






# farsíma & internetþjónusta

Sérblað \\ Fimmtudagur 17. mars 2011 \\ Kynning

# Spennandi tímar framundan

**Á dögunum tilkynnti finnski farsímaframleiðandinn Nokia samstarf við hugbúnaðarrisann Microsoft sem felst í því að snjallsímar Nokia munu í framtíðinni byggja á Windows Phone-farsímastýrikerfinu frá Microsoft.**




**Þorsteinn Þorsteinsson, vörustjóri Nokia hjá Hátækni, segir spennandi tíma í vændum hjá Nokia, en samstarf finnska farsímaframleiðandans við bandaríska hugbúnaðarrisann Microsoft mun hafa miklar og ánægjulegar breytingar í för með sér.** MYND/VILHELM

„Við teljum þetta afar jákvætt skref og að spennandi tímar séu í vændum fyrir notendur Nokia," segir Þorsteinn Þorsteinsson, vörustjóri Nokia hjá Hátækni, sem hefur verið umboðsaðili fyrir Nokia á Íslandi síðan 1985 og er elsti starfandi samstarfs- og dreifingaraðili Nokia í heiminum.

„Búast má við fyrsta Windows Phone-síma Nokia í verslanir á fyrsta fjórðungi næsta árs, en Symbian-stýrikerfið, sem Nokia notar núna, mun áfram verða í símum þeirra til að minnsta kosti 2013. Að þeim tíma liðnum verður samspilið fullkomnað; Nokia og Windows Phone renna saman," segir Þorsteinn með tilhlökkun, því víst er að snjallsímar verða þá ekki í líkingu við það sem nú þekkist.

Nokia býst við að framleiða og selja 150 milljónir snjallsíma með Symbian-stýrikerfinu á næstu tveimur árum, en hingað til hafa selst 200 milljónir Symbian-síma. Því er ljóst að þróun Symbian er á fullri ferð. Von er á stórum uppfærslum á Symbian á árinu og munu uppfærslur ná til margra síma sem eru á markaðnum núna, eins og til dæmis N8 og C7.

„Í fjöldamörg ár hefur samstarf Nokia og Microsoft verið náið, en nú stíga þeir skrefið til fulls. Microsoft Office hefur lengi verið búnaður í viðskipta-snjallsímum frá Nokia, en með því að sameinast um Windows Phone-stýrikerfið auka þessir miklu risar styrk sinn til muna," segir Þorsteinn og leggur áherslu á mikilvægt atriði fyrir núverandi notendur Nokia.

„Allt sem Nokia hefur sérstaklega þróað í sína síma mun halda sér, eins og Ovi Maps, sem er langbesta GPS- og staðsetningartæki sem völ er á í farsíma, og hugbúnaðarverslunin Ovi Store mun renna saman við Windows Market og gera sameinaða hugbúnaðarverslun þeirra enn stærri og betri," segir Þorsteinn og útskýrir betur hugtakið snjallsímar.

„Snjallsímar eru í raun litlar margmiðlunartölvur og hafa það umfram aðra farsíma að í þá má setja alls kyns forrit. Viðskiptasímar eru svo sér á parti, með viðbótarstuðningi við tölvupóstlausnir, Microsoft Exchange Server, Lotus Notes Traveler og fleiri forrit, ásamt öflugum viðhengjastuðningi við Windows-skjöl, eins og Word og Excel, þar sem hægt er að vinna með skjölin í símanum eins og í hverri annarri tölvu. Úr þeim er einnig hægt að senda mjög auðveldlega skjöl yfir í HP- prentara og sterkur stuðningur er við IP-símkerfi. Nokia mun því halda áfram sínu „bragði" í nýju stýrikerfi og nýjum heimi," segir Þorsteinn um heillandi framtíð Nokia-snjallsíma.

„Hluti af samstarfi Microsoft og Nokia er að byggja upp nýtt vistkerfi fyrir notendur snjallsíma þar sem mismunandi þjónustur koma saman og veita heildstæða upplifun. Inn í þetta nýja vistkerfi mun Nokia leggja mikið af mörkum með sinni tækniþróun sem unnin hefur verið á síðustu áratugum, enda hefur Nokia verið leiðandi í framleiðslu farsíma í heiminum. Enginn farsímaframleiðandi hefur gengið eins langt í að aðlaga síma að íslensku umhverfi og Nokia, og svo verður vitaskuld áfram þegar íslenskur Windows Phone lítur dagsins ljós, en hann verður með hraðritunarstuðningi og íslenskum stöfum í lyklaborði. Það er því ljóst að það eru spennandi tímar fram undan hjá Nokia, hvort sem litið er til framtíðar eða nútíðar," segir Þorsteinn að lokum.

## 10 áhugaverðir punktar um Nokia

- Nokia er stærsti farsímaframleiðandi heims með 35% markaðshlutdeild í heildarsölu farsíma og snjallsíma.
- Fyrsti síminn með innbyggðum Mp3 spilara var 5510 sem kom í sölu árið 2001. Fyrsti síminn með snertiskjá frá Nokia var 7710 sem kom í sölu árið 2004.
- Samkvæmt könnun MMR sem birt var í febrúar 2011 er Nokia með um 63% markaðshlutdeild á Íslandi í heild sinni en 51% í flokki snjallsíma.
- Nokia 6210 var fyrsti farsíminn frá Nokia á íslensku og kom í sölu árið 2000. Síðan þá hefur Nokia íslenskað nærri alla síma sem fyrirtækið hefur sent frá sér.
- Árið 2007 keypti Nokia kortafyrirtækið Navteq sem er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum og framleiðir landakort fyrir Ovi Maps og Garmin svo eitthvað sé nefnt.
- Nokia 1100 er mest selda raftæki í heiminum, fyrr og síðar. Talið er að allt að 250 milljónir eintaka hafi selst af þessum síma.
- Árið 2010 seldi Nokia 110 milljónir snjallsíma, sem samsvara 37% heimsmarkaðshlutdeild á snjallsímamarkaði.
- Fyrsti myndavélasíminn var Nokia 7650, sem kom í sölu árið 2002. Árið 2010 kom síðan Nokia N8 í sölu, sem er fyrsti farsíminn með 12 megapixla myndavél frá Nokia.
- Nokia rekur öfluga forritaveitu (Apps) sem heitir Ovi Store. Þar fást nú yfir 30.000 forrit og hlaða notendur 4 milljónum forrita á dag niður fyrir hinar ýmsu tegundir Nokia-síma.
- Nokia var stofnað árið 1885 og hefur á þeim tíma selt og framleitt langan lista af margvíslegum vörum, eins og dekk, stígvél, sjónvörp, koparvír, pappír, talstöðvar og svo auðvitað farsíma.

## FLOTTAR NÝJUNGAR FRÁ NOKIA



### Nokia X3-02

Hvernig kemur það út af blanda saman hefðbundu takkaborði og snertiskjá? Ótrúlega vel. Þeir sem hafa notað þennan síma eru sammála um að hér sé á ferðinni frábær sími sem býður upp á þægilega blöndu takkaborðs og snertiskjás. Síminn er frábær tónlistarsími sem styður minniskort allt að 32 GB.
nokia.com/x3

### Nokia N8-00

Er þetta besti myndavélasíminn í dag? Að minnsta kosti er það samdóma álit bæði fag- og áhugamanna að myndir úr þessum síma séu frábærar. Hann er einnig með GPS, Ovi Maps og allt það sem við viljum í snjallsíma. Ekki skal heldur gleyma HDMI-tengi sem gerir þér kleift að tengja hann beint við háskerpusjónvarp og spila HD-myndefni í Dolby 5.1. Svo er ýmislegt sem ekki er að finna í öllum símum, eins og FM-sendi sem sendir tónlist beint í næsta útvarp, „USB on the go" þar sem hægt er tengja USB-minniseiningar beint við símann og Xenon Flash.
nokia.com/n8



### Nokia E7-00

Fullkominn snjallsími fyrir þig, sem ert stöðugt á ferðinni og vilt alltaf vera skrefinu á undan. Síminn er með fullt QWERTY-lyklaborð og 4" AMOLED ClearBlack-skjá sem er frábært að vinna með. Fullkomin tenging við bæði Microsoft Exchange og Lotus Notes Traveller gerir þér kleift að vera með allar upplýsingar við hendina, hvar sem er. Öflugur stuðningur við Microsoft Office-skjöl og Acrobat PDF-viðhengi. Fullur stuðningur við íslensku og íslenska stafi. E7 er einn fullkomnasti viðskiptasími sem Nokia hefur sent frá sér í langri sögu frábærra viðskiptasíma.
nokia.com/e7





### Nokia C5-03

C5-03 er frábær léttur snertisími hlaðinn möguleikum. GPS-loftnet og Ovi Maps gerir þér kleift að hlaða niður kortum af yfir 180 löndum í heiminum og nota símann sem leiðsögutæki. Síminn sýnir næstu beygju og leiðarupplýsingar ásamt raddleiðbeiningu. Síminn er einnig með 5 megapixla myndavél, stuðning við minniskort allt að 32 GB og tölvupóst og flottum Mp3-spilara.
nokia.com/c5

# Láttu Nova græja upp farsímann

**Nova býður upp á mikið úrval snjallsíma, en í þá er hægt að sækja ótrúlegustu forrit sem geta komið að góðum notum í daglegu lífi auk þess sem þau hafa mikið afþreyingargildi.**

Snjallsímar búnir smáforritum taka yfir æ stærri hluta farsímamarkaðarins í dag og flestir sem eru að hugsa um að endurnýja farsímann sinn renna hýru auga til þeirra.

„Það hefur orðið mikil breyting á farsímamarkaðnum að undanförnu og leggur fólk mikla áherslu á að geta nálgast smáforrit í gegnum símann. Marga skiptir orðið minna máli af hvaða tegund farsíminn er, svo lengi sem um snjallsíma er að ræða. Í sumum tilfellum er það að geta hringt nánast aukaatriði því farsíminn er svo miklu meira,“ segir Harald Pétursson, sem stýrir vöruþróun og nýsköpun hjá Nova.

Í gegnum farsímann er hægt að fara á netið, í tölvuleiki og nálgast alls kyns hagnýt forrit eins og leggja, já í símann og tonlist. is sem nýtast vel í daglegu lífi. Snjallsímar eru farsímar sem bjóða upp á það að hlaða niður forritum frá þriðja aðila og setja upp í farsímanum. Í kringum þessi forrit hafa framleiðendur svo opnað sérstakar netverslanir. Hjá Apple er það App-Store, hjá Nokia Ovi Store og hjá Google Andriod Market. „Í þessum netverslunum er til dæmis hægt að sækja Skype fyrir farsímann, alls kyns tölvuleiki og smáforrit,“ segir Harald og nefnir dæmi um nokkur sem eru sérstaklega vinsæl:

„Shazam er eitt vinsælasta tónlistarforritið í heiminum í dag en það getur fundið út hvað lag sem fólk er að hlusta á heitir og hver flytjandinn er. Með instagram ljósmyndaforritunu hjá App-Store er hægt að breyta og vinna með myndir og deila þeim svo með vinum á Facebook, Twitter, og Flickr. Sams konar forrit hjá Ovi Store heitir Panorama og hjá Android Market Retro Camera. RunKeeper er svo frábært íþróttaforrit sem heldur utan um hlaupaþjálfunina og árangurinn. Í flestum nýrri farsímum er innbyggður staðsetningarbúnaður og því getur farsíminn staðsett fólk og þá leið sem það fer. Forritið birtir upplýsingar um leiðina á götukorti, lengd í kílómetrum, hraða og brennslu,“ segir Harald. Hann nefnir einnig sniðug uppskrifta- og innkaupaforrit sem er gott að hafa við höndina í matvörubúðinni eins og til dæmis Grocery gadget. Nýjasta æðið segir hann þó vera Foursqare. „Það gengur skrefinu lengra en Facebook en með því er hægt að deila staðsetningu sinni með vinum sínum. Fólk getur stimplað sig inn á staði sem það kemur á og séð hvaða vinir eru í nágrenninu. Ýmis fyrirtæki veita afslátt af vörum og þjónustu fyrir að stimpla sig inn hjá þeim og þá getur sá sem stimplar sig oftast inn á ákveðnum stað orðið eins konar stjóri. Eins er hægt að fylgjast með því hvar vinirnir eru og hvert þeir fara sem getur til dæmis komið sér vel úti á lífinu en þannig er hægt að hafa upp á þeim þó þeir flakki á milli skemmtistaða.“ Harald segir Facebook þó enn sem komið er lang vinsælasta forritið í farsímann.

En bjóðið þið upp á kennslu á þessa farsíma? „Já við bjóðumst til að setjast niður með fólki sem kaupir sér snjallsíma, fara yfir möguleikana og aðstoða það við að sækja forritin.“




Harald og aðrir starfsmenn Nova aðstoða viðskiptavini sem þess óska við að sækja alls kyns hagnýt og skemmtileg forrit í snjallsímann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

● **LJÓSMYNDUM BREYTT OG DEILT MEÐ VINUM** Með Instagram-ljósmyndaforritinu sem er hægt að fá í Iphone er hægt að taka myndir, breyta þeim og vinna á ýmsan hátt og deila þeim svo með vinum sínum á Facebook, Twitter eða Flickr. iPhone-notendur sækja forritið í App Store en sams konar forrit hjá Android Market á vegum Google heitir Retro Camera. Hjá Ovi Store á vegum Nokia heitir það Panorama.

**L HAFT UPP Á LAGINU**
Með Shazam í farsímanum er hægt að finna hvað lagið sem hlustað er á heitir og hver flytjandinn er sem getur komið sér vel við hin ýmsu tækifæri. Shazam er eitt vinsælasta tónlistarforritið fyrir farsíma í heiminum í dag. Það geta allir fengið Shazam í farsímann sinn í gegnum App Store, Android Market og Ovi Store.

● **MEÐ SÍMANN ÚT AÐ HLAUPA** RunKeeper er íþróttaforrit sem heldur utan um hlaupaþjálfun og árangur. Í flestum nýrri farsímum er innbyggður staðsetningarbúnaður (GPS) og því getur farsíminn staðsett notandann og þá leið sem hann fer. RunKeeper birtir upplýsingar um leiðina á götukorti, lengd í kílómetrum, hraða og brennslu. RunKeeper fæst í App Store og Android Market en í Ovi Store er hægt að sækja sambærilegt forrit.

● **FYLGST MEÐ FÉLÖGUNUM** Foursquare er eitt vinsælasta staðsetningarforrtið í farsímann í dag. Það gengur skrefinu lengra en Facebook enda hægt að deila staðsetningu sinni með vinum. Forritið virkar þannig að fólk tékkar sig inn á staði sem það kemur á og getur fylgst með hvaða vinir eru í nágrenninu eða hvar þeir eru staðsetttr. Þá veita kaffihús og önnur fyrirtæki þeim sem tékka sig oft inn á þeirra stað gjarnan afslátt af vörum og þjónustu. Það geta allir fengið Foursquare í farsímann sinn í gegnum App Store, Android Market og Ovi Store.




● **FACEBOOK VINSÆLUST** Þó ýmis smáforrit sæki í sig veðrið þá er Facebook enn sem komið er lang vinsælast í farsímann. Með því að vera með Facebook í farsímanum er fólk sítengt vinum sínum og því sem þeir eru að gera. Þá er hægt að setja inn „status“ og mynd beint úr farsímanum hvar og hvenær sem er.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Bendikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411
og
Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439.

# Aðgangur að öllu – alls staðar!

## Nokia E7. Vertu aðeins snjallari. Í öllu.

Fullkominn snjallsími fyrir þig, sem ert stöðugt á ferðinni og vilt alltaf vera skrefinu á undan. Ekki eyða tímanum í smámuni – nú tölum við um viðskipti!




NOKIA

PIPAR\TBWA • SÍA • 110683

# Snjallsímar: Heimurinn í hendi þér

**Símtæki búa yfir ótal möguleikum sem ekki þekktust fyrir fáum misserum. Elva Guðrún Guðjónsdóttir, vörustjóri Vodafone, veit allt um það.**

„Að undanförnu hefur þróun í gerð símtækja verið í þá átt að símarnir eru að verða handtölvur frekar en að vera bara tól sem fólk talar í og sendir SMS úr. Til aðgreiningar frá venjulegu símunum hafa nýju símarnir verið kallaðir snjallsímar og með réttum forritum er hægt að gera ótrúlegustu hluti með nýju snjallsímunum,“ segir Elva Guðrún Guðjónsdóttir, vörustjóri Vodafone.

Vegna þess að snjallsímarnir eru í raun öflugar handtölvur er hægt að fá alls kyns forrit í þá og nefnir Elva sem dæmi að sumir golfarar og hlauparar noti símann sem dagbók og lýsir þeim möguleikum nánar.

„Síðasta sumar lagði Vodafone sérstaka áherslu á notkun símans sem hjálpartóls í frístundum og var t.d. með sérstaka golf- og hlaupadaga í verslunum sínum þar sem viðskiptavinum var leiðbeint við notkun golf- og hlaupaforrita í síma. Forrit sem hægt er að kveikja á í hvert sinn sem farið er á golfvöllinn eða út að hlaupa. Golfforritið mælir t.d. lengdina sem farin er og golfarinn setur síðan inn hversu langt hann slær og hvernig skorið er á hverjum degi. Símtækið heldur utan um þessar upplýsingar, ber saman dagana og reiknar út meðaltal ef óskað er eða annað sem golfarinn vill vita um eigin frammistöðu. Það gildir hvort sem er um einstakan dag eða árangur í heildina. Þetta verður dagbók sem endalaust er hægt að fletta upp í.“

Hið sama segir Elva Guðrún eiga við um hlaupaforrit sem fólk getur fengið í síma sem eru með GPS. „Fólk kveikir bara á forritinu þegar það hleypur af stað og þá mælir símtækið vegalengdina sjálft og svo getur hlauparinn skráð hvað sem hann vill á leiðinni. Þetta getur svo farið beint inn á fésbókina, jafnvel með mynd, ef viðkomandi vill láta vinina vita hvernig gengur og hvar hann er staddur.“

Auk þess að halda utan um árangur eiganda síns á hlaupabrautum og golfvöllum getur síminn fylgst með hitaeiningafjölda í fæðunni sem hann innbyrðir. „Þá getur síminn komið með ráðleggingar um hvað betur má fara í mataræðinu. Ef einstaklingurinn skráir inn réttar upplýsingar sér símtækið um allan útreikning,“ lýsir Elva Guðrún. „Og þar sem flestir snjallsímar eru með innbyggt GPS má nota það til að birta götukort og vísa veginn á ferðalögum, og svo framvegis“ segir hún. „Svo er líka hægt að læra að spila á gítar í símanum og hnýta bindishnúta,“ bætir hún við og hlær.




**„Símarnir eru að verða handtölvur frekar en vera bara tól sem fólk talar í og sendir SMS úr,“ segir Elva Guðrún Guðjónsdóttir, vörustjóri Vodafone.** MYND/VALLI

Með aukinni notkun snjallsíma eykst notkun á netinu í símanum. Margir hafa heyrt hryllingssögur af fólki sem hefur fengið gríðarháa reikninga vegna netnotkunar á ferðalögum erlendis. Elva Guðrún segir mjög áríðandi að fólk hafi varann á þegar netið í símanum er notað í útlöndum en aftur á móti sé alls ekki kostnaðarsamt að nota netið í símanum hér heima. „Það er ansi lífseigur misskilningur að það sé dýrt að nota netið í símanum,“ segir hún. „Staðreyndin er aftur á móti sú að þetta er ódýrt og jafnvel ekki dýrara en nokkur SMS á dag. Vodafone býður nokkrar mismunandi leiðir með misмiklu gagnamagni fyrir ólíka hópa notenda. Það einfaldasta er Dagnet, sem byggist á því að ef notandi sem er ekki með neinn gagnamagnspakka tengist netinu í símanum sínum fær hann sjálfkrafa 5 MB gagnamagnspakka á 25 kr. sem gildir þann dag. 5 MB nægja vel til að skoða Facebook og fréttavefi, en ef á að gera hluti eins og að horfa á YouTube-myndbönd eða hlusta á streymandi tónlist er vissara að kaupa gagnamagnspakka.“

Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið á farsímatækni og farsímanotkun á síðustu mánuðum og árum. „Við Íslendingar höfum alltaf verið fljót að tileinka okkur nýjungar en erum samt sem áður aðeins á eftir hvað notkun forrita í snjallsíma varðar,“ segir Elva Guðrún og telur það helgast af því að erfiðara er að fá aðgang frá Íslandi að ýmsum verslunum sem bjóða þessi tilteknu forrit.

Hún segir símana orðna ómissandi þátt í daglegu lífi margra. „Fólk fer ekkert án símans og dreifikerfið okkar er þannig að hægt er að ná í fólk og fylgjast með fréttum hvar sem er. Forritin og það sem þau bjóða gera símtækin jafnvel enn meira ómissandi en áður.“

# Prófaðu hraðkóða

Hraðkóði (QR code) er strikamerki sem notað er til að pakka saman upplýsingum sem síðan eru lesanlegar með strikamerkjalesurum, til dæmis í símum.

Í stað þess að slá vefslóð inn í símann er myndavél hans notuð til að lesa kóðann og sérstakt forrit vinnur úr honum og birtir það sem kóðað var.

Forritið ScanLife er eitt þeirra forrita sem eru til fyrir allar tegundir snjallsíma og það má nota til að lesa úr hraðkóðum.



**Hægt er að fá upplýsingar um næstu fótboltaleiki, veðrið víða um lönd og fleira.**

# Rautt.is

Rautt.is er farsímavefur Vodafone þar sem hægt er að nálgast jafnt skemmtun sem gagnlegar upplýsingar. Viðskiptavinir með Vodafone Frelsi geta fylgst með stöðunni á frelsinu en allir geta fylgst með notuðu gagnamagni í mánuðinum.

Flestir nota rautt.is til að fylgjast með fréttum af Vísi.is, en til viðbótar við fréttirnar bjóðum við meðal annars aðgang að flottum leikjum í símann, boltavaktinni, myndrænni veðurspá og úrvali innlendra og erlendra hringtóna.

Kíktu á rautt.is í símanum þínum og kynntu þér framboðið.

## SNIÐUG FORRIT Í SÍMANN ÞINN

**FOURSQUARE** (iPhone, BB, Android og Symbian)
Skoðaðu borgina þína á nýjan hátt og safnaðu stigum með því að uppgötva nýja hluti.

**LEGGJA.IS** (Android)
Sniðugt íslenskt forrit sem gerir sýsl á gjaldskyldum bílastæðum rafrænt.

**ANGRY BIRDS** (Android, Symbian og iPhone)
Ótrúlega flottur leikur sem er skemmtilega ávanabindandi.

**TÓNLIST.IS** (Android og iPhone)
Áskrifendur Tónlist.is geta nú spilað uppáhaldslögin sín, hvar og hvenær sem er í Android og iPhone.

**SOUNDHOUND** (iPhone, Android og Symbian)
Er eitthvað lag í útvarpinu sem þú veist ekki hvað heitir? SoundHound einfaldar þér leitina og finnur titil lags, flytjanda og plötuna sem það er á.

**IMDB** (Android og iPhone) Hvað heitir þessi leikari aftur? Flettu upp öllu sem þú þarft að vita um myndina sem þú ert að horfa á. Síðan góða er jafnvel enn betri í símanum þínum.


Láttu ekki app úr hendi sleppa
Stórsnjallir símar á stórkostlegu tilboði
power to you
vodafone.is
10% auka-afsláttur bara um helgina!
10% auka-afsláttur bara um helgina!
Nokia C5-03
3.333 kr. á mán. í 12 mán.
Fullt verð: 39.990 kr.
iPhone 4
7.777 kr. á mán. í 18 mán.
Tilboðsverð: 139.990 kr.
1 GB á mán. í 12 mán. fylgir
LG Optimus One
3.583 kr. á mán. í 12 mán.
Fullt verð: 42.990 kr.

Erum flutt í
nýtt húsnæði
í Borgartúni 31

Opnunartími verslunar
er frá kl. 9.30–17.

Símanúmer þjónustuvers
er 415 300.

Svo fólkið í landinu geti talað saman ...

alterna




# Síminn hrekur tölvuna á flótta

**Hugbúnaðarþróun snjallsíma fleygir fram og sérfræðingar telja að innan fimm ára muni síminn hafa leyst tölvuna algjörlega af hólmi.**



Árið 2015 verður síminn ekki bara nauðsynlegur ferðafélagi heldur eina tækið sem þú þarft á að halda.

Miðað við þróunina síðustu fimm árin mun snjallsíminn taka stökkbreytingum á næstu fimm árum. Sú þróun að snjallsímar taki við hlutverki fartölvunnar er þegar hafin og margir sérfræðingar spá því að árið 2015 muni fartölvan nánast heyra sögunni til og jafnvel borðtölvan líka. Hugbúnaðarfyrirtæki úti í hinum stóra heimi eru farin að huga að næsta skrefi, sem felur í sér að síminn taki enn stærra þroskastökk. Með þráðlausum sendingum í gegnum blátönn sendir síminn gögn í þráðlausan skjá, þráðlausa mús og þráðlaust lyklaborð.

Árið 2015 munu þessi öflugu símtæki sinna öllum hlutverkum tölvunnar. Hægt verður að hlusta á útvarp frá hvaða stöð í heiminum sem er, spjalla á spjallrásum, nota EXIF til að fullvinna myndir og myndbönd og spila World of Warcraft – allt á sama tíma. Þessir ofursímar munu líkjast þeim sem við þekkjum í dag í útliti en vinnslan verður allt önnur og fyllilega sambærileg við vinnslu fartölva í dag, ef ekki enn þróaðri.

Staðsetningarbúnaði mun einnig fleygja fram; í framtíðinni mun síminn þinn láta þig vita ef þú ert nálægt hamborgarastað eða kaffihúsi og bjóðast til að borga reikninginn fyrir þig. Og með framförum í sendingum milli síma verður ekkert mál að horfa á beina upptöku af fótboltaleik sem vinur þinn á vellinum tekur upp og sendir þér. Auk þess verður hægt að senda allar þær kvikmyndir sem hefur verið hlaðið niður í símann, alla tónlist, spila tölvuleiki við allt að þrjátíu manns í einu, halda viðskiptafundi með fjölda aðila sem eru dreifðir um heimsbyggðina og svo framvegis.



Möguleikarnir virðast vera endalausir og hugmyndaauðgi hugbúnaðarþróara engin takmörk sett. Árið 2015 verður síminn ekki bara nauðsynlegur ferðafélagi heldur eina tækið sem þú þarft á að halda til að vera í stöðugu sambandi við heiminn eins og hann leggur sig.


Tal

HEIMASÍMI GSM INTERNET

HÉR HEFÐI VERIÐ VOÐA FLOTT
AÐ SETJA QR-KÓÐA SEM SEGÐI
AÐ VIÐ VÆRUM MEÐ 41%
ÓDÝRARI GSM-ÞJÓNUSTU*

KOMDU Á TAL.IS, HAFÐU SAMBAND Í 1817 EÐA KÍKTU Í KAFFI Í NÆSTU VERSLUN
OG SEGÐU OKKUR HVERNIG ÞJÓNUSTU ÞÚ ÞARFT OG HVAÐ ÞÚ VILT BORGA. ÞÚ RÆÐUR.

MINNA BRUÐL. MEIRA TAL.

*SAMKVÆMT SAMANBURÐI VIÐ VERÐSKRÁ VODAFONE OG SÍMANS.



# Myndar sími!

**Gunnar Svanberg Skúlason** auglýsingaljósmyndari tekur líka myndir á iPhone. Með **Instagram** ljósmyndaforritinu í farsímanum getur hann breytt myndunum og deilt þeim með vinum sínum. Hann tekur mynd, velur áferðina og sendir á Facebook, Twitter eða Flickr. Það geta allir iPhone notendur sótt Instagram í App Store. Í Android Market heitir forritið **Retro Camera**. Vinsælt ljósmyndaforrit í Ovi Store er **Panorama**. Þú getur líka komið við í næstu verslun Nova og við græjum Instagram í farsímann fyrir þig!

**Hipstamatic**, **Dropbox** og **Sun Seeker** eru líka í uppáhaldi hjá Gunnari.

**Láttu Nova græja upp farsímann þinn!**

**Netið í símann!**
**Fylgir í áskrift** 150 MB/mán.
**20 kr. í frelsi** 5 MB/dag



DAGUR & STEINI

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

# PANASONIC TILBOÐ




AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma,VIERA CAST nettengingu, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), innb. gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990

Panasonic
ideas for life




**Panasonic TXL32X20**
32" HD IPS-Alpha LCD SJÓNVARP með 1366x 768 punkta upplausn, 24p Playback, dýnamískri 20.000:1 skerpu, Vreal 5, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 x Scart, 3x HDMI, PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ 94.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




**Panasonic TXP37C2**
37" HD Ready Plasma sjónvarpmeð 1024x768p upplausn, Vreal 4 Engine, 100Hz, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu ofl.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




**Panasonic TXL42D25**
42" Vreal Pro5 IPS LED LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 24p Smooth Film/Play Back, 2 msek. svartíma, 2.000.000:1 skerpu ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990




**Panasonic TXP50C3**
50" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal Plus, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakari (MPEG4) ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




**Panasonic TXP42G20**
42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma ofl.

**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




**Panasonic TXP46G20ES**
46" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 369.990




**Panasonic TXP50S20**
50" Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 600Hz Intelligent Frame Creation, Vreal Pro4, 24p Playback, 2.000.000:1 skerpu, C.A.T.S háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4) ofl.

**TILBOÐ 259.990**
FULLT VERÐ kr. 349.990




**Panasonic TXP50G20ES**
50" NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, C.A.T.S háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4) ofl.

**TILBOÐ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 399.990




2 stk 3-D gleraugu fylgja

**Panasonic TXP50VT20**
50" Full HD 3D NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 3-D, Pro 24p Smooth Film/Play Back, Infinite Black Pro 5.000.000:1 skerpu, C.A.T.S háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), gervihnattamóttakara ofl.

**TILBOÐ 399.990**
FULLT VERÐ kr. 499.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Panasonic
ideas for life
Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.


Kenzo


Marc Jacobs


Marc Jacobs
Kenzo
Chacharel

# Hallir, kvennabúr *og hippakommúnur*

**Buxnatíska vorsins er frjálsleg og fljótandi. Mjúk efni, víðar skálmar og gömlu góðu útvíðu buxurnar eiga magnaða endurkomu. Víðu skálmarnar eru kenndar við hallir, kvennabúrssniðið heldur velli og áttundi áratugurinn gengur í endurnýjun lífdaga.**

Eftir nánast algjört einræði þröngu buxnanna undanfarin misseri eru buxnalínur vorsins mun frjálslegri og efni eins og siffon og silki vinsæl í víðar buxur sem hvergi þrengja að líkamanum. Örugglega mikill léttir fyrir margar konur.

Flestir hönnuðir mæla með því að nota þykkbotna skó við herlegheitin og klæðast einföldum bolum eða skyrtum við til að ofgera ekki flæðinu.

Hér gefur að líta nokkrar myndir frá tískuhúsunum Kenzo, Marc Jacobs og Cacharel, bæði úr vor- og haustlínum 2011.


Sjálfvirka tattúvélin skapar enn sem komið er aðeins trúartengd tattú, þannig að listaverk eins og þetta þarf fagmann til að gera.

## Sjálfvirk tattúvél knúin æðri mætti

Listamaðurinn Chris Eckert í San Jose í Kaliforníu hefur hannað og smíðað fyrstu sjálfvirku tattúvélina. Fyrir þá sem óttast nálar er nú komin fram í Bandaríkjunum sjálfvirk tattúvél sem stjórnast af æðri mætti, að sögn skapanda hennar Chris Eckert. Vélin kallast Auto Ink og er enn sem komið er aðeins búin penna en ekki nálum, en sagan segir að unnið sé að því að finna leið til þess að setja í hana nálar sem ekki sé hætta á að skaði fólk.

Eins og nafnið bendir til gerir vélin tilviljanakennt munstur á húð notandans, öll mynstrin eru þó trúartengd á einhvern hátt „eða mynstur sköpuð af æðri mætti ef fólk trúir á slíkt“ eins og segir í kynningu á fyrirbærinu. Ekki er þó enn sem komið er hægt að velja mynstrið fyrir fram, þar sem vélin er alsjálfvirk og tilviljunin ræður því hvaða mynstur hún kýs að tattúvera á húð viðkomandi. Meiningin er að setja inn fleiri mynstur með tíð og tíma, þannig að fólk geti „endurtekið öll gömlu fyllirísmistökin.“ - fsb





LANCÔME KYNNING

Í HYGEU, KRINGLU OG SMÁRALIND
FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

**Kynnum vorlitina.**
Bjóðum förðun fyrir þá sem kaupa 2 eða fleiri Lancôme vörur frá kl. 13:00 – 17:30 fimmtudag og föstudag og kl. 13:00 – 16:30 á laugardag. Tímapantanir í síma 433-4533 og 554-3960.

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur:
~ Maskari ferðastærð
~ Hreinsimjólk 50 ml ferðastærð
~ Bi-Facil augnhreinsir 30 ml
~ L´Absolue Brilliance varagloss
~ Effacernes baugahyljari 5 ml
~ Rénergie Morpholift R.A.R.E dagkrem 15 ml

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM AUGNSKUGGUM

10% AFSLÁTTUR AF ÖÐRUM LANCÔME VÖRUM

**Verðmæti kaupaukans 12.950 kr.**
Einnig aðrar gerðir kaupauka



HYGEA
snyrtivöruverslun
Kringlan 533 4533 - Smáralind 554 3960

*Gildir meðan birgðir endast á kynningu. Gildir ekki með blýöntum og deodorant.

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir

SJÁVAR BARINN SEAFOOD RESTAURANT

2 fyrir 1 á kvöldinn Í mars og april Sjávarbarinn grandagarði sjavrbarinn.com ,S. 517 3131

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Vantar þér pípara? Hringdu í Rivus ehf S.8563030 rivus@rivus.is FAGLEG ÞJÓNUSTA

**Pípulagnir Arinbjarnar**
Allar almennar pípulagnir, nýlagnir & skolplagnir. Tökum út hitakerfi fjölbýlishúsa.
Flísaverk ehf Verktakar.
S. 897 5599.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting
- Garðaúðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira

Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Garðlist.is

GARÐAR BEST
gardarbest.is - sími 698 9334

Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og
öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

**MINIGRAFA**
tilvalinn í garðinn gröfum fyrir öllu. Staurabor - Fleygur Fast verð eða tímavinna. Uppl. í síma 771 9800.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

Skattskýrslur, bókhald/VSK/Laun/Stofn. fyrirtækja. Fagleg vinna á góðu verði. VikiVaki ehf, S: 6618750 vikivaki@hotmail.com

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

Er fjármagn þitt að vinna ? Hafðu samband hornsteinn@netland.is

## Málarar



**20% afsláttur á öllum inni og útiverkefnum**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Eiríkur, S.777 6799.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

Lítið verktakafyrirtæki getur bætt við sig verkefnum, almennt viðhald og nýsmíði. S: 898 1990.



**Handriðaplast**
Útvegum og setjum á handriðaplast, margir litir. Uppl. Dúkarinn Óli Már s. 699 4418.

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun
Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

# Þjónustuauglýsingar

**AKUREYRI og nágrenni!**
Mikill áhugi hefur skapast fyrir nýju vikublaði staðsettu á Akureyri.
Áhugasamir hluthafar með kr. 500.000, eða meira leggi nafn, símanúmer og aðrar upplýsingar inn á thjonusta@365.is f. 31 mars n.k.
*Áhugasamir útgefendur.*

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

PÚST Hjá Einari
Setjum pústkerfi í allar gerðir bíla
Ef við eigum það ekki til þá bara búum við það til!
Smiðjuvegur 50 rauð gata, Kóp. SÍMI: 564 0950

Bjóðum úrval tækja til leigu
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

DRÁTTARBEISLI
Eigum dráttarbeisli undir ýmsar gerðir bifreiða á lager
BÍLASALA AKUREYRAR HF
FREYJUNESI 2 • 603 AKUREYRI
SÍMI 461 2533 • FAX 461 2543

Hjólbarðaviðgerðir
Smurþjónusta
Bremsur
Demparar
Rafgeymar
o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

ALPAR TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

AISIN Kúplingssett frá Japan, orginal
Gabriel Höggdeyfar fyrir fólksbíla, jeppa, pallbíla og kerrur
Hjólkoppar 13" 14" 15" 16"
Díóðuljós fyrir kerrur, breiddarljós vörubíla
GS varahlutir í 40 ár
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 Hafnarfirði sími 588 3355

[ AIS Fyrir Báta og Skip ]
AIS Class – A
AIS Class – B
AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

# Alla fimmtudaga

## Bátar

Til sölu er 30 stk nýfelld grásleppu net(Þrælafeld), einnig lítið grásleppu leyfi 4,3 tonn. Uppl. í s. 893 4385.

## Hjólbarðar




**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

Vw golf 15" góðar original álfelgur og vetrardekk '98 - '03. Sími: 894-0166.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.







**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúð, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan Scenic 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

Til sölu Suzuki Vitara árg. '97. 6cc sjsk. Smá tjónaður. V. 50 þús. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Fallegar tækifærisgjafir**
Saltkristalslampar, náttúruleg ilmkerti, mortel ofl. Vörur á tilboðsborði í mars á 30% afslætti. Verið velkomin! ditto.is










**Mega flottir dömuskór úr leðri!**
Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070.




**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00-17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkarar, frystikista, sjónvörp. Tölvuflatskjár S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Hljóðfæri

Mjög gott Píanó til sölu tegund: Louis-Zwicki mjög lítið notað og allt í topp standi verðhugm.150þ. uppl: 899 0252.

## Sjónvarp

Sjónvarp, Grundig 32" 3. mánaða. Selst með afslætti. Uppl. í s. 534 8555.

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga




## Verslun



**TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ**
stakar stærðir í A,B,C,D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 4.990,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.







ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR.
LÆGSTA VERÐ 290KR.
GOTT VERÐ 390KR.
HÆÐSTA VERÐ 690KR.



NÝJAR VÖRUR! Kjólar, skokkar, toppar og fl. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu fríar prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SKARTGRIPASMÍÐI OFL.**
Sjá namskeid á handverkshusid.is Skartgripasmíði, tálgun, tréútskurður, steinavinnsla, gler mósaik. Skráning s:555-1212

## Ökukennsla

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. '07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Útilegubúnaður




Vatnsheldar töskur og pokar 5 ára ábyrgð Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040 www.hirzlan.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu, 3 herb. 84fm íbúð í efra breiðh. 120þ. á mán, 3mán bankaábyrgð, laus strax. S: 861 8105.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðgangur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Holiday apartment by the sea!**
Studio apartment for 2 in a peaceful environment. Swimmingpool and bus with in a walking distance. Information in 823 2927

Tvö skrifstofuherbergi C.a 17fm. Til leigu við (Árbær/hálsar). Óska eftir skrifborðsstólum. Upplýsingar gefur Halldór í síma 899 7230.

**Hús á Florida**
Vegna forfalla er glæsilegt hús laust til leigu allan apríl nk. á Vesturströnd Florida. Upplýsingar í síma 858 8010.

**VELDU ÖRYGGI!!**
Fáðu fagfólk til að sjá um útleigu á þínu húsnæði. Sem leigjandi gerðu þá ófrávíkjanlega kröfu um að skjalagerð sé í höndum fagfólks www.leiguhus.is aðstoðar þig Sími 562 2554.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ROOM f/RENT W/FURNITURE in 108 RVK NEAR KRINGLA ALSO 109/111 BREIÐHOLT 8973611

## Húsnæði óskast

Par óskast eftir stúdíó helst í miðbæ Rvk, greiðslug. 75 þús. S. 615 8425.

Óska eftir 2 herb. eða stúdíóíbúð í 101, 103, 105, 107 Aðeins snyrtilegar og flottar íbúðir koma til greina. Vinsamlegast hafið samband í síma 897 5012.

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu í Víkur - eða Staðahverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar-og lagerhúsnæði í Hafnarfirði til leigu. Ýmsar stærðir. S. 6601060, 8224200

TIL LEIGU 280m2 Verslunar og skrifstofuhúsnæði á horni Grensásvegar og Miklubraut (Jarðhæð) Nánari upplýsingar veittar í síma:588 5523 Netfang: hreyfill@hreyfill.is

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Geymsluhúsnæði til leigu á 105 svæðinu, 90fm hægt að fá smærri einingar. S: 897 3386.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Heildverslun**
**Öflugt heildsölufyrirtæki óskar eftir að ráða ábyggilegan og jákvæðan starfsmann í 60% starf fyrri hluta dags við afgreiðslu og nótútskrift.**
**Áhugasamir vinsamlega sendið Umsóknir / fyrirspurnir á netfangið: vinnukraftar@gmail.com**



**Tækifæri**
Aukavinna eða fullt starf. Frjáls vinnutími. S. 821 4445.

Spjalldömur Rauða Torgið leitar samstarfs við spjalldömur, góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar og skemmtilegar konur. Uppl. á RaudaTorgid.is og PurpleRabbit.eu

**Vellaunað framtíðarstarf í boði á líflegum vinnustað.**
Hressingarskálinn óskar eftir yfirkokki sem er skipulagður, hugmyndaríkur og skemmtilegur í starfi, þarf einnig að sjá um starfsmannahaldið í eldhúsinu, innkaup og fleira. Vinsamlegast sendið CV á valdi@hresso.is

Óskum eftir fólki til úthringinga á kvöldin, Góð laun í boði. Uppl gefur Samúel í 8970948 og Eiríkur 8227303 eða eirikur@tmi.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**STOLINN BÍLL**
**Hyundai accent árg 2000 svipaður og á mynd PO 186, silfur grár. Sást síðast utan moes Breiðholti og Bæjarhrauni 3-6.**
**Þeir sam vita um ferðir þessa bíls er beðið hafa samband við lögreglu 4444 1000**

## Einkamál

Tilbreyting Íslenskar konur sem leita mjög ákveðið að tilbreytingu nota símaþjónustuna Rauða Torgið Stefnumót. Auglýstu frítt: s. 555-4321. Heyra auglýsingar: 905-2000 og 535-9920.

## Atvinna

**ACEbemanning**
– med hjerte for jobben

# Har du et ønske om å jobbe i Norge?

**ACE Bemanning besøker Reykjavik 16 & 17 mars. Vi holder til på hotell Radisson Blue 1919, Posthusstraeti 2,101.**

Vi ser primært etter mekanisk personell, elektrikere, CNC operatører og personell i rotasjon til onshore anlegg i oljeindustrien.

Dersom du ønsker å prate med oss om muligheter, kom innom hotellet mellom kl 1000-1800 den 16 & 17 mars.

Husk å ta med CV og andre relevante papirer.

Se vår hjemmeside **www.acebemanning.no**

Vi sees!

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**35** **GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR,** rithöfundur og ljóðskáld, er 35 ára í dag.

*„Sögur eru eitthvað sem breytir okkur, verður hluti af okkur sjálfum."*



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga Kristjánsdóttir**
Þorláksgeisla 1, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 15. mars. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 25. mars kl. 13.00.

**Þorsteinn Sigurðsson**
**Kristján Helgason**
**Sigurður Þórir Þorsteinson** **Hildur Hrönn Oddsdóttir**
**Halldór Örn Þorsteinsson** **Lilja Björg Sigurjónsdóttir**
**barnabörn**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Erlendsdóttir**
Sæbóli, Blönduósi,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þann 6. mars sl., verður jarðsungin frá Blönduóskirkju föstudaginn 18. mars og hefst athöfnin kl. 14.00.

**Gísli Ófeigsson** **Ester Garðarsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Ásgeir Axelsson**
**Þórarinn Baldursson** **Guðrún Kristinsdóttir**
**Magnús E. Baldursson** **Helga I. Sigurðardóttir**
**Þrándur Ó. Baldursson** **Emilía Stefánsdóttir**
**Sigurbjörg H. Baldursdóttir** **Hreiðar Margeirsson**
**Steinvör M. Baldursdóttir** **Friðrik Steingrímsson**
**Sigurlaug B. Baldursdóttir** **Eiríkur Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Móðursystir mín,*

**Sigurlaug Jóhanna Jónsdóttir**

lést að Droplaugarstöðum 9. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 21. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Sjöfn Jóhannesdóttir.**



*Okkar ástkæri*

**Hörður G. Albertsson**
forstjóri,

lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 15. mars síðastliðinn.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Þórdís Ásgeirsdóttir.**

## 70 ára afmæli



Ég er að verða 70 ára og af því tilefni verður síðasta sjónferðin.

Það verður ýtt úr vör í þessa ferð 19. mars frá Haukahúsinu í Hafnarfirði.

Brottför áætluð kl. 19.00. Þeir sem vilja vera í áhöfn eru vinsamlegast beðnir um að lögskrá sig og sína sem fyrst á gmail jonmartein@gmail.com eða sms 862 5008, sími 845 3555.

Kveðja
Jón Marteinn Guðröðarson



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Louise Eðvarðsdóttir**
frá Hrísdal,
Borgarbraut 65, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 19. mars nk. kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Úrsúla M. Kristjánsdóttir** **Þórður Sigurðsson**
**Unnur G. Kristjánsdóttir** **Sturla Þórðarson**
**Matthildur Kristjánsdóttir**
**Sigurður Kristjánsson**
**Hjördís Kristjánsdóttir**
**Guðrún Kristjánsdóttir** **Bjarni Kr. Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Jónas Hálfdánarson**
Melum, Hofsósi,

sem lést fimmtudaginn 3. mars, verður jarðsunginn frá Hofsóskirkju laugardaginn 19. mars kl. 14.00.

**Stefán Gunnarsson** **Stefanía Th. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Jónas Stefánsson** **Lilja Björk Heiðarsdóttir**
**Jóna Rósa Stefánsdóttir** **Kristinn Hjálmarsson**
**Elín Gréta Stefánsdóttir** **Kristján Gíslason**
**Gunnar Stefánsson** **Dröfn Ragnarsdóttir**
**og langafabörn**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Jóhanns Guðmundssonar**
kennara, Urðarstíg 7a, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu, Reykjavík, fyrir góða umönnun.

**Anna María Guðmundsdóttir**
**Rósa María Guðmundsdóttir** **Guðmundur Ómar Óskarsson**
**Hannes Ingi Guðmundsson** **Ingibjörg Jóhannsdóttir**
**barnabörn og langafabarn**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Eygló Gísladóttir**
Sóleyjarima 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 13. mars. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 18. mars kl. 15.00.

**Arnþór Ásgrímsson**
**Heimir Sigurðsson** **Gróa Þóra Pétursdóttir**
**Eva Arnþórsdóttir**
**Ása Margrét Arnþórsdóttir**
**Valdimar A. Arnþórsson** **Rósmary A. Úlfarsdóttir**
**Eygló Arnþórsdóttir** **Andy Holmes**
**barnabörn og barnabarnabörn**



**RÍK ÞÖRF Í DAG** „Ég tel mikla þörf á að snúa bökum saman og þétta tengslin," segir Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnurekstri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI FÉLAGS KVENNA Í ATVINNUREKSTRI

# Á mikilli siglingu

Hulda Bjarnadóttir tók nýlega við starfi framkvæmdastjóra Félags kvenna í atvinnurekstri, FKA. Hulda er viðskiptafræðingur að mennt og hefur komið víða við, stýrði meðal annars útvarpsþáttum hjá 365 miðlum, vann í bankageiranum og hefur undanfarið starfað fyrir Kraft, stuðningsfélag ungs fólks með krabbamein.

„Upphaflega fór ég að líta til félagsins því fjölskylda mín var með rekstur sem varð til þess að ég gerðist félagskona í FKA. Fljótlega eftir að ég fór að mæta á fundi fann ég hvað maður gat fengið mikið út úr þessum félagsskap og hvað það er mikill kraftur og orka í félaginu. Eftir það varð ekki aftur snúið," segir Hulda.

Markmið FKA er að sameina konur í atvinnurekstri og efla samstöðu þeirra og samstarf. Yfir vetrarmánuðina stendur félagið fyrir reglulegum fundum þar sem meðal annars er boðið upp á fyrirlestra sem nýst geta konum í atvinnurekstri, vettvangsferðir og skipulagðar ráðstefnur.

Hulda segir að í félagsskap eins og FKA skipti miklu að vera virkur félagsmaður. „Það er samasemmerki milli þess sem maður gefur af sjálfum sér í félagið og þess sem maður fær út úr því. Þetta er svipað og með líkamsræktarstöðvarnar, sem hægt er að vera í áskrift að en án þess að mæta uppsker maður ekki árangur."

Hulda hóf störf hjá FKA um svipað leyti og félagið veitti hina árlegu FKA-viðurkenningu en hana hlaut Aðalheiður Birgisdóttir, betur þekkt sem Heiða í Nikita. „Það var gaman að byrja að vinna í kringum það verkefni því þá fann maður allan kraftinn í félagsskapnum. Nú erum við að setja kúrsinn fyrir komandi ár og fáum félagskonur til að taka þátt í þeirri stefnumótun og koma með hugmyndir, en við höldum okkar þjóðfund í Borgarnesi á Hótel Hamri í kvöld. Þá er fréttabréfið að koma út og alþjóðaráðstefna Félaga kvenna í atvinnurekstri fram undan í maí en hana höldum við með viðskiptaráðuneytinu, Samtökum atvinnulífsins og fleirum. Við erum að tengjast alþjóðasamfélaginu betur og betur og á þessa ráðstefnu koma til dæmis tvær norskar konur sem fjalla um innleiðingu kynjakvótans í Noregi og hvaða áhrif hann hefur haft á atvinnulífið þar í landi. Með ráðstefnunni erum við að vekja athygli á því sem er fram undan hjá okkur Íslendingum, en kynjakvótalögin taka gildi árið 2013."

Síðar á árinu fer FKA í sína árlegu utanlandsferð, að þessu sinni til Boston, þar sem félagskonur heimsækja fyrirtæki og stofnanir og sækja sér innblástur.

„Félagið er á siglingu sem aldrei fyrr. Félagskonur í dag eru 650 talsins og það bætir í jafnt og þétt. Ég tel mikla þörf núna fyrir að snúa bökum saman og þétta tengslin. Þetta er erfitt rekstrarumhverfi sem við búum við og þá veitir ekki af uppbyggilegum félagsskap til að leita til."

**juliam@frettabladid.is**



*Móðir okkar og amma,*

**Sigrún Guðmundsdóttir (Dúdda)**

er látin. Jarðsett verður frá Bústaðakirkju föstudaginn 18. mars kl. 11.00.

**Kolbrún Ólafsdóttir**
**Arna Jóhannsdóttir** **Geirmundur Einarsson**
**Hermann Þórir Björnsson**
**Kolbrun Gígja Björnsdóttir**
**Sandra Ýr Geirmundardóttir**
**Elma Lísa Geirmundardóttir**




# Þú spilar stórt hlutverk

Í hvert sinn sem þú tekur upp veskið til að greiða fyrir vörur eða þjónustu stuðlar þú að lægra verðlagi, aukinni veltu og öruggara atvinnuumhverfi á Íslandi. Dagar verslunar og þjónustu vekja athygli á verðmæti þínu.

SPILUM SAMAN

Í hvert sinn sem þú greiðir fyrir vörur eða þjónustu á Íslandi heldur þú hagkerfinu gangandi.

www.spilumsaman.is

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

Virðing Réttlæti VR

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** ógrynni, **8.** merki, **9.** gifti, **11.** skst., **12.** fold, **14.** transistor, **16.** tveir eins, **17.** hópur, **18.** hamfletta, **20.** frú, **21.** óskert.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kjaft, **3.** skammstöfun, **4.** sandgrynning, **5.** sjáðu, **7.** lánsamur, **10.** fát, **13.** til sauma, **15.** innyfla, **16.** iðka, **19.** fisk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** of, **8.** hak, **9.** gaf, **11.** no, **12.** grund, **14.** smári, **16.** ææ, **17.** lið, **18.** flá, **20.** fr, **21.** allt.

**LÓÐRÉTT: 1.** gogg, **3.** eh, **4.** sandrif, **5.** sko, **7.** farsæll, **10.** fum, **13.** nál, **15.** iðra, **16.** æfa, **19.** ál.


Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Borgarfjarðarbraut (50) um Reykjadalsá í Borgarbyggð**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **18. apríl 2011.**

**Skipulagsstofnun**



SÝSLUMAÐURINN Á ÍSAFIRÐI

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl 2011 um gildi laga nr. 13/2011, sem forseti Íslands hefur synjað staðfestingar, er hafin hjá sýslumanninum á Ísafirði að Hafnarstræti 1, Ísafirði. Hægt er að kjósa á skrifstofutíma frá kl. 9:30 – 15:30 virka daga.

Kjósandi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans og hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag eða eigi síðar en kl. 16 þriðjudaginn 5. apríl 2011.

Kjósandi, sem vill greiða atkvæði utan kjörfundar, skal gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum.

Kjósendum er bent á upplýsingar á slóðinni: http://www.kosning.is/thjodaratkvaedagreidslur2011/frettir/nr/7846

Athygli er vakin á því að hægt er að kjósa utan kjörfundar hjá öðrum sýslumönnum.

Sýslumaðurinn á Ísafirði
16. mars 2011
Úlfar Lúðvíksson


# Veðravíti á þjóðvegi 1

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Ég þekki hjón sem gistu eitt sinn heila nótt í bílnum sínum uppi í Víkurskarði með þremur ungum börnum. Fjölskyldan ætlaði sér yfir í næstu sveit yfir páskahelgina og lagði af stað í góðu veðri frá Akureyri. Það var líka gott veður í sveitinni þangað sem ferðinni var heitið, en í skarðinu lentu þau í blindbyl og sáu hvorki hvað sneri upp né hvað sneri niður. Björgunarsveit á snjóbíl bjargaði þeim í dagrenningu ásamt fjölda fólks sem einnig hafði eytt nóttinni í skarðinu. Fjölskyldunni varð ekki meint af, enda vel búin og nestuð.



**VÍKURSKARÐ** er veðravíti á þjóðvegi 1. Þar uppi getur verið kolvitlaus bylur en logn og blíða sitthvoru megin við. Þegar ég sótti skóla á Akureyri í eina tíð átti ég leið um skarðið ófáar helgarnar. Foreldrar mínir hringdu þá jafnan um nærsveitir að leita eftir einhverjum sem ég gæti verið í samfloti við yfir skarðið. Það var ekki ráðlegt að leggja á það einn.

**ÉG** veit ekkert hvað kostar að ryðja þetta skarð á veturna. Ég veit heldur ekkert hversu margar ferðir á vetri eru farnar þangað upp eftir að bjarga vegfarendum sem festast þar í snjóbyl, né hvað þær kosta eða hver borgar. Ég veit ekki hversu margir bílar fara þar út af snarbrattri hlíðinni á ári vegna hálku og ég hef ekki hugmynd um hversu margir metrar af vegriðum hafa verið settir þar upp, eftir að einhver bíllinn fór einmitt út af. Ég veit ekki hvað hallinn á veginum er margar gráður sitt hvoru megin niður af skarðinu né um hversu mörg prósent veggrip hjólbarða minnkar í rigningu, ísingu, snjó eða roki.

**ÉG** veit heldur ekki nákvæmlega hversu margir bensínlítrar né hversu margar krónur sparast við að aka beinustu leið gegnum göng í Vaðlaheiði á jafnsléttu. Ég hef heldur ekki reiknað nákvæmlega hversu margar mínútur ég spara á ferð minni við það að aka í gegnum göngin. Ég veit ekkert hversu margir eru með eða á móti því að Vaðlaheiðargöng verði grafin yfirleitt.

**ÉG** veit þó að sjálf mun ég fegin keyra þessi göng, verði þau að veruleika, og borga fyrir það toll. Ég hugsa að sá tollur verði alltaf lægri en hinn, það er sá tollur að þurfa að eyða nótt af páskafríinu í blindbyl uppi í skarði.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM




**OPNUNARTÍMAR**

**Virka daga**
10:00 - 18:30

**Laugardaga**
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

**Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SONY · TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORT**



EUROSHOPPER ENERGY DRINK
**ORKUDRYKKUR**
**98** kr.250ml



ALI **FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**
**898** kr.kg



EUROSHOPPER ENERGY DRINK
**ORKUDRYKKUR**
**159** kr.500ml



KF SPARHAKK
**359** KR.625g

**Cow&Gate** barnamatur
Sex glös á verði þriggja



**398**
KR. 6 glös.
Suðrænir ávextir 6 glös x 125g



EMMESS **HVERSDAGSÍS** 1 LTR. **259** KR.

**BÚRFELL** GOTT ÁLEGG Á BRAUÐIÐ



BÚRFELLS BRAUÐSKINKA
**298** KR. 250g

BÚRFELLS HANGIÁLEGG
**398** KR. 143g



KA HANGIÁLEGG
**1998** KR.kg

BÓNUS *SALÖT Á BRAUÐIÐ*



BÓNUS **RÆKJUSALAT**
& **TÚNFISKSALAT**
**198** KR. 200g

NÝBAKAÐIR **KORNKUBBAR**



KORNKUBBAR 2 TEG.
4 STK Í POKA
**198** KR. 4STK.

**KORNBRAUÐ**



BÓNUS KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR
**198** KR.

**KJARNABRAUÐ**



BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
**179** KR.

*ÞRIGGJA* **KORNABRAUÐ**



BÓNUS 3JAKORNABRAUÐ 600g
**179** KR.

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

TATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KOR

SPILUM SAMAN



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**

Frábært verð: **1298** kr.kg

# ÍSLENSKT LAMBAKJÖT Á DISKINN MINN



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSINN LAMBAHRYGGUR**

**1398** kr.kg



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI**

**1198** kr.kg



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSINN LAMBABÓGUR**

**798** kr.kg

**Sérskorið Bónus lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!



BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ **LAMBALÆRI**

**1359** kr.kg

ÍSLANDS LAMB

Mangó lamb




Pataks-mangókryddað úrbeinað og snyrt lambalæri í álbakka tilbúið í ofninn

Frábært verð: **1998** kr.kg




**CAJ-P**

**GRILLOLÍA 500ml**

ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ

**398** kr.

SS



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

**FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBAFILLET**

Frábært verð: **2998** kr.kg

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

**FRÁ AMERÍKU TIL ARMENÍU** Síðustu tónleikar vetrarins í tónleikaröð Elektra Ensemble og Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum verða haldnir á sunnudag undir yfirskriftinni Frá Armeníu til Ameríku. Þar verða flutt verk fyrir klarínettu, fiðlu og píanó eftir J. Vanhal, A. Khachaturian, F. Chopin, L. Bernstein og B. Bartók. Flytjendur eru Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari, Helga Björg Arnardóttir klarínettuleikari og Helga Þóra Björgvinsdóttir fiðluleikari. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

## Býsanskir Balkantónar

Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans heldur tónleika í Versölum í Þorlákshöfn í kvöld og í Salnum í Kópavogi annað kvöld. Tilefnið er heimsókn búlgarska harmóníkuleikarans Borislavs Zgurovski.

Haukur Gröndal og Ásgeir Ásgeirsson stofnuðu Skuggamyndir frá Býsans um mitt ár í fyrra en hljómsveitin einbeitir sér að þjóðlegri tónlist frá Balkanlöndunum, sem er annáluð fyrir ólgandi tilfinningahita, blandaðan austurlenskri dulúð. Þeir hafa meðal annars sótt sér innblástur með ferðum til Búlgaríu þar sem þeir hafa numið hjá ýmsum þarlendum hljómlistarmönnum.

Báðir tónleikarnir hefjast klukkan 20.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

09.03.11 - 15.03.11



1 Betri næring - betra líf
Kolbrún Björnsdóttir



2 Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir



3 Fátækt fólk - kilja
Tryggvi Emilsson



4 Ljósa - kilja
Kristín Steinsdóttir



5 Sjöundi himinn - kilja
James Patterson



6 Dávaldurinn - kilja
Lars Kepler



7 Hinir dauðu - kilja
Vidar Sundstøl



8 Eyjafjallajökull
Ari Trausti/Ragnar TH.



9 Ja, þessi Emil
Astrid Lindgren



10 Sumarlandið
Guðmundur Kristinsson

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**SIGTRYGGUR OG ÞORRI** Báðir sækja þeir innblástur í náttúruna og styðjast við ljósmyndir við vinnu sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ÓLÍKINDI HINS ÁÞEKKA

**Varanlegt augnablik nefnist sýning þeirra Þorra Hringssonar og Sigtryggs B. Baldvinssonar sem verður opnuð í Hafnarborg á laugardag. Þar stefna þeir saman verkum sem við fyrstu sýn kunna að virðast svipuð en eru býsna ólík við nánari skoðun.**

Málverk og ljósmyndir þar sem náttúran er viðfangsefni er uppistaðan í sýningu Þorra Hringssonar og Sigtryggs B. Baldurssonar, sem verður opnuð í Hafnarborg á laugardag. Verkin voru upphaflega sýnd í Listasafninu á Akureyri í byrjun árs. Þorri segir þó að sýningarnar verði nokkuð ólíkar. „Maður rennir alltaf dálítið blint í sjóinn þegar maður flytur sýningar um set," segir hann. „Það bættust við heilmargar myndir og aðrar duttu út; um 20 prósent myndanna á sýningunni í Hafnarborg voru líka á sýningunni á Akureyri. En þótt þetta séu ekki endilega sömu verkin er inntak þeirra hins vegar ekki svo ólíkt. Að því leyti er þetta nokkurn veginn sama sýningin."



**VIÐ FJARÐARÁ** Mynd eftir Sigtrygg B. Baldvinsson.

Þorri og Sigtryggur leiddu saman hesta sína eftir að Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri, fór þess á leit við Þorra í fyrra að hann héldi sýningu við annan mann.

„Nafn Sigtryggs kom mjög fljótt inn í dæmið, okkur fannst þess virði að tefla þessum myndum saman og fannst þær hafa marga snertifleti. Það varð því úr að við héldum sýningu á Akureyri og fljótlega í kjölfarið varð úr að við færum suður yfir heiðar að sýna í Hafnarfirði líka." Við fyrstu sýn kunna sum verka Þorra og Sigtryggs að virðast svipuð en við nánari athugun kemur í ljós að þau eru talsvert ólík, til dæmis hvað nálgun og vinnsluaðferð áhrærir.

„Að mínu viti hefur verið ákveðin tilhneiging í myndlist undanfarið að ýta líkum hlutum í burtu frá hverjum öðrum; það er einhver nagandi ótti meðal myndlistarmanna við að verða uppvís að því að gera eitthvað á sömu nótum og einhver annar.

Við Sigtryggur höfum hins vegar talað fyrir því að þetta eigi ekki að vera neitt feimnismál; þvert á móti eigi að stefna slíkum verkum saman einmitt til að draga fram hvað þau eru í raun og veru ólík við nánari skoðun. Munurinn kemur þannig ekki almennilega í ljós fyrr en þau eru borin saman."

Sýningin í Hafnarborg stendur til 1. maí næstkomandi.

bergsteinn@frettabladid.is

**NÓTT VIÐ BLÖNDULÆK** Mynd eftir Þorra Hringsson.




TJARNARBÍÓ
SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN
ALLRA SÍÐASTA SÝNING! Svikarinn 17
Söngleikjastund Margrétar Eir MATUR OG TÓNLIST 18
Tjarnarbiogen Tribute tónleikar Bjössa Biogen 19
Halldór Jónsson HÁRSÝNING 20
NÆSTA VIKA:
Hönnunarmars 24
Músíktilraunir 25|26|27|28
NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS
Miðasalan er opin alla virka daga frá kl.13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík
RADAR




**ÞRJÁR KLASSÍSKAR** Þær Björk Jónsdóttir, Jóhanna V. Þórhallsdóttir og Signý Sæmundsdóttir koma fram ásamt Bjarna Jónatanssyni og Gunnari Hrafnssyni sem vantar á myndina.

## Söngur á sunnudegi

Ítalskir smellir, hugljúf danslög og íslensk sönglög munu hljóma á söngskemmtun söngkvennanna Bjarkar Jónsdóttur, Jóhönnu V. Þórhallsdóttur og Signýjar Sæmundsdóttur sem haldin verður næsta sunnudag. „Þetta er létt, skemmtilegt og afar fjölbreytt prógramm. Við köllum okkur þrjár klassískar og höfum fengið til liðs við okkur tvo prúðbúna herramenn, þá Bjarna Þór Jónatansson píanóleikara og Gunnar Hrafnsson bassaleikara," segir Signý.

Söngskemmtunin verður haldin í hátíðarsal FÍH í Rauðagerði næsta sunnudag og hefst klukkan 17. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

- sbt

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 17. mars 2011**

### Tónleikar

**20.00** Hljómveitin **Skuggamyndir frá Býsans** flytja Balkantónlist í tónleikaröðinni **„Tónar við hafið"** í **Versölum**. Tónleikarnir hefjast kl. 20.

**20.00** Hljómsveitirnar **Trust The Lies**, **Vulgate** og **Otto Katz Orchestra** spila á **Fimmtudagsforleik Hins hússins** í kvöld kl. 20. 16 ára aldurstakmark. Frítt inn.

**22.00** Hljómsveitirnar **Vigri**, **Andvari** og **Endless Dark** koma fram á **Faktorý** í kvöld. Húsið opnar kl. 21 og hefjast tónleikarnir kl. 22. Aðgangseyrir er kr. 1000.

**23.00** Hljómsveit skipuð þeim **Kristófer Jenssyni**, **Franz Gunnarssyni**, **Helga Rúnari Gunnarssyni**, **Þórhalli Stefánssyni** og **Jóni Svani Sveinssyni** ætlar að flytja lög frá ferli **Stone Temple Pilots** á **Sódóma** í kvöld. Húsið opnar kl. 22 og hefjast tónleikar kl. 23. Aldurstakmark er 18 ára. Aðgangseyrir er kr. 1000.

### Fyrirlestrar

**20.00** **Deborah Saunt** arkitekt mun fjalla um nýtt samfélagslegt rými í fyrirlestraröð **Listasafns Reykjavíkur**, **Hönnunarmiðstöðvar Íslands** og **Listaháskóla Íslands**. Fyrirlesturinn fer fram í **Hafnarhúsinu** og hefst kl. 20. Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Íslendingar meðal heiðursgesta í París

Auður Ava Ólafsdóttir, Árni Þórarinsson, Steinunn Sigurðardóttir og Jón Kalman Stefánsson eru í hópi fjörutíu norrænna rithöfunda sem verða heiðursgestir á bókamessunni í París, Salon de livre de Paris, sem sett verður í dag. Messan stendur frá 18. til 21. mars en heiðursgestirnir munu lesa úr verkum sínum, taka þátt í pallborðsumræðum og árita bækur.

Bækur eftir íslensku höfundanna fjóra hafa verið gefnar út í Frakklandi við góðar undirtektir. Afleggjarinn eftir Auði Övu fékk lofsamlega dóma þar í landi í fyrra, hlaut meðal annars Prix de Page bókmenntaverðlaunin sem besta evrópska skáldsagan 2010, auk þess sem hún var tilnefnd til Femina-verðlaunanna.

Dauði trúðsins eftir Árna Þórarinsson var þaulsetinn á metsölulistum í Frakklandi og von er á franskri útgáfu Morgunengils í haust. Steinunn Sigurðardóttir er frönskum lesendum að góðu kunn; Tímaþjófurinn kom þar út 1995, Hjartastaður 2000 og Sólskinshestur 2008. Himnaríki og helvíti Jóns Kalmans kom út hjá forlaginu Gallimard í haust og kemur nú út í kilju í tilefni af messunni.


AUÐUR AVA ÓLAFSDÓTTIR


STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR


ÁRNI ÞÓRARINSSON


JÓN KALMAN STEFÁNSSON

# Handverkssýning í Víkinni

**Ný sérsýning á handverki Ásmundar Guðmundssonar var opnuð í Víkinni, Sjóminjasafni Reykjavíkur á dögunum. Löndun, aðgerð, vöskun og söltun eru meðal myndefna Ásmundar á sýningunni, þar sem störf íslenskrar alþýðu fyrri tíma eru skorin út í tré.**

**Ásmundur var skipstjóri á millilandaskipum til 1975, en þá fékk hann alvarlegt heilablóðfall og missti við það talmálið, sem og máttinn í hægri hluta líkamans. Hann náði að þjálfa upp vinstri höndina, sem hann notar nú til vinnu og athafna, meðal annars til þess að skera út og mála.**


IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

SCHMIDT - vélar

- sala
- varahlutir
- þjónusta
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
UMSÓKNIR FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2011–2012

HÖNNUNAR-OG ARKITEKTÚRDEILD
25. mars Umsóknarfrestur í bakkalárnám

MYNDLISTARDEILD
25. mars Umsóknarfrestur í bakkalárnám

TÓNLISTARDEILD
25. mars Umsóknarfrestur í bakkalárnám
13. maí Umsóknarfrestur í meistaranám

LISTKENNSLUDEILD
13. maí Umsóknarfrestur í meistaranám

lhi.is/umsoknir/


THE VACCINES


ELBOW

## > Í SPILARANUM

The Vaccines - What Did You Expect From The Vaccines?
R.E.M. - Collapse Into Now
James Blake - James Blake
Bibio - Mind Bokeh
Elbow - Build a Rocket Boys!

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Nate Dogg látinn



Rapparinn Nate Dogg er látinn, 41 árs að aldri. Dánarorsök hans er óljós en rapparinn hafði tvívegis fengið hjartaáfall á undanförnum árum.

Nate Dogg hét réttu nafni Nathaniel Dwayne Hale og ólst upp á Long Beach í Kaliforníu. Hann ólst upp með köppum á borð við Snoop Dogg og Warren G en vakti fyrst á sér athygli þegar hann rappaði á sígildri plötu Dr. Dre, The Chronic. Árið 1994 slógu hann og Warren G í gegn með laginu Regulate. Hann átti síðar eftir að vinna með listamönnum á borð við Eminem, Tupac Shakur, Ludacris og Mark Ronson.

Nate Dogg sendi frá sér þrjár sólóplötur á ferlinum og hlaut fjórum sinnum tilnefningu til Grammy-verðlaunanna. Sú síðasta kom árið 2007 fyrir framlag hans í Eminem-laginu Shake That.

„Við höfum misst sanna goðsögn í hiphoppi og R&B," skrifaði Snoop Dogg félagi hans á Twitter þegar hann fékk fréttirnar. Fjölmargir þekktir tónlistarmenn hafa vottað Nate Dogg virðingu sína eftir andlát hans.

**FALLINN FRÁ** Rapparinn Nate Dogg er látinn, 41 árs að aldri.



## > PLATA VIKUNNAR

Sin Fang - Summer Echoes

★★★★

„Þéttofið og hljómfagurt popp frá Sindra úr Seabear." - TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Frumkvöðuls minnst*

Raftónlistarmaðurinn Sigurbjörn Þorgrímsson, betur þekktur sem Bjössi Biogen, féll frá fyrir rúmum mánuði. Hann var einn af atkvæðamestu og áhrifaríkustu raftónlistarmönnum Íslands. Bjössi, sem var fæddur 1976, byrjaði ferilinn í dúóinu Ajax ásamt Þórhalli Skúlasyni (DJ Thor) í upphafi tíunda áratugarins. Þeir gerðu saman lög sem komu út á safnplötunum Icerave (1992), Egg 94 (1994)og Icelandic Dance Sampler (1996), það þekktasta er hardcore-smellurinn Ruffige sem margir telja eitt af bestu danstónlistarlögum Íslandssögunnar.


**BIOGEN** Bjössa Biogen verður minnst með stórtónleikum í Tjarnarbíói á laugardagskvöldið.

Bjössi tók upp Biogen-nafnið á Egg 94 og notaði það að mestu upp frá því, þó að hann hafi líka notað önnur nöfn, t.d. Aez og Babel. Á þeim átján árum sem Biogen starfaði gerði hann mikið af tónlist og einhver hluti hennar kom út á plötum. Hann gerði a.m.k. þrjár plötur í fullri lengd; – Eternalizer kom út hjá Uni:Form 1999. Árið 2002 gaf hann út You Are Strange og ári síðar kom Mutilyn. Auk þess átti hann lög á safnplötum, m.a. hjá Thule, Elektrolux og Kitchen Motors. Síðustu ár var hann einn af aðalsprautum Weirdcore-hópsins sem hefur staðið fyrir mörgum tónleikum og sent frá sér þrjár safnplötur sem Biogen átti lög á. Tónlist Bjössa þróaðist mikið og kom við í mörgum helstu stefnum raftónlistarinnar. Hún var stundum sveimkennd og lágstemmd, stundum hörð og aggressíf. Stundum dansvæn, stundum ekki, en alltaf leitandi og framsækin. Biogen var líka mikill húmoristi og það heyrist í sumum verka hans.

Bjössi Biogen var frumkvöðull og hafði mikil áhrif á raftónlistarsenuna. Það er samt ólíklegt að þú finnir mikið af tónlistinni hans í næstu plötubúð. Mörg þekktustu laga hans má samt heyra á YouTube og bæði You Are Strange og Mutilyn eru til á gogoyoko og Icerave á Tónlist.is. Auk þess er efni með honum á SoundCloud.

Næsta laugardagskvöld verða haldnir sex tíma tónleikar til heiðurs Biogen í Tjarnarbíói. Þar koma fram margir af fremstu raftónlistarmönnum þjóðarinnar sem jafnframt voru vinir og félagar Bjössa. Þar á meðal eru Thor, Ruxpin, Quadruplos, Skurken, Futuregrapher, Frank Murder, Yagya, Agzilla, Stereo Hypnosis og Marlon og Tanya Pollock. Tónleikarnir hefjast klukkan 18.00 og standa til miðnættis.





**DEILUR** Fréttir bárust reglulega af deilum innan The Strokes á meðan vinna að nýju plötunni stóð yfir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fimm vinklar The Strokes

**Angles, fjórða plata The Strokes, kemur út í næstu viku. Hljómsveitin hefur boðið aðdáendum sínum upp á að hlusta á plötuna á heimasíðu sinni síðustu daga. Atli Fannar Bjarkason renndi yfir hana og skoðaði tilurð hennar.**

Albert Hammond Jr., gítarleikari The Strokes, útskýrði í viðtali við tímaritið Rolling Stone að nafn væntanlegrar plötu The Strokes, Angles eða Vinklar, ætti að gefa til kynna að fimm tónlistarmenn hefðu unnið plötuna saman. Platan kemur út í næstu viku, en rúmlega fimm ár eru síðan síðasta plata hljómsveitarinnar kom út. Nafn plötunnar virðist tengjast því að fréttir bárust reglulega af deilum innan hljómsveitarinnar þegar vinna að henni stóð yfir. Það virðist við fyrstu hlustun ekki koma niður á plötunni, sem er heilsteypt og hljómar eins og hún sé gerð af samrýndri hljómsveit.

Ýmislegt gekk á við vinnslu plötunnar. Hún átti fyrst að koma út seint árið 2009, en ágreiningur innan hljómsveitarinnar um hvort lögin væru tilbúin eða ekki varð til þess að útgáfunni var frestað. Þá átti upptökustjórinn Joe Chicarelli að stýra upptökum á plötunni. Hann hefur unnið með hljómsveitum á borð við U2, My Morning Jacket og The Shins, en meðlimir The Strokes voru ekki ánægðir með hann, slitu samstarfinu og hentu nánast öllum upptökunum. Chicarelli stýrði því aðeins upptökum á einu lagi sem endaði á plötunni og var það lokalagið Life Is Simple in the Moonlight. Hljómsveitin byrjaði upp á nýtt í hljóðveri gítarleikarans Alberts Hammond Jr. með upptökustjóranum Gus Oberg, sem kláraði plötuna.

Bassaleikarinn Nikolai Fraiture sagði í viðtali við Rolling Stone að Angles væri afturhvarf til einfaldleikans sem einkenndi fyrstu plötu The Strokes, Is This It. Fraiture hefur rétt fyrir sér að einhverju leyti. Lagasmíðarnar á Angles eru vissulega ekki flóknar, enda hefur The Strokes aldrei gert tilraunir til að finna upp hjólið. En það eru tíu ár á milli Is This It og Angles og það heyrist vel. Hljómsveitin leikur sér með stílinn á Angles og skemmtileg notkun á hljóðgervlum er áberandi.

The Strokes er löngu búin að sanna sig sem ein af merkustu hljómsveitum sinnar kynslóðar. Við fyrstu hlustun virðist Angles aðeins ætla að auka hróður hljómsveitarinnar. atlifannar@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 3. febrúar - 9. febrúar 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Sjonni Brink | *Aftur heim* |
| ▼ | 2 | Adele | *Rolling In The Deep* |
| ▲ | 3 | Magni | *Ég trúi á betra líf* |
| ▼ | 4 | Valdimar Guðmunds & Memfism | *Okkar eigin Osló* |
| ▶ | 5 | P!nk | *F**kin' Perfect* |
| * | 6 | Bubbi Morthens | *Ísabella* |
| ▼ | 7 | Bruno Mars | *Grenade* |
| ▲ | 8 | Jessie J | *Price Tag* |
| ▲ | 9 | Friðrik Dór ásamt Audda & Sveppa | *Sjomle* |
| ▲ | 10 | Rihanna | *S&M* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 3. febrúar - 9. febrúar 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Skálmöld | *Baldur* |
| ▼ | 2 | Ýmsir | *Söngvakeppni Sjónvarpsins 2011* |
| ▲ | 3 | Sin Fang | *Summer Echoes* |
| ▶ | 4 | Ýmsir | *Það er bara þú* |
| ▶ | 5 | Justin Bieber | *My Worlds* |
| ▼ | 6 | Jónas Sigurðsson | *Allt er eitthvað* |
| ▼ | 7 | Elly Vilhjálms | *Heyr mína bæn* |
| ▶ | 8 | Bjartmar og Bergrisarnir | *Skrýtin veröld* |
| ▲ | 9 | Hjálmar | *Keflavík Kingston* |
| ▶ | 10 | Jónsi | *Go* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

# Vinsælar vörutegundir með góðum afslætti

dagana 17. - 21. mars



30% afsláttur

## Augun eru spegill sálarinnar

Tvær vörutegundir saman: Blautur augnlínupenni (svartur) og "Big & curvy"-augnháralitur (einnig svartur)

**Verð nú: 2480 kr. með 30% afslætti**

Verð áður: 3550 kr.



35% afsláttur

## Dekurvörur með ólífuolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með ólífuolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2385 kr. með 35% afslætti**

Verð áður: 3670 kr.



35% afsláttur

## Dekurvörur með smjörtrésmauki

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með smjörtrésmauki, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2385 kr. með 35% afslætti**

Verð áður: 3670 kr.



35% afsláttur

## Dekurvörur með kókosolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2385 kr. með 35% afslætti**

Verð áður: 3670 kr.



30% afsláttur

## E-vítamín fyrir andlitið

Þrjár vörutegundir saman: Dagkremið sívinsæla með E-vítamíni (50ml), hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml) og andlitsvatn með E-vítamíni (200ml). Vörutegundirnar henta öllum húðgerðum

**Verð nú: 2980 kr. með 30% afslætti**

Verð áður: 4270 kr.



30% afsláttur

## Aloe vera fyrir andlitið

Þrjár vörutegundir saman: Dagkrem með aloe vera (50ml) auk sams konar hreinsimjólkur (200ml) og andlitsvatns (200ml). Vörutegundirnar henta best viðkvæmri húð

**Verð nú: 3290 kr. með 30% afslætti**

Verð áður: 4720 kr.



30% afsláttur

## Þaraseyði fyrir andlitið

Þrjár vörutegundir saman: Dagkrem með þaraseyði (50ml), hreinsimjólk (200ml) og andlitsvatn einnig með þaraseyði (200ml). Þessi vörulína er ætluð feitri og/eða blandaðri húð

**Verð nú: 3290 kr. með 30% afslætti**

Verð áður: 4740 kr.

## Handa unnustanum

Tvær vörutegundir saman: "White musk sport"-hár og -sturtusápa (200ml) og sams konar svitalyktareyðir (75ml)

**Verð nú: 1865 kr. með 35% afslætti**

Verð áður: 2870 kr.



35% afsláttur



35% afsláttur

## Handa eiginmanninum

Tvær vörutegundir saman: "Of a man"-hár og -sturtusápa (200ml) og "Of a man"-svitalyktareyðir (75ml)

**Verð nú: 1865 kr. með 35% afslætti**

Verð áður: 2870 kr.

## Himneskur híbýlailmur

Nýstárlegur híbýlailmur (125ml), svokallaður ilmreyr (eða "Reed diffuser"á ensku), fæst nú með helmingsafslætti. Val er milli tveggja ilmtegunda: Granateplis- & hindberja-ilms eða jasmínu- & frangípaní-ilms

**Verð nú: 1595 kr. með 50% afslætti**

Verð áður: 3190 kr.



50% afsláttur

# THE BODY SHOP™

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

> LEIKSTÝRIR AFTUR

Næsta leikstjórnarverkefni **Drew Barrymore** verður hin rómantíska How to Be Single, byggð á skáldsögu Liz Tuccillo. Myndin fjallar um ástamál New York-búa á tíu ára tímabili. Fyrsta myndin sem Barrymore leikstýrði, Whip It, hlaut góðar viðtökur og bíða menn því spenntir eftir næsta útspili hennar.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Soderberg hættir að leikstýra

Það kom mörgum kvikmyndaáhugamönnum í opna skjöldu þegar leikstjórinn heimsfrægi Steven Soderbergh tilkynnti í vikunni að hann ætlaði að hætta í bransanum.

„Þegar þú sérð íþróttamenn spila einum eða tveimur tímabilum of lengi verður það frekar sorglegt,“ sagði Soderbergh, sem hefur ekki sömu ástríðuna fyrir kvikmyndagerð og áður.

Soderbergh, sem er 48 ára, varð yngsti leikstjórinn til að vinna Cannes-verðlaunin þegar hann sigraði árið 1989 með myndinni Sex, Lies and Videotape. Segja má að árið 2001 hafi verið hápunktur hans á ferlinum því þá var hann tilnefndur til Óskarsins fyrir tvær myndir á sama tíma, Traffic og Erin Brockovich. Á meðal annarra þekktra verka hans eru Ocean's-myndirnar, Out of Sight og tvær myndir um Che Guevara.

Fjórar myndir koma úr smiðju Soderberghs áður en hann hverfur af sjónarsviðinu sem leikstjóri. Fyrst kemur hasarmyndin Haywire með Antonio Banderas og Ewan McGregor í aðalhlutverkum og síðar á árinu er væntanlegur tryllirinn Contagion með Kate Winslet og Jude Law. Soderbergh á eftir að taka upp tvær myndir, annars vegar mynd um ævi tónlistarmannsins Liberace og hins vegar The Man from U.N.C.L.E. með George Clooney.



**ÁSTRÍÐAN HORFIN** Leikstjórinn Steven Soderbergh ætlar að hætta að leikstýra.

# Versti hreimurinn

Dagur heilags Patreks er í dag og af því tilefni gerði breska blaðið Metro lista yfir þá fimm leikara sem höfðu versta írska hreiminn sem heyrst hefur á hvíta tjaldinu.

Efstur á lista er Tommy Lee Jones í hlutverki Ryans Gaerity í hasarmyndinni Blown Away. Þar lék Jones brjálaðan írskan sprengjusérfræðing sem flúði úr fangelsi og ákvað að hrella meðlimi sprengjusveitar lögreglunnar í Boston þar sem persóna Jeff Bridges var fremst í flokki.

Í öðru sæti yfir versta hreiminn lenti Skotinn Gerard Butler fyrir hlutverk sitt í dramanu PS I Love You þar sem hann lék á móti Hilary Swank. Töluvert grín var gert að Butler fyrir írska hreiminn og svo virðist sem skoskur uppruni hans hafi eitthvað ruglað hann í ríminu.

Richard Gere lék fyrrverandi meðlim IRA, Declan Mulqueen, í myndinni The Jackal á móti Bruce Willis. Írski hreimurinn vafðist ítrekað fyrir Gere, sem var hreinlega úti á þekju í hverju atriðinu á fætur öðru.

Hjartaknúsarinn Brad Pitt lék norður-írskan meðlim IRA í The Devil's Own og þótti engan veginn ná tökum á hreimnum. Hann sýndi mun betri takta í Snatch og sannaði þar að hann getur vel brugðið sér írska gírinn.

Í fimmta sætinu lenti svo Sean Connery í Disney-myndinni Darby O'Gill and the Little People sem kom út 1959. Hreimur persónunnar Michaels McBride þótti afleitur enda var Connery fljótur að hrista hann af sér sem njósnari hennar hátignar, 007, þremur árum síðar.



**FÁ LÉLEGA UMSÖGN** Gerard Butler, Richard Gere og Tommy Lee Jones eru í efstu sætunum með versta írska hreiminn.

# Spænskur brautryðjandi

**Javier Bardem leikur aðalhlutverkið í Biutiful sem verður frumsýnd á morgun. Hann kemur úr mikilli leiklistarfjölskyldu og spilaði eitt sinn með spænska landsliðinu í rúgbí.**

Spánverjinn Javier Bardem leikur aðalhlutverkið í Biutiful, sem kemur í bíó hérlendis á morgun á vegum Græna ljóssins.

Biutiful er ástarsaga sem fjallar um Uxbal, þjakaðan tveggja barna föður sem þarf að takast á við alls konar erfiðleika. Myndin var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna, sem besta erlenda myndin og fyrir besta leikarann í aðalhlutverki. Hún er fyrsta myndin sem mexíkóski leikstjórinn Alejandro González Iñárritu sendir frá sér síðan Babel kom út fyrir sex árum.

Javier Bardem fékk sína þriðju Óskarstilnefningu fyrir frammistöðu sína í Biutiful. Hann fæddist 1. mars 1969 í Las Palmas á Kanaríeyjum. Móðir hans var leikkona og faðir hans stundaði viðskipti en þau hættu saman fljótlega eftir að hann fæddist. Skyldmenni Bardems voru flest hver í kvikmyndabransanum og fljótlega varð ljóst að hann myndi leggja leiklistina fyrir sig. Auk móður hans voru afi hans og amma leikarar og frændi hans var handritshöfundur og leikstjóri. Eldri bróðir hans og systir eru einnig leikarar.

Bardem lék í sinni fyrstu kvikmynd þegar hann var sex ára og í framhaldinu lék hann í mörgum sjónvarpsþáttaröðum. Hann prófaði sig áfram sem málari en spilaði einnig rúgbí með spænska landsliðinu áður en hann sneri sér alfarið að leiklistinni í byrjun tíunda áratugarins.

Bardem vakti fyrst verulega athygli í myndinni Jamón, jamón árið 1992 þar sem hann lék á móti núverandi eiginkonu sinni, Penelope Cruz. Fyrsta enskumælandi myndin hans var Perdita Durango sem kom út 1997 og þremur árum síðar beindust augu heimsbyggðarinnar að honum þegar hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í Before Night Falls. Eftir að hafa leikið í Collateral á móti Tom Cruise og hinni vel heppnuðu The Sea Inside hlaut hann svo Óskarinn árið 2008 fyrir eftirminnilega frammistöðu sem geðsjúki morðinginn Anton Chigurh í Coen-myndinni No Country for Old Men. Það var í fyrsta sinn sem Spánverji vinnur Óskarinn fyrir bestan leik í aukahlutverki. Fyrr á þessu ári varð hann jafnframt fyrsti spænski leikarinn til að fá tilnefningu til Óskarsins í aðalhlutverki, fyrir hlutverk sitt í Biutiful.

Frægðarsól Bardems heldur áfram að hækka því hann hefur verið orðaður við hlutverk í næstu James Bond mynd auk þess sem hann leikur í næstu ræmu hins virta leikstjóra Terence Malick, sem hefur enn ekki fengið nafn.

freyr@frettabladid.is



**GÓÐUR LEIKARI** Javier Bardem leikur aðalhlutverkið í Biutiful. Hann hefur hlotið ein Óskarsverðlaun og verið tilnefndur tvisvar til viðbótar.

NORDICPHOTOS/GETTY

**8** Bardem er einn af átta leikurum sem hafa unnið Óskarinn, Bafta-, Critics´ Choice-, Golden Globe- og SAG-verðlaunin fyrir sama hlutverkið (No Country For Old Men)


opið hús

í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum og Waldorfleikskólanum Yl

Laugardaginn 19. mars kl. 13-16



jöfn áhersla á bóknám, listir og handverk

s. 587 4499 waldorf@simnet.is


# Viagra, norn og Marsbúar

Íslenskir kvikmyndahúsagestir geta valið úr fjórum nýjum myndum um helgina, auk hinnar spænsku Biutiful.

Anne Hathaway og Jake Gyllenhaal leika í rómantísku gamanmyndinni Love and Other Drugs. Þar fer Gyllenhaal með hlutverk manns sem fær vinnu í lyfjafyrirtæki og fetar sig fljótt upp metorðastigann, aðallega með því að beita persónutöfrum sínum á kvenfólk en einnig vegna nýs lyfs sem heitir Viagra.

Ævintýramyndin Season of the Witch fjallar um riddarann Behmen (Nicolas Cage), sem snýr aftur til heimalandsins eftir krossferð til Jerúsalem en þegar heim er komið er Svarti dauði að ganga af þjóðinni dauðri. Kirkjan kennir göldrum um pláguna og skipar Behmen og Felson (Ron Perlman) að flytja unga konu sem er grunuð um að vera norn til afskekkts klausturs. Atli Örvarsson samdi tónlistina fyrir myndina.

Í spennumyndinni Unknown leikur Liam Neeson mann sem kemst til meðvitundar eftir bílslys í Berlín. Hann uppgötvar að eiginkona hans þekkir hann ekki lengur og annar maður hefur yfirtekið líf hans.

Þá fjallar teiknimyndin Mömmur vantar á Mars um hinn níu ára Milo, sem kemst að því hversu mikið hann þarf á mömmu sinni að halda þegar henni er rænt af Marsbúum.



**ÁSTFANGIN** Ástir takast með Anne Hathaway og Jake Gyllenhaal í Love and Other Drugs.

# TAX FREE

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS

VIÐ AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUNINNI*... EINNIG AF VÖRUM Á GÖTUMARKAÐI!



NÝJAR SENDINGAR FRÁ

ZARA, CHAMPION, OROBLU, L'OREAL, SANPELLIGRINO

GERÐU FRÁBÆR KAUP!

- Fatnaður fyrir alla fjölskylduna
- Íþróttafatnaður
- Skór
- Töskur
- Skartgripir
- Snyrtivörur
- Málverk

Enn stærri og betri GÖTUMARKAÐUR

KORPU OUTLET

Stærsti lagermarkaður landsins!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

*Gildir ekki af DVD-diskum - Afslátturinn er alfarið á kostnað KorpuOutlet

# Fólk

folk@frettabladid.is



**4 ÁRA SAMBANDI JESSICU BIEL OG JUSTINS TIMBERLAKE** lauk á dögunum. Tímaritið US Weekly fullyrti í gær að Timberlake hefði sært Biel hjartasári og er haft eftir kunningjum að hann hafi ekki verið ánægður í sambandinu síðustu tvö ár.

## Vígðir inn í Frægðarhöll

**Tónlistarmennirnir Neil Diamond, Tom Waits og Alice Cooper hafa verið vígðir inn í Frægðarhöll rokksins. Athöfnin fór fram í New York. „Þeir segja að ég eigi engin vinsæl lög og að það sé erfitt að vinna með mér, eins og það sé eitthvað slæmt,“ sagði Waits. Diamond er þekktur fyrir lögin Sweet Caroline og Solitary Man. Hann hefur einnig samið lög fyrir aðra flytjendur, þar á meðal I'm a Believer fyrir The Monkees. Alice Cooper spilaði á Íslandi árið 2005. Á meðal frægustu laga hans eru School's Out og No More Mr. Nice Guy.**


25% AF ÖLLUM
JOHN FRIEDA VÖRUM



Reykjavíkur Apótek
Seljavegi 2 - Sími: 511 3340
www.reykjavikurapotek.is


# Florence flott á FREMSTA BEKK

**Breska söngkonan Florence Welch hefur stimplað sig inn sem ein helsta tískufyrirmyndin í dag á frekar stuttum tíma. Hún sást oft og títt verma fremsta bekk á sýningum helstu tískuhönnuða heims á nýyfirstöðnum tískuvikum. Fatasmekkur Welch þykir vera skemmtileg blanda af gamaldags rómantík og nýjustu tísku.**



**SKÓSÍTT** Welch klæðist gjarnan síðkjólum. Hún mætti í þessu síða gegnsæja pilsi í veislu á vegum tískuhússins Givenchy í mars.



**RÓMANTÍSKT** Söngkonan klæddist þessum fallega og rómantíska kjól á Óskarsverðlaunahátíðinni í ár.



**BLÓMLEG** Welch mætti í hönnun Karls Lagerfeld á tískusýningu Chanel í París núna í byrjun mars.

NORDICPHOTOS/GETTY



**KÖGUR** Skemmtilegur kögurkjóll sem Welch klæddist er hún snæddi dögurð á vegum Gucci-tískuhússins daginn fyrir Grammy-verðlaunaafhendinguna.



**AFSLÖPPUÐ** Söngkonan er gjarnan í fötum í brúnum tónum. Hún mætti í þessum sæta kjól í sjónvarpsþátt Davids Letterman.




# ALLTAF BETRA VERÐ



TOSHIBA FARTÖLVA
15,6"

## Toshiba Satellite C660-1F5
- 2.53GHz Intel Core i3-380M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 512MB AMD Radeon HD 5470 DirectX 11 skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.990**

## Toshiba Qosmio F60-14K
- 1.73/Turbo 2.93GHz Intel Core i7-740QM - Quad core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 640GB SATA diskur
- 1GB Geforce GT 330M PhysX, DX11 og CUDA skjákort
- Blu-ray drif og DVD skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- High-Definition vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT



TOSHIBA
15,6"

**219.990**

harman/kardon



WOW Cataclysm FRÁBÆRT TILBOÐ

**2.990**

FULLT VERÐ KR. 4.690

## LASER MÚS
CoolerMaster Sentinel Advance

Hágæða leikjamús fyrir kröfuharða. 5600 DPI Twin Laser, Rapid Fire, innbyggt minni, lóð fylgja til að þyngja músina og margt fleira. Þessi er alvöru!



**12.990**



## ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS
Logitech MK320

Þráðlaust lyklaborð í fullri stærð með íslenskum stöfum, USB og mús með drægni allt að 10m. Geyma má sendinn í músinni. Hlaðið flýtitökkum s.s. reiknivél, e-mail og Media player.

**9.990**



ÞRÁÐLAUS +LCD

## EPSON FJÖLNOTATÆKI
Epson SX420W

Prentari og skanni með LCD skjá og þráðlausu netkorti. Prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og 35 bls. á mín. Skannar í 1200 x 2400. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

**14.990**

PHILIPS | O'NEILL

## HEYRNARTÓL
Philips SHO9560

The Stretch O´Neill heyrnatól fyrir þá kröfuhörðustu. Eru nánast óbrjótanleg. 5 stjörnu þægindi. Með Dynamic 40mm hátölurum, djúpum bassa, Neodymium, 12Hz - 24kHz, 32 Ohm, 105dB næmni, 24k gulltengi og Cable stress relief tengi. Vafinn slitsterkur 1.2m OFC kapall.



TESTED ON ANIMALS

**19.990**



## HÁTALARAKERFI
Logitech Z506

5.1 víðóma 75W RMS margmiðlunarhátalarakerfi með 5 kraftmiklum hátölurum, bassaboxi o.fl.

**24.990**



23" SAMSUNG LCD SKJÁR

TILBOÐ

## Samsung 2333T
23" Full HD LCD flatskjár með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, VGA, DVI-I, cPVA filmu sem sýnir réttari liti og víðari sjónarhorn o.fl.

**29.990**

FULLT VERÐ KR. 31.990

TViX

## HÁSKERPU SPILARI
DViCO TViX N-1 H.264

HD margmiðlunarspilari sem spilar alla staðla í USB, nettengdar tölvur eða í sjónvarp. Spilar af USB minnislyklum, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN. HDMI, Component og A/V tengi. USB, 10/100 Ethernet og kortalesari.



1080P HDMI H.264 LAN

TILBOÐ

**19.990**

FULLT VERÐ KR. 24.990



TILBOÐ

A.C.Ryan

## HD SJÓNVARPSFLAKKARI
AC Ryan Playon!HD Mini

H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet. Fullkomin fjarstýring.

**19.990**

FULLT VERÐ KR. 29.990



TILBOÐ

A.C.Ryan

## HD SJÓNVARPSFLAKKARI
AC Ryan Playon!HD

H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, optical tengi ofl. Spilar af USB lyklum, halar niður beint af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet.

**24.990**

FULLT VERÐ KR. 34.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# Jóel og Skúli tilnefndir

Tónlistarmennirnir Jóel Pálsson og Skúli Sverrisson eru meðal þeirra tólf sem eru tilnefndir til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2011. Tilkynnt verður um sigurvegarann 1. júní.

Íslenskir tónlistarmenn og tónskáld hafa fjórum sinnum hlotið verðlaunin. Atli Heimir Sveinsson árið 1976, Hafliði Hallgrímsson 1986, Björk Guðmundsdóttir árið 1997 og Haukur Tómasson 2004.

Tónskáldið Þuríður Jónsdóttir var tilnefnd til verðlaunanna í fyrra og í hittiðfyrra voru sönghópurinn Voces Thules tilnefndur og píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson. Í verðlaun eru sjö og hálf milljón króna.



**TILNEFNDIR** Saxófónleikarinn Jóel Pálsson og Skúli Sverrisson eru tilnefndir til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.




# Frábært tækifæri til að kynnast íslenskri sagnahefð

**Útgáfufyrirtækið Amazon Crossing telur að viðskiptavinir sínir eigi eftir að njóta þess að lesa íslenskar bókmenntir. Tíu íslenskar bækur koma út á vegum þess á næsta ári.**

Bandaríska útgáfufyrirtækið Amazon Crossing, undirfyrirtæki netrisans Amazon.com, er sérlega ánægt með samstarfið við Sögueyjuna, sem er annað heiti á heiðursaðild Íslands að bókasýningunni í Frankfurt í haust.

Hið nýstofnaða Amazon Crossing sérhæfir sig í útgáfu erlendra bóka bæði í prentuðu og í Kindle-rafbókarformi. Það hefur ákveðið að gefa út tíu bækur eftir jafnmarga íslenska höfunda í Bandaríkjunum á næsta ári, eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir skömmu.

„Amazon Crossing leitar úti um allan heim að framúrskarandi bókum sem höfða til stærri lesendahóps,“ segir Jon Fine hjá fyrirtækinu, spurður um ástæðuna fyrir samstarfinu við Sögueyjuna. „Ísland hefur ríka bókmenntahefð og Amazon Crossing vill finna frábærar sögur og raddir og færa þær nýjum lesendahópi. Þegar við sáum hvað Ísland ætlaði að gera í kringum heiðursaðild þess að bókasýningunni í Frankfurt töldum við að með því að styðja við bakið á landinu gætum við í leiðinni lagt áherslu á aukinn sýnileika okkar í Frankfurt.“

Markaðurinn í Bandaríkjunum hefur að mestu verið lokaður íslenskum bókmenntum. Fine telur að breyting gæti orðið á því með þessum nýju útgáfum. „Við teljum að það sé markaður fyrir góðar sögur og sögumenn í Bandaríkjunum sem og annars staðar og frá Íslandi hafa komið mörg frábær verk. Viðskiptavinir okkar lesa bækur frá öllum heimshornum og við teljum að þeir eigi eftir að njóta þess að lesa íslenskar bókmenntir,“ segir Fine. „Við vitum að viðskiptavinir okkar hafa tekið íslenskum bókum vel í Þýskalandi og í öðrum Evrópulöndum og við eigum þegar nokkrar sígildar íslenskar bækur í enskri þýðingu. Við erum mjög spennt fyrir því að nota þetta tækifæri til að læra meira um íslenska sagnahefð.“

Spurður hvernig bækurnar tíu verða valdar segir Fine að fyrirtækið sé í viðræðum við fólk og stofnanir sem þekki íslenskt bókmenntalandslag, þar á meðal Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóra Sögueyjunnar, sem hafi þegar komið með virkilega góðar uppástungur. „Við munum bera saman meðmæli hans og annarra við upplýsingarnar sem við höfum um áhuga hins almenna lesanda og taka ákvörðun út frá því.“

Fine útilokar ekki að Amazon Crossing muni gefa út bækur eftir aðra norræna höfunda í framhaldinu. „Við viljum ekki velta of mikið vöngum yfir framtíðaráformum okkar en við erum engu að síður mjög spennt fyrir bókmenntahefð þessa svæðis. Við erum alltaf að leita að góðum bókum og röddum til að færa nýjum lesendum.“

freyr@frettabladid.is




**AMAZON** Höfuðstöðvar Amazon í Washington. Fyrirtækið gefur út tíu íslenskar bækur á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

> Viðskiptavinir okkar lesa bækur frá öllum heimshornum og við teljum að þeir eigi eftir að njóta þess að lesa íslenskar bókmenntir.
>
> **JON FINE**
> YFIRMAÐUR ÚTGÁFUMÁLA HJÁ AMAZON CROSSING



**VEITIR RÁÐGJÖF** Halldór Guðmundsson veitir Amazon Crossing ráðgjöf við val á bókunum tíu.

# Engin Sheen-áhrif fyrr en 2012

„Við eigum heila seríu eftir af Two and a Half Men,“ segir Pálmi Guðmundsson, yfirmaður dagskrársviðs 365.

Leikarinn Charlie Sheen var á dögunum rekinn sem aðalleikari þáttanna Two and a Half Men. Hlé var gert á framleiðslu þáttanna í kjölfarið og fram undan er hörð barátta Sheen og Chuck Lorre, framleiðanda þáttanna, í réttarsölum. Stöð 2 sýnir nú sjöundu þáttaröð Two and a Half Men, en áttunda þáttaröð er nú í uppnámi. Vandræði Charlie Sheen hafa því ekki áhrif hér á landi fyrr en á næsta ári, að sögn Pálma.

„Við byrjum strax næsta vetur með aðra seríu og þá síðustu, að óbreyttu,“ segir hann og bætir við að framtíð þáttanna sé þó ekki ráðin. „Menn hafa áður deilt en komist svo að þeirri niðurstöðu að halda áfram að vinna saman.“

Two and a Half Men er á meðal vinsælustu sjónvarpsþátta Stöðvar 2. Vandræði Charlie Sheen hafa vakið gríðarlega athygli. Hegðun hans hefur verið stórfurðuleg og nú er hann á leiðinni í ferðalag um Bandaríkin með einhvers konar sýningu. Leikararnir tveir, Rob Lowe og John Stamos, hafa verið orðaðir við hlutverk í Two and a Half Men sem staðgenglar Charlie Sheen en Pálmi segir ekki hægt að útiloka að Sheen snúi aftur. „Það getur verið að menn nái saman þótt síðar verði og þó að ástandið á manninum sé vissulega slæmt,“ segir hann.

- afb



**STURLAÐUR?** Charlie Sheen hefur látið undarlega síðustu vikur en hegðun hans mun ekki hafa áhrif á íslenska sjónvarpsáhorfendur fyrr en á næsta ári.

SPJARAÐU ÞIG

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

# KULDAKAST Í KRINGLUNNI

## HELGINA 17.-20. MARS

Komdu við í Cintamani í Kringlunni nú um helgina
og vertu klár í næsta snjókast.



### SKORRI

Ísmeygileg rennd hettupeysa úr Tecnostretch®
frá Pontetorto®. Tveir vasar að framan
og flís innan í hettu. Katrín Ólína hannaði munstrið.



### AGNES

Dömuvesti með Primaloft®fyllingu sem heldur hita á líkamanum
en hrindir frá sér vatni og hleypir út svita. Tveggja sleða YKK®rennilás,
tveir renndir hliðarvasar og renndur vasi innan á vestinu.



### ÖRN

Aðsniðinn jakki úr vindheldu Teflon®húðuðu No Wind®efni
frá Pontetorto® sem hrindir frá sér vatni. Cordura®styrkingarefni á öxlum.
Rennilás sem hægt er að renna í báðar áttir, brjóstvasi og tveir hefðbundnir vasar.



### DAGNÝ

Síð hettupeysa úr Tecnopile®flísefni. Stillanleg
hetta með rennilás og tveir renndir vasar.
Hlý og hentug peysa við leggings.

**CINTAMANI KRINGLUNNI**
**103 REYKJAVÍK, S. 533 3003**



# Banatilræði við hasarmyndina

Bíó ★

**Battle: Los Angeles**

Leikstjóri: Jonathan Liebesman

**Aðalhlutverk:** Aaron Eckhart, Michelle Rodriguez, Ramón Rodríguez, Michael Peña, Will Rothhaar, Adetokumboh McCormack.

Að baula og kasta matvælum í átt að bíótjaldi hefur því miður lítið að segja. Ábyrgðarmenn lélegra kvikmynda eru í öruggri fjarlægð frá ósáttum bíógestum, hvers eina vopn er að vara vini og vandamenn við því að borga sig inn á þær. Því miður er fólk ekki nógu duglegt við að láta óánægju sína í ljós. Ekki láta vini þína þurfa að spyrja þig hvort myndin sem þú sást síðast var góð eða slæm. Ef þú borgar þig inn á lélega mynd, segðu þeim það í óspurðum fréttum. Láttu jafnvel fylgja með ábendingu um betri mynd sem í boði er. Til þess eru vinir.

Battle: Los Angeles fjallar um hermenn sem berjast við geimverur. Áður en geimverurnar lenda á jörðinni fáum við að kynnast persónunum lítillega en þær eru allar fengnar að láni úr öðrum myndum. Við fylgjumst með bitra hermanninum með dularfullu fortíðina, hermanninum sem er að fara að gifta sig og hermanninum sem er yngri en allir hinir og blautur á bak við eyrun. Ekki má gleyma suðuramerísku herkvendinu. Það er eins gott að Michelle Rodriguez var ekki upptekin því annars hefðu þeir þurft að nota klippur með henni úr öðrum kvikmyndum. Það er reyndar ekki útilokað að það sé einmitt tilfellið.

Geimverubardaginn sjálfur er langdregnari og leiðinlegri en messa sem þú ert píndur til að fara í, að undanskildum óþægilegu sparifötunum, en ég sá engan í sparifötum á Battle: Los Angeles. Myndavélin var hrist allan tímann (tíska sem ég hélt að heyrði sögunni til) en þetta er gamalt trix, yfirleitt notað til að hylma yfir leti kvikmyndagerðarfólksins. Ekki nenntu þeir að gera skemmtilega sögu, sannfærandi geimverur eða góða karaktera. Þá er kannski alveg eins gott að hrista bara nógu mikið.

Eftir svona bíóferð langar mig helst að setja upp snobbskeifuna og lýsa því yfir að hasarmyndir séu dauðar. Það væri þó ekki alveg sanngjarnt því að þrátt fyrir almennt minnkandi gæði þeirra má enn finna einstaka fagurt blóm innan um alla njólana. En garðurinn í heild sinni er í órækt og þá er kominn tími til að kantskera og slá.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Forðist þessa eins og heitan eldinn. Hafir þú gegnt herskyldu er eilítil von, en á þína eigin ábyrgð að sjálfsögðu.

# Fyrsta sólóplata Begga Smára

Fyrsta plata tónlistarmannsins Begga Smára nefnist Mood og kemur út eftir um það bil mánuð. Þar blandar hann saman blús, sálartónlist og poppi. Við upptökurnar leitaðist hann við að ná sama hljómi og er á plötu Englendingsins Pauls Weller, Stanley Road, sem kom út 1995. „Ég er mikill aðdáandi hans,“ segir Beggi, sem hefur starfrækt hljómsveitina Mood undanfarin ár.

Fyrsta lagið sem heyrist af plötunni, Warm & Strong, hefur fengið góðar viðtökur. Það er komið inn á vinsældalista Rásar 2 og hefur fengið fína spilun á Bylgjunni. „Ég er bara mjög sáttur. Þetta er miklu meira en ég bjóst við því ég hélt að þessi tónlist væri alveg í jaðrinum,“ segir Beggi.

Upptökum á plötunni lauk seint á síðasta ári hjá Benzin-bræðrunum Berki og Daða og það var í gegnum þá sem Beggi komst í kynni við Bandaríkjamanninn Bob Katz, sem er þrefaldur Grammy-verðlaunahafi. Hann sá um að hljómjafna plötuna og gaf Begga góða umsögn á Twitter-síðu sinni skömmu síðar. „Nafn íslensku blússtjörnunnar Begga Smára ætti að vera þekkt um allan heim. Þetta er persónulegasta blúsplata sem ég hef hljómjafnað,“ skrifaði hann. Beggi er að sjálfsögðu ánægður með ummælin. „Það var alveg frábært að heyra þetta frá þessum gaur. Hann er búinn að vera í þessu í fjörutíu ár og hlýtur að vita eitthvað um hvað hann er að tala,“ segir hann.

Beggi ætlar að vera duglegur við spilamennsku á næstunni til að kynna plötuna. Hann stefnir einnig á spila í Bandaríkjunum, hugsanlega í kringum næstu áramót.

**- fb**



**PLATA Á LEIÐINNI** Fyrsta sólóplata Begga Smára, Mood, er væntanleg í næsta mánuði.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Í KVÖLD!
DANNY BOYLE´S
Frankenstein
AÐEINS EIN SÝNING
BEIN ÚTSENDING FRÁ NATIONAL THEATER - LONDON,
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

11.03.11 BATTLE: LOS ANGELES
THE KING'S SPEECH M.A. BESTA MYND - BESTI LEIKARI
Nýjasta hasarmynd MICHEAL BAY.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE WAY BACK | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:40 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:30 | 16 |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:40 | VIP |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| THE WAY BACK | kl. 8 | 12 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RANGO ísl Tal | kl. 5.30 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 5.40 - 8 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 10.30 | 12 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |
| TRUE GRIT | kl. 10.20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FRANKENSTEIN Númeruð sæti | kl. 7 (Leikrit í Beini útsendingu) | 12 |
| THE WAY BACK Númeruð sæti | kl. 10 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | L |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
MÖGNUÐ STÓRMYND SEM BEÐIÐ HEFUR VERIÐ EFTIR MEÐ EFTIRVÆNTINGU.
BATTLE: LOS ANGELES LÚXUS
ROMANTICS
Okkar eigin Osló ★★★★ -H.S., MBL ★★★★ -P.P., FT
RANGO
MEÐ ÍSL. OG ENSKU TALI
HOW DO YOU KNOW
MECHANIC ★★★★ -A.E.T., MBL

SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BATTLE: LOS ANGELES LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THE ROOMMATE | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10.30 | 16 |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE ROMANTICS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 8 - 10.30 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 10.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 6 - 8 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI AUKAKRÓNUR 5%

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
POWERSÝNING KL. 10.20
11.03.11 BATTLE: LOS ANGELES
JOHNNY DEPP RANGO
Okkar eigin Osló ★★★★

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | 8 og 10.20(POWER) |
| RANGO - ENS TAL | 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 6, 8 og 10 |

BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ROKLAND | 20:00, 22:10 |
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 20:00, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:30 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:40 |
| INSIDE JOB | 22:40 |
| ÞÝSKIR DAGAR: POLL (BOÐSSÝNING) (L) | 20:00 |

THE FIGHTER
ROKLAND
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


Pizzeria
Rizzo
ALLAR 16" PIZZUR Á 1990 KR
GRILL OG GRÆNIR RÉTTIR
20% AFSLÁTTUR
TILBOD GILDIR Í SAL OG SÓTT TIL 31. MARS 2011
pepsi MAX
GRENSÁSVEGI 10
108 REYKJAVÍK
WWW.RIZZO.IS
577-7000

# sport

sport@frettabladid.is



**AKUREYRINGAR** geta orðið deildarmeistarar í N1-deild karla í handbolta í kvöld, vinni þeir á Selfossi á sama tíma og FH tapar fyrir Aftureldingu í Kaplakrika. Akureyrarliðið væri þá komið með átta stiga forskot á FH þegar aðeins átta stig eru eftir í pottinum en Akureyri er með betri innbyrðisstöðu á móti FH í vetur. Þetta yrði fyrsti titill Akureyrarliðsins. Í kvöld mætast líka Valur-Fram og Haukar-HK, allir leikir hefjast klukkan 19.30 nema leikurinn á Selfossi sem hefst kl. 18.30.



**ÆGIR ÞÓR STEINARSSON** Spáir í átta liða úrslitin fyrir Fréttablaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úrslitakeppni karlakörfunnar:

## Hvernig fara einvígin fjögur?

**KÖRFUBOLTI** Fréttablaðið fékk leikmenn og þjálfara úr liðunum í 9. til 11. sæti til að spá í hvernig einvígin fara í átta liða úrslitunum.

Þetta eru þeir: Örvar Þór Kristjánsson, þjálfari Fjölnis, Ægir Þór Steinarsson, fyrirliði Fjölnis, Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars, Svavar Páll Pálsson, fyrirliði Hamars og Helgi Rafn Viggósson, fyrirliði Tindastóls.

Við látum líka fylgja með spá Hlyns Bæringssonar á bloggsíðu hans sem og spá Sigurðar Ingimundarsonar. - óój

### Spáin fyrir einvígin í ár

**KR-Njarðvík í kvöld kl. 19.15**

Sigurður 2-1 — Örvar 0-2
Ægir Þór 2-1 — Ágúst 2-1
Svavar Páll 1-2 — Helgi Rafn 1-2
Hlynur 0-2

**Samantekt: KR 3, Njarðvík 4**

**Grindavík-Stjarnan í kvöld kl. 19.15**

Sigurður 2-1 — Örvar 1-2
Ægir Þór 1-2 — Ágúst 2-1
Svavar Páll 2-1 — Helgi Rafn 1-2
Hlynur 1-2

**Samantekt: Grind. 3, Stjarnan 4**

**Snæfell-Haukar á morgun kl. 19.15**

Sigurður 2-0 — Örvar 2-0
Ægir Þór 2-0 — Ágúst 2-0
Svavar Páll 2-0 — Helgi Rafn 2-0
Hlynur 2-0

**Samantekt: Snæf. 7, Hauk. 0**

**Keflavík-ÍR á morgun kl. 19.15**

Sigurður 2-0 — Örvar 2-0
Ægir Þór 2-0 — Ágúst 2-1
Svavar Páll 2-0 — Helgi Rafn 2-1
Hlynur 2-1

**Samantekt: Keflavík 7, ÍR 0**

# Fáránlega skemmtileg keppni núna

**Úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla í körfubolta hefst í kvöld og Fréttablaðið fékk sigursælasta þjálfarann í sögu úrslitakeppninnar til þess að spá í einvígin fjögur í átta liða úrslitunum. Sigurður Ingimundarson spáir því að Snæfell, Keflavík, KR og Grindavík komist í undanúrslitin í ár.**

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Ingimundarson, fyrrverandi þjálfari Keflavíkur og Njarðvíkur, verður aðeins áhorfandi í úrslitakeppni körfunnar í ár en enginn þjálfari hefur unnið fleiri Íslandsmeistaratitla í 27 ára sögu úrslitakeppninnar. Fréttablaðið nýtti tækifærið og fékk Sigurð til að spá fyrir um einvígin í átta liða úrslitum úrslitakeppninnar sem hefst í kvöld.

„Ég ætla bara að njóta þess að horfa á úrslitakeppnina og ég vona að sem flestir geri það enda verður þetta fáránlega skemmtileg keppni núna," segir Sigurður og hann segir að spennan sé alltaf mikil í átta liða úrslitunum.

„Þetta er erfið keppni því það þarf bara að vinna tvo leiki. Ef að þú tapar fyrsta leiknum óvænt þá ertu kominn í tóm vandamál. Það ráða ekki allir við það. Það er oft erfiðast fyrir liðin að gíra sig inn í átta liða úrslitin því það má ekkert klikka og taugarnar eru svolítið mikið á mörkunum. Það gerir þetta enn skemmtilegra," segir Sigurður.

> „Það er oft erfiðast fyrir liðin að gíra sig inn í átta liða úrslitin því það má ekkert klikka."
>
> SIGURÐUR INGIMUNDARSON

KR og Njarðvík mætast í DHL-höllinni í kvöld en Sigurður segir að það sé erfitt að spá fyrir um þetta einvígi þótt það muni fimm sætum á liðunum.

„Þetta fer mikið eftir því hvað Brenton getur gert fyrir Njarðvík. Ef hann er eitthvað nálægt því sem hann var þegar hann hætti síðasta vor þá verður þetta mjög gott fyrir Njarðvík. KR-ingar hafa spilað vel í vetur þótt þeir hafi átt einn eða tvo slaka leiki að undanförnu þannig að ég reikna með að þeir nái að vinna þetta," segir Sigurður.

„Það hafa ekki mörg lið unnið þá í DHL-Höllinni. Þetta verður mjög skemmtilegt og fjörugt einvígi en ég reikna frekar með því að KR taki þetta," segir Sigurður en bendir jafnframt á að það muni hafa mikil áhrif hversu mikið Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, geti tekið þátt í átta liða úrslitunum.

Hinn leikur kvöldsins er fyrsti leikurinn hjá Grindavík og Stjörnunni. „Ég held að þetta verði kannski jafnasta serían. Bæði lið eru svolítið óútreiknanleg en Grindavík er búið að vera í vandræðum eftir áramót," segir Sigurður.

„Grindavík eru komið með þennan skemmtilega leikmanna Nick Bradford en hann virðist ekki vera í góðu standi. Þeir eru líka í vandamálum með þessa leikstjórnendur. Þeir eru samt með fullt af góðum mönnum," segir Sigurður en hann hrósar líka lærisveinum Teits Örlygssonar í Stjörnunni.

„Stjarnan hefur spilað vel eftir áramót og þeir koma af fullu gasi inn í þetta. Stjörnumönnum hefur ekki tekist að komast inn í undanúrslitin og það er ekkert ólíklegt að það verði núna," segir Sigurður en hann spáir samt Grindavík sæti í undanúrslitunum.

„Fyrir Grindavík skiptir miklu máli að fá Lalla (Þorleif Ólafsson) inn í þetta. Hann er mikið meiddur en alveg fantagóður leikmaður. Ef hann verður með og getur hjálpað þeim í leikstjórninni þá held ég að þeir muni vinni þetta einvígi. Þeir hafa líka heimavöllinn sem vegur þungt í svona jöfnu einvígi," segir Sigurður.

Deildarmeistarar Snæfells hefja leik á morgun þegar þeir fá nýliða Hauka í heimsókn í Hólminn.

„Ég held að Snæfell hafi þetta en ég tel að það verði ekki eins mikill munur og menn búast við. Haukarnir eru með fullt af ágætisleikmönnum og ég tel að þeir eigi eftir að spila hörkuleiki við þá," segir Sigurður en hann spáir þó ekki Haukasigri.

„Ég held samt að Snæfell fari nú 2-0 í gegnum þetta. Snæfell vinnur yfirleitt á heimavelli og það verður erfitt fyrir Haukana að standast pressuna að vinna heimaleikinn. Ég held að Haukarnir nái ekki að vinna en þetta verða báðir flottir leikir," segir Sigurður sem hrósar sérstaklega ungu strákunum hjá Haukum.

Á morgun fer einnig fram fyrsti leikurinn í einvígi Keflavíkur og ÍR. „Þetta verður enn ein flotta serían. ÍR-ingar eru búnir að spila mjög vel eftir að Bartolotta komst inn í hlutina hjá þeim. Ég held að Keflavík vinni þetta einvígi 2-0 í mjög flottum leikjum," segir Sigurður.

„Keflavík er með marga góða varnarmenn sem geta stoppað Bartolotta en hann er hörkugóður og er að gera helling fyrir þá. ÍR er líka með Kelly Biedler sem er góður og þá veit maður ekki hvað Sovic gerir í úrslitakeppninni því hann hefur burði til að gera mikið. ÍR er komið með alvörulið," segir Sigurður en hann hefur mikla trú á sínum gömlu lærisveinum í Keflavík.

„Það má ekki vanmeta reynsluna og sigurhefðina í Keflavíkurliðinu. Svo eru þeir með marga góða leikmenn sem er erfitt að kljást við þegar þeir spila eins og alvöru lið. Kjarninn frá 2008 er kominn aftur saman og ég held að það verði mjög erfitt fyrir hin liðin að eiga við þá," segir Sigurður.

ooj@frettabladid.is



**MEISTARI Í FIMMTA SINN** Sigurður Ingimundarson hefur gert lið fimm sinnum að Íslandsmeisturum eftir úrslitakeppni og þekkir vel þá tilfinninguna að lyfta bikarnum glæsilega.



**GUÐMUNDUR REYNIR** Skorar hér á móti Fylki síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðmundur Reynir:

## Líklega áfram í Vesturbænum

**FÓTBOLTI** Guðmundur Reynir Gunnarsson verður líklega í herbúðum KR nú í sumar en hann hefur fengið sig lausan frá sænska félaginu GAIS.

Guðjón Baldvinsson gerði slíkt hið sama og skrifaði í fyrradag undir þriggja ára samning við KR.

Guðmundur Reynir á þó eftir að ganga frá kaupum og kjörum persónulega við KR-inga en telur líklegt að hann muni spila með félaginu í sumar. „Mér líður mjög vel á Íslandi og ég vil miklu frekar spila í KR en í GAIS," sagði hann.

Guðmundur Reynir er 22ja ára gamall varnarmaður sem gekk í raðir GAIS árið 2008, á sama tíma og Guðjón og Hallgrímur Jónasson sem hafði þá leikið með Keflavík. Sá síðastnefndi er enn á mála hjá GAIS en hinir tveir eru nú aftur komnir heim. - esá

Sigurvegari úr sjö af síðustu átta einvígum KR og Njarðvíkur hafa orðið Íslandsmeistarar það sama ár:

# Forleikur að Íslandsmeistaratitlinum í ár

**KÖRFUBOLTI** Það er óhætt að segja að það stefni í klassískt einvígi strax í átta liða úrslitum úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla sem hefst í kvöld. KR og Njarðvík hafa unnið samanlagt 15 af 27 Íslandsmeistaratitlum í sögu úrslitakeppninnar og eiga að baki mörg eftirminnileg einvígi á síðustu árum. Einvígið í ár gæti auðveldlega bæst í þann hóp enda bíða menn spenntir að sjá hvernig eitt besta liðið úr 7. sæti gengur á móti bikarmeisturum KR.

Þegar sagan er skoðuð kemur í ljós að sigurvegari úr sjö af síðustu átta einvígum KR og Njarðvíkur hafa orðið Íslandsmeistarar og Njarðvíkingar hafa ekki orðið Íslandsmeistarar í sautján ár án þess að slá KR út á leið sinni að titlinum. Það má kannski líta á þetta sem forleik að Íslandsmeistaratitlinum þótt önnur lið muni örugglega blanda sér í baráttuna.

KR vann 20 stiga sigur á Njarðvík þegar liðin mættust í Ljónagryfjunni fyrir 34 dögum en það má segja að Njarðvíkingar hafi bætt við sig þremur leikmönnum síðan þá. Guðmundur Jónsson var að stíga upp úr meiðslum og spilaði aðeins í 5 mínútur í leiknum og síðan hafa Njarðvíkingar fengið nýjan frábæran bandarískan bakvörð í Giordan Watson auk þess að reynsluboltinn Brenton Birmingham bættist í hópinn.

Brenton Birmingham tók skóna af hillunni fyrir úrslitakeppnina og klárar ferilinn í grænu. Hann hefur tvisvar sinnum farið með liðum sínum í lokaúrslitin á síðustu fjórum árum og í bæði skiptin hafa hans lið (Njarðvík 2007 og Grindavík 2009) þurft að sætta sig við tap á móti KR. Í öllum þremur Íslandsmeistaratitlum hans með Njarðvík (2001, fór liðið í gegnum KR á leið sinni að titlinum.



**BRENTON BIRMINGHAM** Hefur tvisvar sinnum farið með liðum sínum í lokaúrslitin á síðustu fjórum árum og í bæði skiptin tapað á móti KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR mun reyna að afsanna álögin á besta þjálfara seinni hlutans en undanfarin tvö ár hafa þeir þjálfarar sem hafa verið kosnir bestir í seinni umferðinni, Teitur Örlygsson 2009 og Friðrik Ragnarsson 2010, mátt sætta sig við að detta út í átta liða úrslitunum.

„Þetta er ofboðslega sterkt lið miðað við það að þeir séu að koma inn í sjöunda sæti og ég held að það verði enginn svikinn af því að kíkja á þessa leiki. Þetta verða bara stálin stinn," sagði Hrafn um einvígið eftir að hann var kosinn besti þjálfarinn.

Hrafn mætir miklum reynsluboltum í þjálfaraliði Njarðvíkinga og þar er gríðarlegur munur á reynslu þjálfara liðanna í úrslitakeppni. Hrafn hefur stýrt liði í tveimur tapleikjum í úrslitakeppni (Þór Akureyri 2008) en saman hafa þeir Friðrik Ragnarsson og Einar Árni Jóhannsson stýrt liðum sínum til sigurs í 48 af 83 leikjum í úrslitakeppni.

Snæfellingar settu met í fyrra með því að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn þrátt fyrir að koma inn í úrslitakeppnina í sjötta sæti. Hvort metið lifir bara í eitt ár er önnur saga en það er allavega ljóst að Njarðvíkingar eru til alls líklegir og munu gera sitt í að gera einvígi KR og Njarðvíkur að því áhugaverðasta í átta liða úrslitunum í ár. - óój

### Átta síðustu einvígi KR og Njarðvíkur

| | |
|---|---|
| **Úrslitaeinvígið 2007** | KR vann 3-1 og varð Íslandsmeistari |
| **Undanúrslit 2006** | Njarðvík vann 3-1 og varð Íslandsmeistari |
| **8 liða úrslit 2003** | Njarðvík vann 2-0 |
| **Undanúrslit 2002** | Njarðvík vann 3-1 og varð Íslandsmeistari |
| **Undanúrslit 2001** | Njarðvík vann 3-0 og varð Íslandsmeistari |
| **Undanúrslit 2000** | KR vann 3-2 og varð Íslandsmeistari |
| **Úrslitaeinvígið 1998** | Njarðvík vann 3-0 og varð Íslandsmeistari |
| **8 liða úrslit 1995** | Njarðvík vann 2-1 og varð Íslandsmeistari |


BLIZZARD SKI
NORDICA
ROSSIGNOL
PURE MOUNTAIN COMPANY®
SKÍÐA & SNJÓBRETTAÚTSALA
30 til 40%
afsláttur
af skíða- og brettavörum.
30 til 40%
afsláttur
af skíðum og skíðaskóm.
30%
afsláttur
af öllum skíðahjálmum
og skíðastöfum.
SKÍÐADEILDIN ER Í GLÆSIBÆ. I BRETTADEILDIN ER Í KRINGLUNNI.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF



**RÚNAR** Verður áfram þjálfari KR þrátt fyrir áhuga í Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Rúnar Kristinsson:

## Veit af áhuga hjá Lokeren

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson var í vikunni orðaður við aðstoðarþjálfarastöðu belgíska úrvalsdeildarfélagsins Lokeren. Hann segir þó víst að hann muni þjálfa KR í Pepsi-deildinni í sumar.

„Eftir því sem ég best veit var aðstoðarþjálfari að hætta hjá félaginu og því voru einhverjar vangaveltur uppi um eftirmann hans. Mér bárust spurnir af því að mitt nafn hafi borið á góma en lengra náði það ekki. Það hefur ekkert formlegt komið upp á borðið – engin tilboð eða neitt. Ég veit svo sem af smá áhuga en þetta er ekki á svo alvarlegu stigi. Ég mun þjálfa KR í sumar og mun það ekki breytast,“ sagði Rúnar. - esá

# Mourinho braut múrinn

**Real Madrid og Chelsea voru tvö síðustu liðin sem komust áfram úr 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Jose Mourinho tókst að létta af álögunum hjá Real og koma liðinu upp úr sextán liða úrslitunum í fyrsta sinn í sjö ár.**

**FÓTBOLTI** Chelsea og Real Madrid bættust í gærkvöldi í hóp með Barcelona, Inter Milan, Manchester United, Schalke, Shakhtar Donetsk og Tottenham og þessi lið verða öll í pottinum þegar dregið verður í átta liða úrslitin á morgun. Real Madrid vann öruggan 3-0 sigur á franska liðinu Lyon en Chelsea nægði markalaust jafntefli gegn danska liðinu FC Kaupmannahöfn til þess að tryggja sig áfram.

Real Madrid vann loksins sigur á franska liðinu Lyon (í áttundi tilraun) og tryggði sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í fyrsta sinn í sjö ár með því að vinna Lyon 3-0 í seinni leik liðanna í á Santiago Bernabeu. Það þurfti meistara Jose Mourinho til að létta af álögunum á Real-mönnum sem höfðu dottið út úr sextán liða úrslitunum samfellt frá árinu 2004.

Brasilíumaðurinn Marcelo kom mikið við sögu í leiknum en hann skoraði fyrsta markið eftir flottan dans í gegnum Lyon-vörnina og lagði síðan upp annað markið fyrir Karim Benzema, fyrrum leikmann Lyon. Benzema skoraði því í báðum leikjunum á móti sínum gömlu félögum.

Real Madrid var ógnandi frá fyrstu mínútu á móti Lyon en þurfti að bíða fram á 36. mínútu eftir fyrsta markinu sem var þó ekki af slakari gerðinni. Marcelo hóf sóknina gaf á Cristiano Ronaldo og fékk hann aftur áður en hann lék á tvo varnarmenn og skoraði framhjá Hugo Lloris í marki Lyon.



**SVONA ÁTTU AÐ GERA ÞETTA** Jose Mourinho sýnir Karim Benzema hvernig á að gera þetta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karim Benzema fékk fullt af færum en tókst loksins að skora á 66. mínútu eftir að hafa fengið langa sendingu inn fyrir vörnina frá Marcelo. Argentínumaðurinn Ángel Di María afgreiddi síðan leikinn endanlega með þriðja markinu á 76. mínútu eftir að hafa fengið skallasendingu frá Mesut Özil inn fyrir vörnina.

Chelsea gerði markalaust jafntefli í seinni leiknum á móti danska liðinu FC Kaupmannahöfn í Brúnni. Chelsea fór vissulega illa með mörg færi í leiknum en það kom ekki að sök því sæti liðsins í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar var ekki í mikilli hættu eftir 2-0 sigur í fyrri leiknum í Danmörku.

Chelsea var mun sterkara liðið en Danirnir ógnuðu alltaf við og við og fengu vissulega færin til þess að skora í þessum leik. Það var samt áhyggjuefni fyrir heimamenn að þeir skyldu ekki ná að skora í það minnsta eitt mark í leiknum. Didier Drogba hefur ekki skorað í níu leikjum í röð og miðað við nokkrar afgreiðslur hans í þessum leik þá kemur það kannski ekki svo mikið á óvart.

ooj@frettabladid.is

Árshátíð úr böndunum:

## KSÍ tók dómara á teppið

**FÓTBOLTI** Árshátíð knattspyrnudómara í Úthlíð fyrr í þessum mánuði fór úr böndunum þegar að nokkrir af reyndari dómurum í hópnum tóku nýliðana fyrir í busavígslu.



**ÞÓRIR HÁKONARSON**

Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri tók fyrir dómara úr þessum hópi í gær og veitti þeim áminningu.

„Ég held að þarna hafi menn farið yfir strikið,“ sagði Þórir í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. „Dómarar hafa brugðist trúnaði gagnvart hver öðrum og eðlilega eru menn ekki sáttir við hvað þarna fór fram. Við tókum þá dómara sem í hlut áttu fyrir og veittum þá áminningu.“

Þórir sagði dómarana hafa beðið viðeigandi afsökunar.

Stefán Gíslason:

## Til Lilleström

**FÓTBOLTI** Stefán Gíslason hefur loksins fengið lausn sinna mála og hefur hann samið við norska úrvalsdeildarfélagið Lilleström til 1. ágúst næstkomandi.

Forráðamenn félagsins binda þó miklar vonir við Stefán og verður samningurinn framlengdur ef báðir aðilar eru sammþykkir því. Stefán þekkir vel til í Noregi þar sem hann lék áður með Lyn, Strömsgodset og Viking en nú síðast var hann á mála hjá Bröndby í Danmörku. - esá

N1 DEILDIN

SPENNAN MAGNAST Í BOLTANUM

Nú taka línurnar að skýrast í handboltanum. Fjölmargir spennandi leikir verða í boði á morgun og um helgina, ekki síst í lokaumferðinni hjá stelpunum. Mætum öll á völlinn og styðjum okkar lið til sigurs

N1 DEILD KARLA

| | | |
|---|---|---|
| Selfoss – Akureyri | Selfossi | Fim. 17. mars kl. 18:30 |
| Valur – Fram | Vodafone höllinni | Fim. 17. mars kl. 19:30 |
| Haukar – HK | Ásvöllum | Fim. 17. mars kl. 19:30 |
| FH – Afturelding | Kaplakrika | Fim. 17. mars kl. 19:30 |

N1 DEILD KVENNA

| | | |
|---|---|---|
| Fram – Grótta | Framhúsi | Fim. 17. mars kl. 18:00 |
| ÍBV – Valur | Vestmannaeyjum | Lau. 19. mars kl. 13:00 |
| FH – Haukar | Kaplakrika | Lau. 19. mars kl. 16:00 |
| ÍR – HK | Austurbergi | Lau. 19. mars kl. 16:00 |
| Fylkir – Stjarnan | Fylkishöll | Lau. 19. mars kl. 16:00 |

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

Gildir fimmtudag
til sunnudags!

# Ljósa-
# sprengja

Sprengi tilboð!

# 25% afsláttur

## af öllum ljósum og perum!

# 30-60% afsláttur

## af völdum sýningareintökum!

NÝ OG BETRI LJÓSADEILD Í BREIDD - NÝ OG BETRI LJÓSADEILD Í BREIDD - NÝ OG BETRI LJÓ

NÝ OG BETRI LJÓSADEILD Í BREIDD - NÝ OG BETRI LJÓSADEILD Í BREIDD -

## Ný og betri ljósadeild í BYKO Breidd!

Opnum eina glæsilegustu
ljósadeild landsins í dag
í BYKO Breidd!



BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is



> **Paul Walker**

„Þetta snýst ekki lengur bara um það að vinna, þetta snýst um að gera eitthvað sem ég er stoltur af."

***Paul Walker leikur leynilögreglumann sem þarf að komast inn í klíku ólöglegra kappakstursmanna í Los Angeles til að koma upp um glæpahring í spennumyndinni The Fast and the Furious sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON OPNAÐI AUGUN Í HÁLFTÍMA

# *Við heimsku Íslendingar*

Íslendingum hefur löngum þótt margt það merkilegast í heimi sem héðan kemur. Fiskurinn innan landhelginnar ferskastur, lambakjötið bragðbest, tómatarnir úr Hveragerði kringlóttari og bragðmeiri en þessir útlensku sem eru mjúkir undir tönn og safinn lekur úr, Dalabrie-ið betra en Roquefort, ýsa betri en þorskur og harðfiskurinn svo fínn að sú saga gekk að fólk pakkaði honum niður með sólarvörn og stuttbuxum fyrir ferðir sínar til Benidorm og annarra áfangastaða í Suður-Evrópu þegar Loftleiðir voru og hétu. Ég þori varla að minnast á fjöllin og hálendið, sem mörgum finnast fegurri en bestu verk Goya. Sjálf Versalahöll bliknar í samanburði við Kögunarhól og Snæfell.

Tungumálið er kapítuli út af fyrir sig, sérheimur – einstakt og eldgamalt og svo níðþungt að enginn getur lært það svo vel sé nema við, þessar þrjú hundruð þúsund innfæddu sálir á norðurhjara.

Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar innflytjendarannsókna Reykjavíkur-Akademíu, svipti hulunni af þessum heimóttarlega hugsunarhætti á skeleggan hátt í Návígi við Þórhall Gunnarsson í þætti hans á RÚV á þriðjudag. Eðli málsins samkvæmt fjallaði hún um viðhorf Íslendinga í garð þeirra sem við köllum útlendinga, sumra sem hafa annan hörundslit en bornir og barnfæddir undir tónum Villa Vill og Pálma Gunnars. Samkvæmt Hallfríði notum við tungumálið sem múr, þeir sem ekki fallbeygja rétt standa utan við hann, þeir eru hinir. Þá sem ekki þurfa að fara í ljós þrisvar í viku skal tala við á ensku og hana nú.

En þetta er galli því á sama tíma og viðhorf okkar til tungumálsins heldur hinum frá múrum við okkur inni, verðum einsleit og snauð, heimsk samkvæmt upprunalegri merkingu orðsins; líkust hesti með augnablöðkur og takmarkaða sýn. Við verðum að opna frá augunum og njóta þessa fjölbreytta heims sem er þarna úti.



## SJÓNVARPIÐ

**15.15 Reykjavik Guesthouse - Rent a Bike** (e)
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Magnus og Petski** (10:12)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Bombubyrgið** (23:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Leitin að norræna bragðinu – Hafbragð** (1:2) (Jakten på den nordiske smaken)
**20.40 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives).
**21.25 Krabbinn** (5:13) (The Big C) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**23.00 Lífverðirnir** (Livvagterne) (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 More of Me**
**10.00 Top Secret**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 More of Me**
**16.00 Top Secret**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 The Fast and the Furious**
**22.00 Analyze This**
**00.00 Find Me Guilty**
**02.00 Johnny Was**
**04.00 Analyze This**
**06.00 Sisterhood of the Traveling Pants 2**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (11:23)
**11.45 Gilmore Girls** (8:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mostly Ghostly**
**14.35 The O.C. 2** (1:24)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**15.58 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Tvímælalaust**
**20.05 Masterchef** (11:13)
**20.50 NCIS** (6:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**21.35 Fringe** (6:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22.20 Life on Mars** (14:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjallar um lögregluvarðstjórann Sam sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.
**23.05 Spaugstofan**
**23.35 The Mentalist** (16:22)
**00.20 Chase** (11:18)
**01.05 Boardwalk Empire** (4:12)
**02.00 The Tudors** (7:8)
**02.50 Snow Cake**
**04.40 NCIS** (6:24)
**05.25 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**13.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeild Evrópu**
**15.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.30 Þýski handboltinn: Göppingen - Kiel** Útsending frá leik Göppingen og Kiel í þýska handboltanum. Alfreð Gíslason þjálfar Kiel og Aron Pálmarsson leikur með liðinu.
**16.55 Iceland Expressdeildin - Upphitun** Hitað upp fyrir úrslitakeppnina í Iceland Express-deildinni í körfuknattleik karla. Guðjón Guðmundsson fær til sín Svala Björgvinsson og Benedikt Guðmundsson, helstu sérfræðinga landsins í körfuknattleik.
**17.55 Man. City - Dynamo Kyiv**
**20.00 Liverpool - Braga** Bein útsending frá leik í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**22.00 KR - Njarðvík**
**23.45 European Poker Tour 6 - Pokers**
**00.35 Main Event**
**01.25 Liverpool - Braga**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Fulham - West Ham** Útsending frá leik Fulham og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Birmingham - Arsenal** Útsending frá leik Birmingham City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Maradona 1** Þættir um bestu knattspyrnumenn veraldar fyrr og síðar en í þessum þætti verður fjallað um sjálfan kónginn, Diego Armando Maradona.
**21.30 Premier League Review 2010/11**
**22.25 West Ham - Chelsea** Útsending frá leik West Ham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Dyngjan** (5:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit/útlit** (2:10) (e)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Dyngjan** (5:12) (e)
**12.50 Innlit/ útlit** (2:10) (e)
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 7th Heaven** (20:22) (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 HA?** (8:15) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (34:50) (e)
**19.15 Game Tíví** (8:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (29:39)
**20.10 Royal Pains** (7:18)
**21.00 30 Rock** (15:22)
**21.25 Makalaus** (3:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós og fjalla um Lilju Sigurðardóttir sem er einhleyp stúlka í Reykjavík og stendur á tímamótum.
**21.55 CSI: Miami - LOKAÞÁTTUR** (24:24)
**22.45 Jay Leno**
**23.30 The Good Wife** (8:23) (e)
**00.20 Rabbit Fall** (5:6) (e)
**00.50 Royal Pains** (7:18) (e)
**01.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 World Golf Championship 2011** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 World Golf Champ. 2011** (3:4)
**17.00 PGA Tour - Highlights** (10:45)
**17.50 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour** (11:42)
**19.00 Transition Championship** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 The Open Championship Official Film 2009**
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Pressa** (5:6) Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Í þáttaröðinni fylgjumst við með Láru, nýgræðingi í blaðamennsku, sem tekur að sér að rannsaka dularfullt mannshvarf, sem brátt breytist í morðrannsókn.
**21.05 Fréttir Stöðvar 2**
**21.30 Ísland í dag**
**21.55 Hamingjan sanna** (1:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld. Í þáttunum er fylgst með átta Íslendingum sem vinna markvisst að því að auka hamingjuna.
**22.25 Pretty Little Liars** (17:22)
**23.15 Hawthorne** (9:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu. Jöda Pinkett Smith leikur yfirhjúkrunarfræðing á spítalanum og helgar sig starfinu, þrátt fyrir annir í einkalífinu.
**00.00 Ghost Whisperer** (1:22)
**00.45 Pressa** (5:6)
**01.35 Tvímælalaust**
**02.15 The Doctors**
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Elínóra og frumkvöðlasystur hennar.
**21.00 Undir ESB feldi** Evrópumálin. Umsjón Frosti Logason og Heimir Hannesson.
**21.30 Eru þeir að fáann?** Myndir af sjóbirtingsveiði haustsins.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Fermingartilboð

30% afsláttur



## Crown heilsurúm

30% afsláttur

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 141.900 | 99.330 |
| 120x200 cm | 164.900 | 114.900 |
| 140x200 cm | 195.900 | 137.130 |



## Chiro Standard

30% afsláttur

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 162.900 | 113.900 |
| 120x200 cm | 186.900 | 129.900 |
| 140x200 cm | 220.900 | 154.630 |



Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
www.betrabak.is

Betra BAK

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00
### Liverpool - Braga

Seinni leikur Liverpool og Braga í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar. Braga kom á óvart og sigraði, 1-0, í fyrri leik liðanna sem fram fór í Portúgal.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.30** Útvarpsperlur: Mín er gata gróin sorg **23.20** Til allra átta **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**13.20** Whose Line Is It Anyway? **13.45** Deal or No Deal **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **20.00** The Office **20.30** Moses Jones **21.20** Live at the Apollo **22.05** Whose Line Is It Anyway? **22.30** Whose Line Is It Anyway?

### DR 1

**11.35** Grøn glæde **12.00** Vagn i Japan **12.30** Søren Ryge **13.00** Vores Liv **13.30** Snydt igen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Alfons Åberg **15.30** Kaj og Andrea **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Gintberg på kanten **19.30** Blod, sved og T-shirts **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Tæt på **22.00** Manet Halls hemmelighed

### NRK 1

**08.20** V-cupfinale alpint **09.45** V-cupfinale skiskyting **11.15** NRK nyheter **11.25** V-cupfinale alpint **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cupfinale skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** V-cupfinale hopp **16.00** NRK nyheter **16.10** Vår aktive hjerne **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.15** Nummer 1 **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Finnmarksløpet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter **23.00** Litt av et liv **00.00** Nummer 1

### SVT 1

**11.20** Alpint: Världscupen **12.40** Rapport **13.05** Skidskytte: Världscupen Oberhof **14.30** Flight of the Conchords **15.00** Rapport **15.05** Europas sista vildren **15.30** Skavlan **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** En idiot på resa **22.30** Uppdrag Granskning **22.50** Skavlan **23.05** Veckans brott **23.30** Simma lugnt, Larry!





Það verður opið til kl. 18.00 í útibúum Íslandsbanka alla fimmtudaga í mars. Ráðgjafar okkar verða reiðubúnir að veita upplýsingar um úrræði og þjónustu bankans. Einnig verður opið hjá gjaldkerum og hægt að sinna öllum venjulegum erindum.*

Dæmi um úrræði í boði:

- **Endurútreikningur erlendra húsnæðislána**
  Við höfum hafið endurútreikning á erlendum lánum samkvæmt lögum. Reikna má með að höfuðstóll flestra erlendra húsnæðislána lækki á bilinu 25 til 40%.
- **110% aðlögun**
  Ef höfuðstóll lánsins þíns er hærri en 110% af markaðsvirði hússins stendur þér til boða að lækka hann sem því nemur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- **Sértæk skuldaaðlögun**
  Sé frekari úrræða þörf, stendur þér sértæk skuldaaðlögun til boða sem getur haft í för með sér enn frekari niðurfærslu skulda.

**Komdu í dag fyrir kl. 18 og farðu yfir þín mál með ráðgjöfum okkar.**

*Athugið að lokað verður hjá fyrirtækjaráðgjöfum milli kl. 16 og 18.




islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

## FÉSBÓKIN



*„Hvíl í friði Nate Dogg! Flottur músíkant sem lést langt fyrir aldur fram. Eigum við ekki að hlaða í eina flotta Nate Dogg tvennu klukkan sex?“*

Útvarpsmaðurinn Yngvi Eysteinsson vottar Nate Dogg heitnum virðingu sína.

# Plata Árna og félaga fer vel af stað

„Þetta er mjög spennandi,“ segir Árni Hjörvar Árnason, bassaleikari bresku hljómsveitarinnar The Vaccines.

Fyrsta plata The Vaccines, What Did You Expect From The Vaccines?, kom út á mánudaginn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór platan vel af stað í Bretlandi og sat í öðru sæti breiðskífulistans í gær. Það kemur þó ekki í ljós fyrr en á mánudaginn í næstu viku, þegar listinn verður gefinn út, hvort hún haldi sætinu.

Árni og félagar eru staddir í Bandaríkjunum þessa dagana og munu koma fram á SXSW-tónlistarhátíðinni. Þeir eru á forsíðu tónlistartímaritsins NME í þessari viku í annað skipti á þessu ári. Þá er platan gagnrýnd í blaðinu og fær átta af tíu mögulegum. Tónlistartímaritið Q gaf henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum.

Í viðtalinu í NME er mikið talað um hversu mikið er búið að tala hljómsveitina upp í fjölmiðlum, en í dómunum kemur fram að tónlist hljómsveitarinnar standi fyllilega fyrir sínu. Þá segja Árni og félagar að strangt kynlífsbann sé í hljómsveitarrútunni, sem hafi mikil áhrif á taugar meðlima The Vaccines. - afb






**PLATAN KOMIN ÚT** Árni Hjörvar og félagar í bresku hljómsveitinni The Vaccines gáfu út breiðskífu í vikunni, sem fer vel af stað. Félagarnir eru á forsíðu NME í vikunni.








**LATIBÆR FÉKK VIÐURKENNINGU** Magnús Scheving ásamt sendiherra Kína á Íslandi og Júlíusi Hafstein þegar viðurkenningin var afhent í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### MAGNÚS SCHEVING: NÁUM TIL 360 MILLJÓNA BARNA Í KÍNA

# Latibær nær fótfestu í Kína

„Það verður gaman að sjá íþróttaálfinn á kínversku,“ segir Magnús Scheving, höfundur Latabæjar.

Latibær undirritar á næstunni samning við kínversku sjónvarpsstöðina CCTV, sem ætlar að sýna þættina á barnastöð sinni CCTV Kids. Um 360 milljónir barna horfa á hana reglulega. Til samanburðar eru um 90 milljón heimili með sjónvarp í Bandaríkjunum. Búast má við að sýningar á Latabæ hefjist í september í Kína.

Sjaldgæft er að erlent barnaefni fái aðgang að kínversku sjónvarpi og er þetta því mikill heiður fyrir Magnús Scheving og Latabæ. Þetta stóra tækifæri kom eftir að Latibær tók þátt í heimssýningunni í Sjanghæ á síðasta ári við frábærar undirtektir. Þar var sýning Latabæjar sú mest sótta af öllum, auk þess sem Magnús heimsótti skóla í borginni ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og borgarstjóra Sjanghæ.

„Kínverjar eru vanir að hreyfa sig með morgunleikfimi og svo virðist sem Latibær höfði gríðarlega vel til kínverskra áhorfenda,“ segir Magnús, sem heimsótti CCTV-stöðina þegar Latibær tók þátt í heimssýningunni. „Þeir höfðu gríðarlegan áhuga strax þegar þeir sáu Latabæ og vildu fá að þýða hann yfir á kínversku,“ segir hann og reiknar með því að Latibær taki einnig þátt í heilsuátaki í Kína í framtíðinni. „Það sem er spennandi við Kínamarkað er að þetta er ört vaxandi markaður og að fá að stíga sín fyrstu skref þangað er gríðarlega mikilvægt.“

Latibær fékk í gær viðurkenningu frá fulltrúum heimssýningarinnar í Sjanghæ fyrir framlag sitt til hennar. Latabæ hefur einnig verið boðið á sýninguna World Leisure Expo, sem er tileinkuð heilsu og hreyfingu, í Hangzhou í Kína næsta haust.

„Það er ekkert vafamál að heimssýningin hefur skipt okkur Íslendinga miklu máli því við fengum gríðarlega athygli í öllum fjölmiðlum í Kína,“ segir Júlíus Hafstein hjá utanríkisráðuneytinu, sem afhenti Magnúsi verðlaunin fyrir hönd heimssýningarinnar. „Það er mjög ánægjulegt að þeir skuli viðurkenna Latabæ fyrir framlagið,“ segir hann og er ánægður með sjónvarpssamninginn. „Þetta er enginn smá markaður sem um ræðir. Það hefur örugglega hjálpað til hvað við komum skemmtilega á óvart á þessari sýningu.“ freyr@frettabladid.is


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn U | Fös 1.4. Kl. 20:00 8. sýn Ö | Mið 27.4. Kl. 20:00 |
| Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Lau 2.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 30.4. Kl. 20:00 |
| Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn U | Mið 13.4. Kl. 20:00 Ö | |
| Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn Ö | Fim 14.4. Kl. 20:00 | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fim 17.3. Kl. 19:00 U | Lau 26.3. Kl. 19:00 U |
| Mið 23.3. Kl. 19:00 Aukas. | Fim 31.3. Kl. 19:00 Síð.sýn Ö |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 20.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 14:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 20.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 17:00 U | Sun 17.4. Kl. 17:00 |
| Sun 27.3. Kl. 14:00 U | Sun 10.4. Kl. 14:00 Ö | |
| Sun 27.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 10.4. Kl. 17:00 Ö | |

**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 19.3. Kl. 20:00 Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 Ö | Lau 2.4. Kl. 20:00 Ö |
| Sun 20.3. Kl. 20:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 20:00 Ö | |
| Fim 24.3. Kl. 20:00 Aukas. U | Mið 30.3. Kl. 20:00 U | |

**Brák** (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Fös 18.3. Kl. 20:00 Ö | Fös 8.4. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 26.3. Kl. 20:00 Aukas. | Fös 15.4. Kl. 20:00 |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Sun 20.3. Kl. 13:30 Ö | Sun 27.3. Kl. 13:30 Ö |
| Sun 20.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 15:00 |


# Arnaldur einn sá besti í Evrópu

Arnaldur Indriðason er einn af tíu bestu spennusagnahöfundum Evrópu um þessar mundir. Þetta er niðurstaða greinar sem birtist í The Observer, sunnudagsútgáfu stórblaðsins The Guardian, um helgina.

Arnaldur er ekki í dónalegum félagsskap þarna því aðrir höfundar í hópi þeirra bestu eru Henning Mankell, sem selt hefur 30 milljón eintök af bókum sínum, Fred Vargas, Sjöwall og Wahlöö (sem flokkast ekki beint sem samtíðarmenn þessara rithöfunda en sleppa inn sem frumkvöðlar í spennusagnagerð á Norðurlöndunum) og hinn gríski Petros Markaris. Þá eru líka tíndir til Frakkarnir Pierre Magnan og Jean-Claude Izzo, hinn spænski Manuel Vázquez Montalbán, Andrea Camilleri frá Ítalíu og Timothy Williams.

Í umfjöllun um verk Arnaldar er aðalpersónan Erlendur kynnt til sögunnar og honum lýst sem þunglyndislegum og einmana manni sem sé þó afar fær í sínu starfi. Samneyti hans við annað fólk sé að mestu misheppnað og hann hafi aldrei jafnað sig á bróðurmissi í æsku. Myrkrið, erfið lífsskilyrði og mjög vont veður einkenni bækurnar og upplifunin sé í einu orði sagt stórkostleg. - hdm



**VEL METINN** Arnaldur Indriðason þykir einn af tíu bestu spennusagnahöfundum Evrópu í dag. Hann hefur selt um sjö milljónir eintaka af bókum sínum á heimsvísu. NORDICPHOTOS/GETTY

N1 KYNNIR Í SAMSTARFI VIÐ SENU



# EAGLES

NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI 9. JÚNÍ

MIÐASALA HEFST
**Í DAG KL. 11**

N1

MIÐASALA Á MIÐI.IS

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

NOVA


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ásdís fær au pair

Eftir langa og stranga leit hefur athafnakonan og fyrirsætan **Ásdís Rán** fundið au pair-stúlku til að hjálpa sér við heimilishaldið. Það mátti ekki tæpara standa því Ásdís er á leiðinni til Búlgaríu á næstunni að sinna viðskiptaerindum og á meðan mun Garðar Gunnlaugsson, eiginmaður Ásdísar, njóta aðstoðar stúlkunnar, sem mun einnig hugsa um börn hjónakornanna. Hjálpin virðist vera kærkomin þar sem Ásdís talar um að *þrælatímabilinu* sé loksins lokið.



### Bjúga í pylsubrauði

Það er kúnst að orða hlutina rétt. **Árni Johnsen** kann þá list betur en flestir. Og ekki á hann í vandræðum með líkingamál. Í þingsályktunartillögu hans um að úttekt verði gerð á öryggismálum Herjólfs er að finna gullna setningu. „Landeyjahöfn er hönnuð eins og pylsubrauð, fyrir ákveðna gerð skips og djúpristu sem er mun grynnri en Herjólfs. Eins og á stendur er alltaf verið að reyna að troða bjúga í pylsubrauðið.“ Þarna er öllu betur að orði komist en þegar Árni gagnrýndi það á þingi fyrir skemmstu að Herjólfur risti of djúpt fyrir Landeyjahöfn með orðunum: „Maður treður sér ekki í of stóra skó.“

- afb, sh



### Mest lesið VÍSIR

1. Reynt að lokka stelpur
2. Dýrin þjást líka í Japan – vildi ekki yfirgefa félaga sinn
3. Elti innbrotsþjóf með öxi og Rottweiler-tík
4. Áreitt kynferðislega í EVE Online
5. Ung kona fannst alvarlega slösuð og meðvitundarlaus













Kringlukast

molo — strigaskór 25% afsláttur

TICKET TO HEAVEN — 25% afsláttur af öllum vörum

bisgaard — 25% afsláttur af öllum vörum

ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201